



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Landamerkjabók Norður-Múlasýslu [1921-1979]

Sjeð 17/6 1929
Sv. Ingvarsson
Gissur Bergsteinsson
og 24/7 1944
K Linnet



Landamerki fyrir Viðvík í Skeggjastaðahreppi.

Að framan Stapá frá fjöru í Stapárvatn, frá Stapárvatni í Glæsiþúfu og þaðan í Hólmatnstá, þá skal taka beina línu út í innri enda á Mjóavatni og úr ytri enda Mjóavatns, þar sem Stapá hefur upptök sín skal taka beina línu út í kvíslamót áður nefndrar Stapár, þaðan ræður áin til sjávar.

Höfn, 1. ágúst 1922

Einar Jóhannesson

eigandi Viðvíkur

Guðjón Jósefsson

eigandi Strandhöfn

Þórarinn V. Magnússon

eigandi Hafnar og Steintúns.

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 11. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf.

Jörðin Höfn með hjáleigunni Steintúni liggjandi í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu á land úr Stapárósi og upp eftir ánni, þar til hún fer að kvísla sig, þá skal taka beina línu úr kvíslamótum og í Mjóavatn þar sem áður nefnd Stapá hefur upptök sín, þá úr innri enda Mjóavatns og beina línu í Vatnahrygg, austanvert við Hólmavatn, svo ofan með ytri enda á Hólmavatni og í efra Höltnárlón úr því og beint í Þorskhöfðakeldu í Kríutjarnarflóa, þaðan og í Hafnará, eftir henni þar til hún fellur í sjó út.

Jörðin og hjáleigan eiga allan reka fyrir sínu landi.

Eftirfylgjandi merkjaskipun er á milli jarðarinnar og hjáleigunnar. Steintún á land úr Stapárósi og uppeftir ánni til vörðu, sem stendur á melenda norðanvert við ána, þá skal taka beina línu úr vörðunni og innan við Ufsaflóa ofan yfir Vörðuás og innanvert við svokallaðar Dýabungur, sem eru norðan í ásnum, þá ofan, framan við Kríutjarnir og í vörðu er stendur á mel þar, og kölluð er Hvolpavarða, úr vörðunni beint stryk og ofan á Torfdalshrygg, þá út hrygginn til sjáfar.

Höfn 16. desember 1921

pr. Þórarinns V. Magnússonar

(jarðeiganda)

Þórarinn Valdemarsson

(fjárráðamaður)

Jón Hejgaard

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

eigendur Bakka

Einar Jóhannesson

eigandi Viðvíkur

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerkjabréf.

fyrir heimajörðinni Bakka í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu, eru sem hér greinir. Úr Hafnarárósi uppeftir ánni og í svokallaða Þorskhöfðakeldu í Kríutjarnarflóa, þaðan beint í efri Höltnárlón, svo uppeftir ánni og í Hólmavatn, einnig báða hólmana með, sem eru í vatninu, frá syðri enda Hólmavatns og í syðri enda Bakkanúps. Þaðan beint út í efri Höltnárlón, svo ofan ána að stórri klöpp, sem er í bakkanum að norðan. Þaðan út og yfir heiðarþúfuháls í stóran stein norðan í hálsinum, úr þessum steini og í stóran stein, sem stendur á svokölluðum Reiðhrygg og þaðan beint ofan í Gæsagilsá, svo út með ánni þar til hún fellur í Bakkaá, eftir henni í hornið fyrir utan Háabakkavað, þaðan beint í stóran stein á Merkitanga sem klofinn er úr honum beint í stærsta steininn í ánni út af Merkitanga, þaðan beint til sjáfar, hólmar þeir allir, er áin myndar fylgja löndum jarðanna eftir því sem megin árinna deilir löndum á hverjum tíma sem er.

Jörðin á allan reka fyrir sínu landi.

Bakka 15. desember 1921

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Jón Hejgaard

eigendur Bakka

Þórarinn Valdemarsson

samþykkur fyrir eiganda Hafnar

Ingvar Nikulásson prestur vegna Skeggjastaða

Sæbjörn Þórarinsson eigandi Nýjabæjar.

Guðjón Jósefsson Strandhöfn

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

á milli Bakka og Nýjabæjar, liggjandi í Skeggjastaðasókn í Norður-Múlasýslu, eru sem eftir fylgir: Úr stórum steini, sem er innarlega á svonefndum Reiðhrygg þaðan beint í annan stóran stein norðan í Heiðarþúfuhálsi, úr þeim steini inn og yfir og í stóra klöpp, sem er í bakkanum að norðanverðu á svokallaðri Höltná, svo inn með ánni úr því upp að efri Höltnárlónum, þaðan inn Bakkanúp að innri enda, úr endanum á núpum og í tangann á Miðheiðarvatni, úr þeim tanga og beint á Skálafjöll af vestasta Skálafjalli og í læk, sem rennur norðan undir því, eftir honum og í Gæsagilsá, eftir henni út að áðurnefndu merki á Reiðhrygg.

Nýjabæ 15. desember 1921

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Sæbjörn Þórarinsson

eigendur Nýjabæjar.

Samþykkt af Jóni Hejgaard

eiganda að ½ Bakka

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðina Dalshús og eyðijörðina Gæsagil í Skeggjastaðahreppi. (Hjáleigur Skeggjastaða).

Að utan og norðan er (er) merkjalínan milli Dalshúsa og Skeggjastaða frá svokölluðu Melshorni utan við Dalshúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan beina línu yfir Miðmundarfell og í Miðmundalækjarmót, upp með vestari læknum og í Dalshúsaá ofan við Efri Eyrar. Ræður svo Gæsagilsá eftir það alla leið út að áðurnefndu Melshorni og heitir hún Bakkaá yzt.

Landamerki Gæsagils eru þannig:

Úr Dalshúsaá á milli Efri- og Neðri-eyra yfir Sandhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá. Þessi merki eru að sunnan og vestanverðu, að utanverðu (Dalshúsamegin) eru þau úr Dalshúsaá rétt ofan við Miðmundarlækjarós í stóran stein í Norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.

Dalshúsum, 29. des. 1921

Gunnlaugur A. Jónsson (ábúandi Dalshúsa)

Ingvar Nikúlásson, prestur Skeggjastöðum

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjalyising

jarðanna Skeggjastaða með Götu: í Fellahreppi.

Að utan ræður sjónhending úr Marksteini við Lög niður á kletti utan við Arngríms hramm, yfir mitt Lýrittishraun í svonefndan Erlendsbotnslæk, þar sem hann fellur niður úr botninum, þaðan stefnuna í Miðvörðu á neðra Urðarhrauni og þá í svokallaðan Tjarnarmel út frá Melþúfu, hún er norðan við Melþúfuflóa, eftir það ræður þverstefna á Miðheiði yfir Svínárvatnsfót fremri.

Að framan ræður Teigará frá ósi við Lagarfljót í vörðu á Fosskletti, þaðan í Nónvörðu á Hústóftarhjalla, þaðan bein lína í slakkann á Selásnum þar sem Fitalækurinn fellur fram af honum, þaðan í miðja Fremriþúfu í vörðuna á Grjótufsarenda fremri, þaðan bein stefna í ytri Sandhól og síðan í vörðu á hálsinum austan við Hrafnsgerðiskíl, þaðan þversynis norður í heiði þar til vötnum hallar.

p.t. Skeggjastöðum 19. des. 1921

Ólafur Jónsson

Jón Hallgrímsson

Sæbjörn Hallgrímsson

Hólmfríður Jónsdóttir

Jarþrúður Einarsdóttir

Tomas Vensberg

eigendur Skeggjastaða

Puríður Hannesdóttir eigandi Hrafnsgerðis

Björn Jónsson

Steinunn Árnadóttir

eigendur Hofa.

Þinglesið á Meðalnesmanntalsþingi 24. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Skeggjastaða með hjáleigunum Dalhúsum og Gæsagili (eyðihjáleiga) í Skeggjastaðahreppi innan Norður Múlasýslu eru þannig:

Úr Merkilæk, þar sem hann fellur til sjávar og upp eftir honum, þar til hann myndast úr tveimur drögum, þaðan í vörðu er stendur á Melhól í svonefndum Merkiflóa, þaðan réttisýnis í aðra vörðu á svonefndum Fossahnúk og í sömu stefnu austan við Þorvaldsstaðarvatn í Staðará og upp með henni, svo langt fram, sem sambýður hálfu Kverkárdalsvatni, þaðan í læk þann, er rennur í Gæsagilsá norðan við vestasta Skálafjall, og eftir þeim læk í Gæsagilsá, ræður sú á síðan Bakkaá landamerkjum alt út að horninu utan við Háabakkavaðið, þó svo, að hólmar þeir allir, er áin (Bakkaá) myndar, fylgja löndum jarðanna eftir því, sem megin árinna deilir löndum á hverjum tíma sem er, úr nefndu horni beint í Merkistein á Merkitanga. Þaðan á stærsta markstein í Bakkaá beint til sjávar.

Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Dalhúsa er merkilínan: Úr horninu utan við Dalhúsaeyrar og í Hyrnu, þaðan beina línu í Miðmundafell og í Miðmundalækjarmót upp með vestari læknum og í Dalhúsaá ofan við Efríeyrar.

Milli heimajarðarinnar og hjáleigunnar Gæsagils eru merkin: Úr Dalhúsaá milli Efri- og Neðrieyra yfir Sauðhöfða um Staðarvatn og í Gæsagilsá og á milli hjáleiganna er merkilínan úr Dalhúsa rétt ofan við Miðmundalækjarós í stóran stein í norðasta ás, þaðan í vörðu á Miðás og beina línu áfram í Gæsagilsá.

Skeggjastaðir eiga allan viðreka milli Merkisteins og stærsta marksteins í Bakkaá til sjávar, og tvo þriðjunga hvalreka, en einn þriðjung á Skálholtskirkja.

Skeggjastöðum 28. des. 1921

Ingvar Nikulásson

Þórarinn Árnason, eigandi Þorvaldsstaða.

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Jón Hejgaard

eigendur Bakka.

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðina Þorvaldsstaði í Skeggjastaðahreppi í Norður Múlasýslu.

Að austan ræður Merkjalækur alt neðan frá sjó og þar til hann kemur í tveim kvíslum inni í svonefndum Merkjaflóa. Þaðan úr torfvörðu, er stendur neðst í tungu þeirri, er kvíslarnar mynda, beina línu í grjótvörðu, sem stendur á melhól nokkru innan í Merkjaflóanum. Úr vörðu þeirri sjónhending í grjótvörðu, er stendur á svonefndum Fossahnjúk. Þaðan sjónhending í Háuhæð austanvert við Þorvaldsstaðavatn. Ræður sú hæðarbrún unz hæðin endar inn við Staðará. Úr því ræður Staðará merkjum, þar til hún fellur austur af Urðarhlíð, innanvert við Urðartjörn.

Að norðan ræður Djúpilækur, neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þaðan bein stefna í Staðará, þar sem hún fellur austur af Urðarhlíð innanvert við Urðartjörn.

Viðar og hvalreka allan á jörðin úr Merkilækjarós að Djúpalækjarós.

Þorvaldsstöðum 12. des. 1921

Þórarinn Árnason, eigandi Þorvaldsstaða.

Einar Eiríksson, eigandi Djúpalækjar

Ingvar Nikulásson, prestur Skeggjastöðum.

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðina Djúpalæk í Skeggjastaðahreppi í Norður Múlasýslu.

Að austan ræður Djúpilækur alt neðan frá sjó og inn í Bláfellsdalsbotn. Þaðan er svo bein lína vestur í Sellæk.

Að norðan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík og beina stefnu í svonefnda Valgerðartóft, sem er á hávaðanum austan við Hölná. Þaðan beina stefnu inn í Stóru-steina á jarðbakkanum. Úr stóru-steinum norðvestur í Sellæk neðanvert við Litla kíl. Ræður Sellækur úr því inn á móts við Bláfellsdalsbotn.

Hval og viðarreka allan á jörðin austan frá Djúpalækjarós og að fyrgreindri vörðu austan við Arvík.

Einnig tilheyrir jörðinni hálf Hölná, neðan frá ós og inn þar er Sellækur fellur í hana.

Djúpalæk 12. des. 1921

Einar Eiríksson, eigandi Djúpalækjar

Þórarinn Árnason, eigandi Þorvaldsstaða

Eiríkur Jakobsson, eigandi Gunnarsstöðum

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðina Gunnarsstaði í Skeggjastaðahreppi í Norður Múlasýslu.

Að austan eru merkin úr vörðu, sem stendur á sjávarbakkanum rétt austan við Árvík, þaðan beina stefnu í svo nefnda Valgerðartóft, sem er á Hávaðanum austan við Hölkná, þaðan beina stefnu í stórusteina á jarðbakkanum. Úr stórusteinum norðvestur í Sellæk neðanvert við Litla-kíl. Úr því ræður Sellækjardrag og hágangsröð eystri, þaðan í eystra hágangshorn.

Allur reki heyrir jörðinni til frá vörðu að Hölknárós norðari.

Silungsveiði tilheyrir jörðinni að hálfu innan við Sellækjarós. Að vestan skiftir Hölkná frá fjalli til fjöru.

12. desember 1921

Eiríkur Jakobsson, eigandi að Gunnarsstöðum

Einar Eiríksson, eigandi Djúpalækjar

Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Jónas Pálsson eigandi að hálfum Miðfirði

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Miðfirði í Skeggjastaðahreppi í Norður Múlasýslu.

1. Miðfjarðará að Kistufellslækjarós. Kistufellslækur að vörðu, sem stendur á hól við lækinn og þaðan beina leið að Hölknárupptökum, síðan Hölkná til sjávar.
2. Allur reki frá Miðfjarðararós til Hölknáróss.

Miðfirði, 20. desember 1921

Jónas Pálsson eigandi

Þorbjörg Þorsteinsdóttir, eigandi

Þórarinn Árnason, eigandi að Miðfjarðarnesseli

Eiríkur Jakobsson, eigandi að Gunnarsstöðum

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir jörðinni Kverkártungu í Skeggjastaðahreppi innan Norður Múlasýslu eru þannig:

1. Miðfjarðará þar frá er Kverká rennur í hana til vörðu innan við Kistufellslægjarós. Þaðan úr vörðu beint í Heiðarvatn við Heiðarhól. Síðan ræður Kverká alla leið unz hún fellur í Miðfjarðará.

Kverkártungu, 20. des. 1921

Jónas Pálsson eigandi

Þórarinn Árnason eigandi að Miðfjarðarnesseli

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Lands og rekamerki

fyrir Miðfjarðarseli.

1. Úr skurðræsi í utanverðu Fjarðargili beint í klofastein á Dýjabrekku. Þaðan upp á Flagbrekku inn hana austan við Lómatjörn og beint á austurbrún á Stórasteinsöxl inn hana og inn austurbrún á hryggjum á hálsendahæð og fyrir austan hálsendatjarnir og ofaní Kverká í hálsendalækjum, eftir það skifta Kverká og Miðfjarðará í sjó.
2. Rekamerki eru frá Miðfjarðarárósi og út í Kvígulág.

Þórarinn Árnason eigandi að Miðfjarðarseli

Ágúst Stefánsson Miðfjarðarnesi
Gunnar Metúsalemsson
Jónas Pálsson (handsalað)
Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Lands- og rekamerki

fyrir Miðfjarðarnesi.

Saurbæjarmegin: Úr Hrauntangahorni, þar sem Sjónarpúfa og Álfhóll bera saman, beina línu á Tvísteinahæð og þaðan á norðari Krossbrekku, síðan inn háhálsinn og í Yzta-Krók í „Krókum“ sem kallaðir eru í Saurbæjará, ræður áin merkjum úr því, inn í svonefnt Saurbæjarvatn. Í vatnið rennur lækur, sem kallaður er Kíll og ræður hann merkjum inn að Benisteinsöxl, frá Benisteinsöxl beina línu í Reiðaraxlarvatn.

Selsmegin: Úr skurðræsi í utanverðu Fjarðargili beint í klofastein á Dýjabrekku, þaðan upp á Flagbrekku, inn hana austan við Lómatjörn og beint á austurbrún á Stórusteinsöxl, inn hana og inn austurbrún á bryggjum á Hálsendahæð og fyrir austan Hálsendatjarnir og ofan í Kverká í Hálsendalækjum. Eftir það skiftir Kverká inn að kvísl, sem rennur í hana úr áðurnefndu Reiðaraxlarvatni.

Rekamerki: Úr Kvígulág í áðurnefnd Hraunstangahorn.

Miðfjarðarnes, 15. des. 1921

Ágúst Stefánsson

Gunnar Metúsalemsson

Samþykkt

Jón Sigurðsson

Sigurður Árnason

Árni Árnason

Þórarinn Árnason

eigendur að Miðfjarðarnesseli.

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Lands- og rekamerki

fyrir Saurbæ

Miðfjarðarnesmegin: Úr Hrauntangahorni, þar sem Sjónarpúfa og Álfhóll bera saman beina línu á Tvísteinahæð og þaðan á norðari Krossbrekku, síðan inn háhálsinn og í Yzta Krók í „Krókum“ sem kallaðir eru í Saurbæjará; ræður áin merkjum úr því inn í svonefnt Saurbæjarvatn. Í vatnið rennur lækur, sem kallaður er „Kíll“ og ræður hann merkjum inn að Benisteinsöxl. Að norðanverðu Fellsmegin ræður Finnafjarðará frá ósi og það inn í svokallaða Finnstjörn og úr Finnstjörn beina línu á áðurnefnda Benisteinsöxl.

Rekamerki eru úr áðurnefndu Hrauntangahorni og að Finnafjarðarárósi.

Saurbæ 15. des. 1921

Jón Sigurðsson

Sigurður Árnason

Árni Árnason

Samþykkt

Oddur Gunnarsson

Ágúst Stefansson

Gunnar Metúsalemsson

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

jarðarinnar Fell í Skeggjastaðahreppi

Finnafjarðará ræður merkjum alla leið frá sjó og inn í svokallaðan Olboga utan við Hólmavötn, þaðan beina línu í norður og syðst á svonefndAN Þverfellshala; þaðan beina línu í útnorður út í mið Þverfell, þaðan sömu línu og á Tjaldhæð, síðan þaðan og í Þernuvatn, frá því í austur til Þrívörðubrekku, frá henni sömu línu og á miðjan Urðarfjallshnúk, þaðan og í Bjarghorn niður við sjó sunnan við Urðarfjalls möl.

Felli 20. desember 1921

Oddur Gunnarsson

Samþykkir:

Sigurður Árnason

Halldór Kristjánsson

Árni Árnason

Jón Sigurðsson

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

milli Smyrlafells og hjáleiganna Sóleyjarvalla og Halldórsstaða er þannig:

Frá Þernuvötnum beina línu í austur til Þrívörðubrekku frá henni sömu línu og á miðjan Urðarfjallshnúk. Þaðan á Bjarghorn niður við sjó sunnanvert við Urðarfjallsmöl. Landi hjáleiganna Sóleyjarvalla og Halldórsstaða er þegar lýst á þann kantinn, er veit að Smyrlafellslandi, en á hina hlið ræður Geysirófa merkjum alla leið neðan frá sjó og þangað norður, sem hún hefur upptök sín; þaðan í vörðu í Ytri Gunnlaugsárbotna, þaðan til suðurs og í Þernuvötn.

Með þessum landamerkjum voru mér seldar fyr nefndar hjáleigur 19. júní 1916.

Sóleyjarvöllum 20. desember 1921

Halldór Kristjánsson

Samþykkir:

Oddur Gunnarsson

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Eftirrit

Landamerki

jarðarinnar Gunnólfsvík í Skeggjastaðahreppi á Langanesströndum innan Norður-Múlasýslu.

Úr Fossdalsárgili niður við sjó beina línu í Sandhaug, þaðan í Brandsvörðu á Melrakkaás, þaðan í á þá er Geysirófa nefnist, þar er hún kemur úr nokkrum smátjörnum, ræður síðan nefnd á landamerkjum til þess er hún skamt frá sjó, kemur fram úr gilinu og beygir norður með, þaðan út með melshorninu og beint á milli vörðu uppi á melnum og annarar á malarbakkanum sunnan við ána og í sjó fram.

Gunnólfsvík 18. júlí 1887

Jón Gíslason (ábúandi)

Jón Halldórsson (oddviti)

V. Sigurðsson (pr. Sauðaneskirkju)

P. Hálfðánarson fullmektugur eigandi Gunnólfsvíkur

Baldvin Þorsteinn Metúsalemsson eigandi og ábúandi að parti úr Fagranesi.

Sigurbjörg Sigurðardóttir eigandi að ¼ parti.

Sigurður Jónsson (eigandi og ábúandi að parti úr Fagranesi).

St. Pétursson.

Þinglýst á Skeggjastaðamanntalsþingi 12. júlí 1888 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu, bls. 102-103.

Einar Thorlacius

Gunnólfsvík 14/12 1921

Frímánn Jónsson (eigandi 1/3 Gunnólfsvíkur)

Þorbergur Tómasson (ábúandi á 2/3 úr Gunnólfsvík)

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Eftirrit af „Skýrslu
um landamerki fyrir landeign Sauðaneskirkju og jarða þeirra, er undir hana liggja.“

A. Landamerki fyrir heimalandi prestssetursins Sauðaness.

Að norðaustanverðu ræður bein stefna frá steini á Lambanesi (v: Söðulsteini), sem flæðir og fjarar af, í Rifbeinskeldu og þaðan bein stefna í Margrétarkeldu, þar sem hún kemur í lónin, þaðan bein stefna í Stíflulæk, þar sem hann fellur í Stíflutjörn og þaðan í Beinöxl; þaðan ræður bein stefna í Melhól við Lónsá ^{skamt fyrir sunnan Lónssel}, þaðan ræður Lónsá til Sandgils; þaðan bein stefna vestur um þvera Lónsheiði rétt í Brandsvörðu, þá yfir þveran Vatnadal eftir þeim vörðum er þar standa og í vörðu í Ytri Gunnleifsárbotnum; þaðan réttsýnis vestur í vörðu á Háubökkum og þaðan til sjávar.

— — —

Ofanskráður útdráttur er orðrétt eftirrit af skýrslu síra Vigfúsar prófasts Sigurðssonar um landamerki fyrir heimalandi prestssetursins Sauðaness, er hún undirrituð af honum að Sauðanesi 14.d. nóvember 1883.

Vottar

Sauðanesi 28. okt. 1922

Þórður Oddgeirsson (sóknarprestur)

Þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922.



Landamerkjabréf

fyrir Böðvarsdal í Vopnafjarðarhreppi.

Landamerki á milli Böðvarsdals og Fagradals og Eyvindarstaða eru þessi: Gufa, og ræður hún frá sjó í Gufubotn, þaðan bein sýn í Heiðarhnúk og inn á Seldalsurðir, úr Seldalsurðum og inn á Lambadalsveg, þaðan norður í Böðvarsdalsá og ræður hún til sjávar.

Undirskrifað af hlutaðeigendum.

Böðvarsdal 7. júlí 1922

Runólfur Hannesson

Sveinn Jónsson Fagradal

Þorbjörg Jónatansdóttir Eyvindarstöðum.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðinni Vindfelli í Vopnafirði í Norður-Múlasýslu.

Lönd að Vindfellslandi eiga aðeins 2 jarðir, Eyvindarstaðir að utan og austan, og Krossavík að innan.

Milli Krossavíkur og Vindfells ræður merkjum Gljúfursá, alla leið úr Gljúfursárdalsbotni til sjávar. En milli Eyvindarstaða og Vindfells ræður merkjum að utan svo kallaður Miðgrjótgarður, sem liggur frá sjó fyrir utan Refstaðabás. Úr fyrnefndum grjótgarði beina línu austur, á hornmerki að utan og austan á Vindfellsfjalli. Þaðan svo inn urðir eftir miðju háfjalli (Vindfellsfjalli) alla leið inn að Krossavíkurlandi.

Vindfelli 2. ágúst 1922

Vegna Vindfells Ólafur Sæmundsson

Vegna Eyvindarstaða Þorbjörg Jónatansdóttir

Vegna Krossavíkur Jörgen Sigfússon.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Skjalþingsstaðir í Vopnafjarðarhreppi.

Að framan milli Skjalþingsstaða og Rauðhóla ráða Strákar á Strákatindi, þaðan bein lína í Markúsarheystæði í Lambhaga og þaðan beint í Hofsa, eins og hún rennur nú.

Að utan, milli Skjalþingsstaða og Syðri-Víkur, skal taka beina línu úr Einbúa á fjallsbrún, þannig að tveir hlutar landsstykkis þess, sem er á milli Litlu ár og Melalækjar, tilheyri Skjalþingsstöðum, en einn hluti þess Syðri-Vík og skal varða landamerki á því svæði. Frá Einbúa ræður bein lína í Hofsa, eins og hún rennur nú.

Skjalþingsstöðum 31. júlí 1922

Ingólfur Eyjólfsson (eigandi jarðarinnar Skjalþingsstaðir)

Stefán Valdimarss (eigandi jarðarinnar Vatnsdalsgerði)

Steindór Kristjánsson (eigandi jarðarinnar Syðri-Vík)

Stefán Stefánsson (eigandi jarðarinnar Rauðhólar)

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir jörðinni Rauðhólum í Vopnafjarðarhreppi.

Að framan: Úr röðinni fremst á Strákatindi utan við Öskjuna, þaðan í Selhryggjakverk fremst, þaðan beint í efsta Einbúa, úr efsta Einbúa í merkjavörðu á Votabergi, þaðan í Melshorn utan við Merkgil, þaðan í skurð, er vottar fyrir á nesinu og í Illukelduós og þaðan beint í Hofsa.

Að utan: Sjónhending úr Strákum á Strákatindi um ytra Heystæði niður á nesi, þaðan beint í Hofsa.

Rauðhólum 28. júlí 1922

Stefán Stefánsson eigandi jarðarinnar Rauðhóla

Stefán Valdimarsson eigandi jarðarinnar Vatnsdalsgerði

Björn V. Metúsalemsson eigandi (að parti) og ábúandi jarðarinnar Svínabakka

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Ingólfur Eyjólfsson (eigandi jarðarinnar Skjalþingsstaða)

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir jörðinni Svínabökkum í Vopnafjarðarhreppi.

Að framan: Selá ofan úr háfjöllum til ósa. Að ofan: háfjöllin. Að utan: Úr röðinni fremst á Strákatindi, utan við Öskjuna og í Selhryggjakverk fremst, þaðan beint á efsta Einbúa, úr honum í merkjavörðu á Votabergi, þaðan í melshorn utan við Merkigil, þaðan í fornan skurð, sem vottar fyrir á nesinu og í Illukelduós ytri, og þaðan beint í Hofsá. Að neðan: Hofsá.

Svínabökkum 28. júlí 1922

Björn V. Metúsalemsson eigandi (að parti) og ábúandi jarðarinnar

Stefán Stefánsson eigandi Rauðhóla

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Björn Pálsson eigandi Refsstaðar

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir jörðinni Refstað í Vopnafirði eru:

Að framan, milli Egilsstaða og Refsstaðar ræður Refsstaðakvísl ofan úr háfjöllum niður í Kvíslarkrók, þaðan beina línu í gamlan merkigarð niður undir Hofsárbökkum, þaðan beint í Hofsá.

Að neðan Hofsá, sú kvíslin, sem rennur í gamla farveginum, norðan við Hólmann.

Að utan, milli Svínabakka og Refsstaðar, ræður Selá alla leið austan úr háfjöllum, þar til hún fellur í Hofsá.

Að ofan: háfjöllin.

Refsstað 28. júlí 1922

Björn Pálsson eigandi og ábúandi jarðarinnar.

Bened. Gíslason í umboði eiganda jarðarinnar Egilsstaða.

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Björn V. Metusalemsson eigandi og ábúandi á Svínabökkum

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir jörðinni Egilsstöðum í Vopnafirði.

Að framan ræður Þverá ofan úr háfjöllum og niður í Hofsa.

Að utan ræður Refstaðakvísl ofan úr háfjöllum niður í Kvíslarkrók, þaðan beina línu í gamlan merkigarð niður undir Hofarárbökkum og þaðan beint í Hofsa.

Að neðan Hofsa.

Egilsstöðum 28. júlí 1922

Bened. Gíslason í umboði eiganda jarðarinnar Egilsstaða. Ábúandi Egilsstaða.

Björn Sigurðsson eigandi Hrappsstaða

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Björn Pálsson eigandi og ábúandi Refsstaðar

Helgi Fr. Magnússon eigandi Fells

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júlí [júní] 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Hrappsstaða í Vopnafirði.

Landamerki jarðarinnar Hrappsstaða í Vopnafirði eru svo sem hér segir:

Að utan ræður þverá ofan úr háfjöllum og niður í Hofsa. Þaðan ræður Hofsa í gamlan farveg Brunnár. Þá ræður þessi gamli farvegur Brunnár upp í Brunná, þar sem hún hefur yfirgefið hinn gamla farveg. Úr því ræður Brunná þangað til þverlækur fellur í hana, suðvestanvert við Tungufell; þá ræður þverlækur inn með Langahrygg í Steinku, þaðan í Beinavörðu og þaðan í Smjörfjöll.

Hrappsstöðum 1. ág. 1922

Björn Sigurðsson eigandi Hrappsstöðum

Ásbjörn Stefánsson eigandi Guðmundarstaða

Gísli S. Helgason eigandi Egilsstaða

Í umboði Hallgr. Gíslason eigandi Haga Gísli S. Helgason

Helgi Fr. Magnússon eigandi Fells

Vegna Borga fyrir hönd Vopnafjarðarhrepps Jakob Einarsson

Einar Helgason eigandi Gnýstaða

Jón Vilhjálmsson ábúandi Sunnudals

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Gnýstaða

Að utan milli jarðanna Gnýstaða og Borgar, sem nú er hreppseign.

Úr Sunnudalsá upp með Fossá alt upp í Smjörvatnalæk og með honum í Smjörvatn og úr Smjörvatni í Beinavörðu. Frá Beinavörðu inn miðja heiði og í Tröllkarl. Frá Tröllkarli niður með Sunnudalsá, eins og hún rennur.

Þess skal getið, að Sunnudalsá rennur eftir dalnum fyrir neðan Gnýstaðaland, eftir gljúfragili og breytist því farvegur hennar ekkert.

Þorbrandsstöðum 14. júlí 1922

Einar Helgason eigandi jarðarinnar

Björn Sigurðsson eigandi Hrappsstaða

F.h. Vopnafjarðarhrepps eiganda Borga Halldór Stefánsson – oddviti –

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Þorbrandsstaða

Að utan: Eftir gömlu merkigarðs garðlagi, (sem nú er vírgirt) yfir Miðdegisgil og upp á hálsenda, svo inn eftir hálsi eins og hæst liggur fram sanda, alt inn á móti Skjónugili. Þaðan þvert í Skjónugil, og úr Skjónugili í Merkigil og með Merkigili í Hofsá. Þaðan Hofsá að fyrgreindum merkigarði.

Þorbrandsstöðum 14. júlí 1922

Einar Helgason eigandi jarðarinnar

Metúsalem Einarsson, Metúsalem Metúsalemsson eigendur Bustarfells.

F.h. Vopnafjarðarhrepps eiganda Teigs Halldór Stefánsson – oddviti –

Jón Sigfússon Einarstöðum, eigandi

Einar Jónsson, Hofi

Jón Kristjánsson Hraunfelli, eigandi.

Jósep Hjálmarsson eigandi Síreksstöðum.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Felli í Vopnafjarðarhreppi.

Að utan ræður Miðlækur frá ós í vörðu á Miðlækjarbotnsbrún, þaðan sjónhending í vörðu á Flöguhrauni, þaðan í vörðu á Selfjalli eftir beinni línu og þaðan í Merkilág á Deildarfjalli, þaðan bein lína eftir gömlum garði í Miðdegishraun og frá Miðdegishrauni bein lína í Hofsá eftir sömu stefnu.

Að neðan ræður Hofsá.

Gert á Felli 31. júlí 1922

Helgi Fr. Magnússon eigandi Fells.

Björn Sigurðsson eigandi Hrappsstaða

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Gísli S. Helgason eigandi Egilsstaða

Sigurjón Hallgrímsson, Pétur Ólafsson eigendur Vakursstaða

Einar Jónsson (prestur Hofi).

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir Ásbrandsstaðalandi í Vopnafjarðarhreppi.

Milli Fells og Ásbrandsstaða, að framan Miðlækjarós í Hofsa, þaðan beint í vörðu á Miðlækjarbotnsbrún og beint norður í vörðu á Flöguhrauni. Milli Ásbrandsstaða og Ljósstaða úr vörðu á Flöguhrauni út hraun um Gildruhraun í vörðu á Valsstaðahrauni. Milli Ásbrandsstaða og Vatnsdalsgerðis úr vörðu á Valsstaðahrauni í vörðu á Valsstaðafjalli og þaðan beint niður í Hofsa móts við foss í Skjalþingsstaða á fyrir neðan skarð. að austan ræður Hofsa og ½ hvals og viðarreki í Vatnsdalsgerðis og Skála landi.

Gert á Ásbrandsstöðum 31. júlí 1922

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða.

Halldór Stefánsson eigandi Torfastaða

F.h. Vopnafjarðarhrepps, eiganda Skála Halldór Stefánsson – oddviti –

Björn Pálsson eigandi Refsstaða

Björn V. Metusalemsson eigandi ¼ Svínabakka.

Metúsalem Jósefsson eigandi ¾ Svínabakka.

Helgi Fr. Magnússon eigandi Fells.

Stefán Valdemarsson eigandi Vatnsdalsgerðis.

Gunnar H. Gunnarsson eigandi ½ Ljósstaða

Kristrún Kristjánsdóttir eigandi 1/3 Ljósstaða

Sigtryggur Jónasson eigandi 1/6 Ljósstaða

Bened. Gíslason ábúandi Egilsstöðum

F.h. Rauðhóla Sigurjón Stefánsson

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Vatnsdalsgerði í Vopnafirði.

1. Á milli Vatnsdalsgerðis og Ásbrandsstaða: Bein lína af Háhraunum um vörðu á Valsstaðafjalli að Hofsá og stefnir lína sú framlengd í foss í Skjalþingsstaðaá, neðan við skarðið.
2. Á milli Vatnsdalsgerðis og Skála: Bein lína þvert á Hraunin úr Sandvík utanverðri í línu þá á Háhraunum, sem skiftir löndum við Norður-Skálanes.
3. Á milli Vatnsdalsgerðis og Torfastaða og Norður-Skálaness: Lína um Háhraun á milli framangreindra merkja undir 1. og 2. tölulið.

Reki fylgir eftir því sem áður hefur verið milli Vatnsdalsgerðis og Ásbrandsstaða, Skála og Syðri víkur.

29. júlí 1922

Stefán Valdimarsson eigandi Vatnsdalsgerðis.

Halldór Stefánsson eigandi Torfastaða

F.h. Vopnafjarðarhrepps, eig. N.Skálaness og Skála Halldór Stefánsson – oddviti.

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða

Ingólfur Eyjólfsson eigandi Skjalþingsstaða (handsalað)

Stefán Stefánsson eigandi jarðarinnar Rauðhóla.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

fyrir Skála - landi í Vopnafjarðarhreppi.

1. Á milli Austur Skálaness: Háudrangar við sjóinn, þaðan bein lína upp á Hraun að merkjum N.-Skálaness.
2. Milli Norður-Skálaness: Lína um Há-hraun.
3. Milli Vatnsdalsgerðis: Frá sjó úr utanverðri Sandvík á Þaukollufjall utan við Slakkann, þaðan bein lína í sömu stefnu að takmörkum Norður-Skálaness.
4. ¼ reki á sameiginlegum rekafjörum fyrir Skála og Vatnsdalsgerðislandi.

Vopnafirði 2. ágúst 1922

F.h. Vopnafjarðarhrepps, eiganda Skála, Norður- og Austur-Skálaness

Halldór Stefánsson – oddviti.

Stefán Valdimarsson eigandi Vatnsdalsgerðis.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Leiðarhöfn í Vopnafirði

1. Á milli (Lh.) og Austur-Skálaness: Frá „Þúfukambi“ við sjó fram dregst bein lína upp „Tangann“ þannig að hún mæti í rétt horn línu, sem dregin sé frá svonefndri Melöldu norðan á Fagrafjalli í Leiðarhafnarlandi til horns þess á Búðaröxl, sem veit að Náttmáladal og heyrir þá Austur-Skálanesi til sneið af svonefndum Hestamýrum.
2. Á milli (Lh.) og Norður-Skálaness: Frá nýnefndu rétthorni bein lína á svonefnda Melöldu norðan á Fagrafjalli, þaðan í Merkikamb.

Vopnafirði 2. ágúst 1922

Árni Jónsson eigandi $\frac{3}{4}$ úr Leiðarhöfn

Albert F. Nielsen eigandi $\frac{1}{4}$ úr Leiðarhöfn

F.h. Vopnafjarðarhrepps, eiganda N.- og A.-Skálaness Halldór Stefánsson – oddviti.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Norður-Skálanes í Vopnafirði.

1. Á milli N.Skálanes og Skóga: Áarkvísl (Skógakvísl) sem fellur úr Vesturdalsá austanvert við Skógahólma út í Lónin.
2. Á milli N. Skálanes og Torfastaða: Vesturdalsá frá Skógakvísl í svokallaðan Svartabakka við ána gegnt bæ á Torfastöðum. Þaðan bein lína þvert á Hálsinn úr ytri grafningi í Svartabakka í vörðu á Skalladalshrauni á Háhraunum og eru merktir stafirnir L.M. í klöpp hjá vörðunni.
3. Á milli N.Skálanes og Vatnsdalsgerðis: Lína um Háhraun frá nefndri vörðu á Skalladalshrauni.
4. Á milli Skála og Austur-Skálanes og Leiðarhafnar: Framlenging nýnefndrar línu til horns þess á Búðaröxl, sem veit að Náttmáladal, þaðan bein lína í Melöldu norðan á Fagrafjalli í Leiðarhafnarlandi, þaðan í Merkikamb.

Vopnafirði 29. júlí 1922

F.h. Vopnafjarðarhrepps Halldór Stefánsson

Árni Jónsson eigandi $\frac{3}{4}$ hluta Leiðarhafnar

Albert F. Nielsen eigandi $\frac{1}{4}$ úr Leiðarhöfn

Jón Jónsson eigandi Skóga

Stefán Valdemarsson eigandi Vatnsdalsgerðis.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

Búastaða í Vopnafirði eru þau er hér greinir:

Vesturdalsá ræður að norðan að Oddsgili og Oddsgil að vestan að krók sunnanvert við Oddgilssteina; þaðan út á háhálsinn, eftir því sem vötnum hallar, á brekkubrún, útnorður af Háupúfu og þaðan beina stefnu á vörðu á Selfjalli, þaðan beina línu í vörðu við Miðklauf og síðan sjónhending í Vesturdalsá.

Svo er alt land innan nefndra takmarka eign Búastaða.

Búastöðum 20. júlí 1922

Þorgrímur Jónatansson eigandi Búastaða

Einar Jónsson (prestur á Hofi)

Víglundur Helgason eigandi Hauksstaða

Sigurður Þorsteinsson eigandi Fremri Hlíðar

Sigurjón Hallgrímsson, Pétur Ólafsson eigendur Vakursstaða.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Kálffells eru þau, er hér greinir:

Frá vörðu sunnan undir Kálffelli í Kvosarkílsós, þar sem hann fellur í Skeljungsa, og ræður hún út í Arnarvatn. Svo eftir nefndu vatni í ós þann, er úr því rennur, sem eru upptök að Vesturdalsá og ræður hún merkjum út að Miðfiskilækjarós. Skriftir nefndur lækur löndum milli Kálffells og Hauksstaða upp í stærsta bug, úr nefndum bug í vörðu á fjallsbrún. Þaðan sjónhending um Pittalækjabungu í þá upphaflega nefndu vörðu sunnan undir Kálffelli.

Fremri Hlíð 20. júní 1922

Sigurður Þorsteinsson eigandi Kálffells

Gestur Sigurðsson eigandi Foss

Víglundur Helgason eigandi Hauksstaða

Þórarinn Ketilsson eigandi Arnarvatns

Metúsalem Einarsson eigandi Brúnahvamms.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Arnarvatns eru þau, er hér segir:

Frá Vesturdalsá ræður Desjarmýrarlækur að upptökum, þaðan beina línu norðan við Hlíðarfell yfir Sandhæð að Selá. Síðan ræður Selá alt inn í Selárbotna, sem liggja austur úr Grímsstaðadal, og úr Selárbotnum yfir Grjóturðarkambinn, beina stefnu ofan í Skeljungskvos, þar sem Skeljungsá hefur upptök sín, og fellur hún milli Arnarvatns og Brúnahvammslanda. og skiftir þeim eftir farveg árinna alla leið út í Arnarvatn, svo eftir nefndu vatni í ós þann er úr því rennur og sem eru upptök að Vesturdalsá og þaðan til lands og vatns eins og áin ræður að þeim upphaflega nefndum Desjarmýrarlæk.

Svo er alt land innan þessara takmarka eign Arnarvatns.

Í desember 1921

Þórarinn Ketilsson eigandi Arnarvatns.

M. Einarsson eigandi Brúnahvamms.

Jón A. Stefánsson Möðrudal.

Víglundur Helgason eigandi Hauksstaða

Sigurður Þorsteinsson eigandi Kálffells

Steindór Jóhannesson fyrir hönd eiganda Grímsstaða og Víðidals. Samkv. meðfylgjandi símskeyti (sbr. hinsvegar ritað símskeyti)

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

milli Hauksstaða og Rjúpnafells eru þessi, sem hér greinir:

Frá gamalli markvörðu, sem stendur norðan við Vesturdalsá og þaðan upp til Fellsbrúna eftir settum vörðum af hlutaðeigendum vorið 1884 og svo frá nefndri Fellsbrún í næstu vörðu norðanvið fellid, þaðan beint yfir Flóasundin og beina stefnu í Grasalækjarós, sem fellur í Selá. Þaðan ræður Selá inn á móts við Sandhæð. Frá nefndri Sandhæð beina línu norðan við Hlíðarfell í upptök Desjarmýrarlæks, síðan ræður nefndur lækur merkjum milli Hauksstaða og Arnarvatns í Vesturdalsá. Frá Desjarmýrarlæk ræður Vesturdalsá út að svonefndum Miðfiskilæk, ræður sá lækur merkjum milli Hauksstaða og Kálffells upp til fjallsbrúnar, og er sett markvarða á fjallsbrúnina, úr nefndri vörðu beina stefnu í Fiskivötn. Þaðan beint út fjallið móts við Bustarfellsland og í næsta markvörðumel og þaðan út drögin, sem liggja út í kílinn, sem rennur eftir Urðarfjallinu alla leið út í Nykurvatn og skiftir það löndum milli Bustarfells og Hauksstaða. Úr norðari Sandvík á nefndu vatni beina stefnu í mel yzt á háfjallinu, sunnan við Urðarfjallshnaus, og skal þar sett markvarða, þaðan beint út sunnan við Sandfell í Oddsgil beina stefnu í Marksteina, svo ræður Oddsgil ofan í Vesturdalsá, og svo fram með ánni inn á móts við þá upphaflega tilgreindu Markvörðu milli Hauksstaða og Rjúpnafells.

Svo er alt land innan þessara tilnefndu takmarka eign Hauksstaða.

Í desember 1921.

Víglundur Helgason eigandi Hauksstaða.

Jakob Einarsson vegna Teigs (oddviti Vopnafjarðarhrepps)

Gunnar H. Gunnarsson, hreppsstjóri umráðamaður Rjúpnafells.

Þórarinn Ketilsson eigandi Arnarvatns.

M. Einarsson eigandi Bustarfells

Sigurður Þorsteinsson eigandi Kálffells

Þorgrímur Jónatansson eigandi Búastaða

Steindór Jóhannesson fyrir hönd eiganda Grímsstaða samkvæmt meðfylgjandi símskeyti

Jörgen Sigfússon eigandi Búastaðatungu (Selárvalla) og Hamars (Sbr. neðanritað

símskeyti)

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.

Símskeyti frá Grímsstöðum.

Steindór Jóhannesson. Vopnaf.

Við undirritaðir eigendur Grímsstaða og Víðidals felum þér hér með undirskrifa fyrir okkar hönd landamerkjabréf Hauksstaða og Arnarvatns í Vopnafirði.

Sigurður Kristjánsson. Kjartan Kristjánsson. Halldóra Sigurðardóttir.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.



Landamerkjabréf

Jarðarinnar Fremri-Hlíðar í Vopnafjarðarhreppi

1. Að vestan frá Vestradalsá eftir svonefndri Merkilág í Stóragil, þaðan sjónhending í vörðu á Viðfelli, frá henni beina stefnu að Selá, þar sem lækur fellur í hana að norðan, niður frá bænum Ytra-Hamri.
2. Að norðan ræður Selá að Hvannalækjarós.
3. Að austan Hvannalækur að vörðu á Hálsmúla, frá henni beint í upptök Litlár og ræður hún síðan niður að Vestradalsá
4. Að sunnan ræður Vestradalsá frá Litlárós að Merkilág.

Fremri-Hlíð 31. júlí 1922

Sigurður Þorsteinsson eigandi Fremri-Hlíðar

Gunnar H. Gunnarsson umboðsmaður Rjúpnafells

Sigurjón Hallgrímsson eigandi Ytri-Hlíðar

Þorgrímur Jónatansson eigandi Búastaða.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

Jarðarinnar Ytri-Hlíðar í Vopnafjarðarhreppi.

1. Að vestan ræður Litlá frá Vesturdalsá að upptökum, þaðan beint í vörðu á Hálsmúla, frá henni í Hvammalæk og ræður hann í Selá.
2. Að norðan ræður Selá í Afréttarhvamm.
3. Að austan úr Afréttarhvammi og beint í lág í Grasahrygg, þaðan beint í Merkibotna, þá ræður Merkgil í hálsinum, og þaðan beina línu í vörðu við Vesturdalsá.
4. Að sunnan ræður Vesturdalsá frá áðurnefndri vörðu við Litlárós.

Gert í Ytri-Hlíð 31. júlí 1922

Eigandi Ytri-Hlíðar Sigurjón Hallgrímsson.

Pétur Ólafsson, eigandi $\frac{2}{3}$ úr Vakurstöðum.

Sigurður Þorsteinsson eigandi Fremri-Hlíðar

Kristján Benedikt Stefánsson eigandi Þorvaldsstaða

Þorgrímur Jónatansson eigandi Búastaða.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Jarðarinnar Vakursstaðir í Vopnafjarðarhreppi

1. Að vestan Afréttarhvammur við Selá, frá honum beint í lág á Grasahrygg, þaðan beina línu í Merkibotn, þá ræður Merkgil í hálsinum og þaðan beina línu í vörðu við Vesturdalsá austan megin Vesturdalsáar frá vörðu og í vörðu við Miðklauf, frá henni beint í vörðu á Selfjalli.
2. Að sunnan frá vörðu á Selfjalli eftir Fellsás í vörðu í Fluguhrauni.
3. Að austan frá vörðu á Fluguhrauni í Stakhólslæg og ræður hann í Vesturdalsá, norðan Vesturdalsáar ræður Hvammslægur svo langt sem hann nær til fjalls, þaðan beint í lág á ásnum beint frá henni í Torfvörðu á Hólöldu, frá henni beina línu í Dimmagil.
4. Að norðan ræður Selá í Afréttarhvamm

Gert á Vakurstöðum 31. júlí 1922

Sigurjón Hallgrímsson. Pétur Ólafsson eigendur Vakurstaða.

Sesselja Guðmundsdóttir. Árni Árnason eigendur Lýtingsstaða

Gunnar H. Gunnarsson eigandi ½ Ljótsstaða

Sigtryggur Jónasson eigandi 1/6 Ljótsstaða

Kristrún Kristjánsdóttir eigandi 1/3 Ljótsstaða

Kristján Benedikt Stefánsson eigandi Þorvaldsstaða

Þorgrímur Jónatansson eigandi Búastaða.

Helgi Fr. Magnússon eigandi Fells.

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Ljósstaða í Vopnafjarðarhreppi. Norður-Múlasýslu.

1. Að utan Grenishæð á Núpum. Þaðan bein lína í Pyttahlíðarholt, þaðan bein lína í Þrætulág, þá ræður Ytri lækur í Vesturdalsá. Austan ár ræður bein lína úr Kýlabugum miðjum í Þórðarvatnsfót ytri, þaðan beina línu í Gildruhraun.
2. Að austan úr Gildruhrauni eftir hraununum í vörðu á Flöguhraun.
3. Að framan úr vörðu Flöguhrauni í Stakhólslæg og ræður hann í Vesturdalsá; norðan Vesturdalsár ræður Hvammslægur, svo langt sem hann nær til fjalls, þaðan beint í lág á ásnum og úr henni í vörðu á Hólaöldu (Torfvörðu)
4. Að norðan úr nefndri Torfvörðu út Hólöldu í Þrívörðuhól og þaðan í Kerlingarhól þaðan í fyrst nefnda Grenishæð.

Gert á Ljósstöðum 31. júlí 1922.

Sigurjón Hallgrímsson. Pétur Ólafsson eigendur Vakurstaða

Sesselja Guðmundsdóttir eigandi ½ Lýtingsstaða.

Árni Árnason eigandi ½ Lýtingsstaða

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða.

Gunnar H. Gunnarsson eigandi ½ Ljósstaða

Sigtryggur Jónasson eigandi 1/6 Ljósstaða

Halldór Stefánsson eigandi Torfastaða

Kristrún Kristjánsdóttir eigandi 1/3 Ljósstaða

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Torfastaðir í Vopnafirði.

1. Á milli Torfastaða og Skóga: Vesturdalsá fyrir Skógahólma. Háupúfulækur (Litlilækur) það sem hann nær, þaðan bein lína í vörðu á Núp, þar sem hann er hæstur.
2. Á milli Torfastaða og Lýtingsstaða: Núpur frá nefndri merkivörðu eftir því sem vötnum hallar í Grenishæð.
3. Á milli Torfastaða og Ljótsstaða: Bein lína úr Grenishæð í Pyttahlíðarholt, þaðan bein lína í Þrætulág, þaðan í Ytrilæk og ræður hann í Vesturdalsá. Austan Vesturdalsár ræður bein lína úr Kílabugum miðjum í Þórðarvatnsfót ytri, þaðan bein lína í Gildruhraun.
4. Á milli Torfastaða og Ásbrandsstaða og Vatnsdalsgerðis ræður lína úr Gildruhrauni út Háhraun í Skolladalshraun.
5. Á milli Torfastaða og Norður-Skálanness ræður bein lína úr vörðu á Skolladalshrauni á Háhraunum – og eru merktir stafirnir L.M. á klöpp við vörðuna – þvert niður hálsinn í ytri grafning, sem liggur frá hálsinum niður um svokallaðan Svartabakka við Vesturdalsá gegnt bæ á Torfastöðum, þaðan ræður Vesturdalsá að Skógakvísl þar sem byrja merki á milli Torfastaða og Skóga (sbr. 1 gr.). Sé dregin lína úr bæjarlækjargili í melunum utan og ofanvert við Torfastaðabæ fremst á há-Syðrivíkurfjall utan við Skjalpingsstaðaskarð, fellur sú lína saman við merkin úr Skolladalshrauni í Svartabakka.

29. júlí 1922.

Halldór Stefánsson eigandi Torfastaða

Stefán Valdemarsson eigandi Vatnsdalsgerðis

Jón Jónsson eigandi Skóga

Guðmundur Kristjánsson eigandi Ásbrandsstaða.

Sesselja Guðmundsdóttir. Árni Árnason eigendur Lýtingsstaða

Krístúrún Krístjánasdóttir eigandi $\frac{1}{3}$ Ljótsstaða

Gunnar H. Gunnarsson eigandi $\frac{1}{2}$ Ljótsstaða

Sigtryggur Jónasson eigandi $\frac{1}{6}$ Ljótsstaða

Þinglesið á Vopnafjarðarmanntalsþingi 15. júní 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Skóga í Vopnafirði.

Að austan ræður svokölluð Áarkvísl, sem fellur úr Vesturdalsá út í Lónin austan við Skógahólma, milli Skóga og Norður-Skálaness.

Vesturdalsá fyrir Skógahólma. Háupúfulækur (Litlilækur) það sem hann nær. Þaðan bein lína í vörðu á Núp, þar sem hann er hæstur milli Torfastaða og Skóga.

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Blöndugerðislandi í Tunguhreppi.

Að norðan ræður Jökulsá.

Milli Gils og Blöndugerðis: Úr Grásteini, er stendur á Jökulsárþakka, þaðan í vörðu á há-hálsi, þá í vörðu norðan við Dimmadal, þaðan í stein á há-heiðarenda.

Milli Stórabakka og Blöndugerðis ræður Blanda á móts við vörðu í hamraendum, þaðan í vörðu í Finnbogahrauni þaðan í ytri enda á Tíkartjörn.

Milli Fremrasels og Blöndugerðis úr ytri enda á Tíkartjörn beint austur í vörðu norðan við Sprekahlíð, þaðan í vörðu norðan við Dimmadal þá í stein á há-heiðarenda.

Blöndugerði 26. nóvember 1921

Árni Árnason eigandi Blöndugerðis

Benedikt Kröyer eigandi Stórabakka.

Þorvarður Pétursson eigandi Fremrasels

Jón Jónsson oddviti Jökuldalshrepps.

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

milli Nefbjarnarstaða og Gunnhildargerðis í Hróarstungu.

Úr Lagarfljóti utanvert á svonefndum Nasalækjartanga og beina línu eftir gömlum merkigarði upp í Illukelduholt og þaðan í vörðu á austara Hrutahrauni. Síðan úr þeirri vörðu inn og vestur á Sjónarhraun og svo þaðan beina stefnu í stein sunnanvert við svonefndri Merkilág.

Að því er snertir önnur landamerki þessara jarða vísast til áður þinglesinna landamerkja að fornu.

Nefbjarnarstöðum og Gunnhildargerði 24. nóv. 1921

Halldór Jónsson ábúandi

Eiríkur Sigmundsson (eigandi Gunnhildargerðis)

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

Kirkjubæjar.

Að austan ræður Lagarfljót.

Að sunnan (framan) ræður stefna úr fljótinu skamt fyrir innan fossinn eftir gömlum garði vestur fyrir utan hamarinn: Valsunga, uppi yfir Dagmálaás og Hádegisblá (vottar þar fyrir gömlu garðlagi.) Þá upp fyrir framan foss í Búðarlæk eftir sömu stefnu og þá í Búðarlæk. Úr því ræður Búðarlækur inn í Búðarvatn og vatnið þá um stund uns kemur móts við torfvörðu, sem verður hlaðin vestanvert við Búðarvatn. Þaðan bein stefna á garð, sem mótar fyrir upp blána og liggur upp undir og yfir ásinn utarlega við Mjóavatn. Þar á ásnnum verður varða hlaðin; þaðan tekin bein stefna eftir áður töldum mörkum og yfir Mjóavatn; þaðan frá vatninu tekin bein stefna í landamerkjavörðu fyrir miðjum Þórisvatnsfæti.

Að vestan ræður Þórisvatn. Úr vestanverðu Þórisvatni utarlega ræður stefna eftir gömlum garði vestur í Stakkáshala vestan við Fiskidal; þá bein stefna úr Stakkáshala út í Fiskilæk, en þá Fiskilækur og Gljúfravatn.

Að norðan (utan) ræður stefna úr Lækjarás út úr Gljúfravatni austur í yzta horn Hesthamars og þaðan beint í klett þann er stendur í miðju Vetrarsundi; þaðan ofan yfir svonefnda Hesta og þá eftir gömlum garði yfir Flutningsmýri beint í Lagarfljót.

Kirkjubæ 16. júní 1923

Sigurjón Jónsson sóknarprestur

Ofanrituðum landamerkjum Kirkjubæjar erum vér undirritaðir menn samþykkir:

Vegna Hallfreðarstaða eftir umboði Einars prófasts Jónssonar á Hofi

Jón Sigfússon Hallfreðarstaðahjáleigu

Vegna Gunnhildargerðis: Eiríkur Sigmundsson

Vegna Galtastaða ytri: Sigfús Magnússon

Vegna Brekku og ¼ Litla-Steinsvaðs: Björn Hallsson – eftir umboði –

Vegna Nefbjarnarstaða: Halldór Jónsson (handsalað)

Vegna Hræreklæks: Oddur Hallsson

Guðm. Þorfinnsson vegna ¼ Litla-Steinsvaðs.

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 20. júlí 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Brekku og Brekkusels.

Að norðan eða utan, sem kallað er oft, ræður forn torfgarður, sem sér móta fyrir nokkuð niður í mýrina meðfram Búðarvatni vestanverðu, ræður stefna garðsins merkjum í vatnið og verður hún vestanvert við klettahlein, sem er í Búðarás út og austur af vatninu og kemur línán þá sunnan við hólmann í vatninu. Móta sést fyrir garði þessum norð-vestur yfir ásinn í tæftur við Mjóavatn, sem heita Ekra. Úr Ekrinni liggja merkin yfir Mjóavatnsfót í vörðutippi á kletti norðan við vatnið. Þaðan bein lína í vörðu fyrir miðjum Þórisvatnafæti, þaðan í vörðu á miðri Bringukollsöxl. Þaðan bein stefna á Vegöxlina innan við Þjóðveginn; þaðan um miðjar Brekkuaxlir og í Grímsstein – stórt bjarg í Grímssteinsbotnum – þaðan bein stefna á Pálsvörðu, er stendur á klöpp fyrir austan Hallfreðarstaðalæk, þaðan bein stefna í miðjan Ærhamar.

Úr ~~miðjum~~ Ærhamri utarlega liggja mörkin þvert austur, skamt fyrir framan Árnatóftir og í klett fyrir neðan Mjóadal, þaðan út Sauðahraun í Merkjaþúfu svo kallaða, þá beina stefnu í Búrhraun, þaðan beint í Lúsastein. Þaðan í Sjónarhraun og þaðan í fremsta Brekkulækjarbug. Eftir það ræður lækurinn ofan fyrir ásinn og alla leið niður í Búðarvatn eftir gamla farvegi lækjarins, en ekki þeim farvegi, sem búinn hefir verið til með skurði. Þaðan ræður svo Búðarvatn að austan þar til kemur á móti garðsbroti því, sem merkjum ræður að norðan.

Brekku 13. júlí 1921

Fyrir hönd umboðsmanns Björn Hallsson

Vegna Kirkjubæjar Sigurjón Jónsson

Ásmundur Þórarinsson eigandi Kleppjárnsstaða

Vegna Vífilsstaða Páll Hermannsson

Þórarinn Pétursson eigandi Fremrasels

Sveinn Bjarnason eigandi Heykollsstaða

Vegna Galtastaða: Sigurður Þorkelsson

Vegna Brekku: Þórarinn Ásmundsson

Vegna Heiðarsels: Gunnlaugur E.B. Oddsen

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Kleppjárnsstöðum í Tunguhreppi

Að norðan: Úr Lúsasteini beina leið út í Sjónarhraun, þaðan í fremsta Brekkulækjarkrók, eftir það ræður Brekkulækur í Búðarvatn, þ.e. gamli lækjarfarvegurinn í Fetanum en ekki skurðurinn, sem honum er veitt í.

Að utan ræður Búðarvatn austur í kelduna á suðurbakka þess og svo úr keldunni yzt í kringlunni í garð, sem liggur austur yfir Búðarás beina línu í vörðutyppi á Litluhlíð.

Að austan: Úr vörðunni á Litluhlíð í miðja keldu utanvert við Álftavatn, eftir það ræður Álftavatn inn í mörk.

Að framan: Úr Álftavatni í typpi, sem er á miðju Álftavatnsholti og þaðan beint í vörðu utantil á Reiðhól, þaðan síðan í stein í Bjargsuppgöngu og þaðan beina línu í Lúsastein.

Kleppjárnsstöðum 11. nóv. 1921

Ásmundur Þórarinnsson (eigandi jarðarinnar)

Vegna Litla Steinsvaðs Guðm. Þorfinnsson

Björn Hallsson (vegna Brekku)

Þórarinn Ásmundsson

Vegna Galtast. fram: Sigurður Þorkelsson.

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Galtastöðum fremri.

Að norðan (utan) liggja merkin frá Álftavatni um vörðu á Álftavatnsholti. Þaðan í vörðu yzt á Reiðhól, þaðan í stein utan við Uppgöngu yzt í Bjarginu; þaðan í Lúsastein, þaðan í há-Búrhraun. Úr Búrhrauni inn há-Búrhrauns háls í Merkiþúfu utan við Sauðahraun. Þaðan austur um vörðu utan við dæld framan á há-Þrívörðuhálsi beina línu í vörðu á allstórum steini í Selhlíð, þaðan í reyniviðarhríslu austan í Hagahlíðarenda nyrðri. Þaðan liggja merkin yfir Galtastaðablá í merkjagarð, sem sést móta fyrir frá Lagarfljóti í blána og ræður merkjum milli Straums og Heykollsstaða.

Að austan liggja svo merkin frá garði þessum beint í keldu, sem fellur í Brunavatn að suðvestan, þaðan beint í nyrðri Brunavatnsfót. Þaðan beina línu um stein austan í Þverklettum austan á tanga við Galtastaðalæk, stutt fyrir ofan vaðið. Verður þar varða hlaðin. Svo ræður lækurinn þar til hann fellur í Álftavatn. Ræður svo vatnið merkjum, þar til komið er á móti áðurnefndu Álftavatnsholti eða vörðu á því.

P.t. Galtastöðum 26. nóv. 1921

Vegna Brekku og Brekkusels Björn Hallsson – eftir umboði –

Sveinn Bjarnason (eigandi Heykollsstaða)

Vegna Galtastaða: Sigurður Þorkelsson

Vegna Kleppjárnsstaða: Ásmundur Þórarinsson

Vegn Straums: Tómas Vensberg.

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Litla Steinsvaðs í Tunguhreppi.

Að suðvestan, eða framan sem kallað er, ræður forn torfgarður alla leið frá Lagarfljóti í Álftavatn og eru þar landamerki milli Straums og Steinsvaðs. Þaðan ræður Álftavatn að vestan í keldu sem í það fellur, að norðan eða utan ræður svo keldan í svokallaða Slitru, þaðan beina stefnu úr keldunni, sem fellur úr Slitrinni í vatnið í vörðubrot fremst í Litlu-Hlíð. Þaðan ræður garðbrot fornt yfir Búðaás í keldu í Kringlunni; ræður svo kelda þessi í Búðavatn. Þaðan er svo bein stefna í Búðalæk, þar sem hann fellur úr vatninu. ^{Eftir það ræður} Búðalækur ofan fyrir fossa í Bringunum. Þaðan ræður svo mörkum að norðan forn torfgarður alla leið í Lagarfljót.

Að austan ræður svo Lagarfljót alla leið á móti torfgarði þeim, sem mörkum ræður á milli Straums og Steinsvaðs.

Við undirrituð erum samþykkt framanskráðum landamerkjum.

Eigendur Litla Steinsvaðs Björn Hallsson, Guðm. Þorfinnsson, Þórunn Hallsdóttir

Tómas Vensberg vegna Straums

Vegna Kirkjubæjar Sigurjón Jónsson

Ásmundur Þórarinnsson vegna Kleppjárnsstaða.

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Straums í Tunguhreppi.

Að norðan (utan) ræður forn torfgarður frá Lagarfljóti í svokallað Álftavatn. Þaðan liggja mörkin beina stefnu á skakk yfir vatnið í Galtastaðalækjarós. Þaðan ræður lækurinn upp í moldarbakka dálítið fyrir ofan vaðið á læknum. Verður þar varða hlaðin. Þaðan tekin bein stefna á stein austan á Þverklettum og beint í nyrðri Brunavatnsfót. Þaðan beina stefnu í keldu, sem fellur í vatnið að suðvestan, þaðan í landamerkjagarð, sem liggur frá Lagarfljóti í Galtastaðablá.

Að sunnan ræður forn torfgarður, sem liggur frá Lagarfljóti alla leið upp í Galtastaðablá, eins og áður um getur.

Að austan ræður Lagarfljót á milli áður umgetinna landamerkjagarða.

P.t. Straumi

Tómas Vensberg (vegna Straums)

Vegna Litla Steinsvaðs: Guðm. Þorfinnsson, Björn Hallsson

Vegna Galtastaða: Sigurður Þorkelsson.

Sveinn Bjarnason (eigandi Heykollsstaða.

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Heykollsstöðum í Norður-Múlasýslu.

Að austan ræður Lagarfljót. Frá Lagarfljóti nokkuð norðaustan við Þinghöfða hefir til forna legið torfgarður alla leið upp að Galtastaðablá sunnan við Brunavatnsfót syðri. Garðbrot þetta skiftir landi milli Heykollsstaða og Straums. Úr nefndum garðbrotsenda austan við blána liggja merkin beint í reyniviðarhríslu, sem er austan í Hagahlíðarenda nyrðri, þaðan í vörðu á stórum steini á Selhlíðinni. Þaðan beina línu um vörðu utan við dæld framan á há-Þrívörðuhálsi í Merkipúfu á Búrhraunshálsi (norðan) utan við Sauðahraun. Þaðan liggja merkin um há-Búrhraunsháls, inn há-Sauðahraun gegnt stórum steini, er stendur á kletti, sunnan við syðri enda á tjörn á há-Sauðahraunum í vestur af Álftavatnsenda syðri. Þaðan liggja merkin í nefndan stein (sem er örstuttur spölur). Úr steininum liggja merkin beina línu sunnan við Álftavatn, norðan við Gljúfravatnsbjargsenda nyrðri í Einstig austan á Móbjörgum. Úr Einstigi liggja merkin beina línu um há-Fálkaásnybbu í Lagarfljót.

Ákveðið er að setja vörður eða önnur glögg merki á landamerkin, þar sem langt er á milli nefndra kennimarka.

Heykollsstöðum 23. des. 1921

Sveinn Bjarnason (eigandi Heykollsstaða)

Vegna Galtastaða og Straums: Björn Hallsson – hreppstjóri –

Vegna Brekkusels fyrir hönd umboðsm. Björn Hallsson – eftir umboði –

Páll Hermannson – eigandi Vífilsstaða.

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Vífilsstaða í Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu

Að suðaustan ræður Lagarfljót.

Að suðvestan liggja að Vífilsstaðalandi Dagverðargerðis og Bótarlönd. Eru mörkin þessi: Lækur, er fellur úr Vífilsstaðadal í Lagarfljót skiftir löndum. Það skal þó þegar tekið fram, að framan við þessi merki gengur svokallað Vífilsstaðanes inn í Dagverðargerðisland. Er það slægjuland, er Vífilsstaðir eiga; fylgja því Hólmarnir utan við Dagverðargerðishöfða og höllin ofan við þá. Merki á þessu svæði eru: Að suðvestan mógarður er liggur frá „Höfðanum“ suðaustur að Lagarfljóti, að norðvestan og norðan eystri brún Dagverðargerðis höfðans og utan við hann gamall niðurlagður vegur.

Úr læk þeim, sem áður er nefndur liggja mörkin beina stefnu í vörðu, er stendur á Hamrabrún framan við Vígi, þaðan beina stefnu í vörðu er stendur á framanverðri Sauðahlíð skamt fyrir utan og ofan Sauðahlíðarsel, þaðan að Ærlæk í stefnu á miðjan Ærhamar.

Að norðvestan skiftir Ærlækur löndum milli Vífilsstaða og Heiðarsels.

Að norðan og norðaustan liggja Brekkusels og Heykollsstaðalönd og eru merki þannig: Úr Ærlæk ræður bein stefna frá miðjum Ærhamri austur framanvert við Árnatættur í klett vestanvert á Sauðahraunum, þaðan norðaustur há-Sauðahraun að steini, er stendur á Hraununum, lítið eitt framur en fremri endi Álftavatns, þaðan beina stefnu í uppgöngu á Móbjörgum. Hér beygir stefnan dálítið til norðausturs þannig að úr Uppgöngu liggur merkjalínan beina stefnu í há-Fálkaáshorn og þaðan með sömu stefnu í Lagarfljót.

Vífilsstöðum 21. des. 1921

Páll Hermannson eigandi Vífilsstaða.

Vegna Brekkusels: Björn Hallsson – eftir umboði –

Sigríður Eiríksdóttir vegna Bótar.

Framanrituðum landamerkjum er ég samþykkur vegna Heykollsstaða

Sveinn Bjarnason eigandi Heykollsstaða.

Vitundarvottar:

Georg R.L. Long

Bjarni Jónsson

Þinglesið á Kirkjubæjarmanntalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpilgj. kr. 1.00
Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Dagverðargerði.

Að austan ræður Lagarfljót.

Að framan eða suðvestan liggja Rangár og Bótarlönd. Eru merki þar á milli þannig: Frá Lagarfljóti úr neðsta krók í Ytra-Kýl upp nesið eftir garðbroti, sem sést móta fyrir upp undir Halann utarlega. Þaðan bein lína í stein á Hamrabrún fyrir framan Uppgöngu. Þaðan beint í fremri Mjóavatnsfót. Þaðan beina stefnu í stein austan í Nykurhrauni, þaðan í vörðu á Sauðahlíðum utan við Sauðahlíðarsel.

Að utan (norðan) er Vífilsstaðaland. Frá Lagarfljóti eru merkin þar á milli þannig: Fyrst ræður merkjum svokallaður Þverlækur, sem fellur í fljótið nokkuð fyrir utan Höfðann. Þaðan er tekin bein stefna í vörðu á Hamrabrún framan við svokallað Vígi. Þaðan beint í vörðu á Sauðahlíðum, skamt fyrir utan og ofan Sauðahlíðarsel.

Inn í Dagverðargerðisland meðfram fljótinu gengur svokallað Vífilsstaðanes. Eiga Vífilsstaðir þar slægjuland og einnig á Hólmunum og völlum upp að gamla sýsluveginum norðan við Höfðann. Eru landamerki um nesið þessi: Að austan ræður Lagarfljót. Frá fljótinu liggur mógarður upp nesið, alla leið upp að Höfðanum og aðskilur hann Dagverðargerðis og Vífilsstaðanes. Að norðvestan ræður Höfðinn að gamla sýsluveginum. Ræður hann svo mörkum á Höllum út að Þverlæk.

Dagverðargerði 20. des. 1921

Vegna Vífilsstaða: Páll Hermannson

Vegna Dagverðargerðis: Eiríkur Sigfússon

Vegna Bótar: Sigríður Eiríksdóttir.

Vegna Rangár: Björn Hallsson

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir Fremraseli í Tunguhreppi.

Að framan eða sunnan eru merkin úr nyrðri enda Ærhamars í stóran stein á há-
heiðarendanum.

Að vestan úr há-heiðarendanum í vörðu, sem á að hlaða norðan við Dimmadal. Þaðan í
vörðu á næsta kletti fyrir framan Skollaklett.

Að norðan (utan) liggja merkin frá áðurnefndum kletti í vörðu á Selhnúk og frá henni í
vörðu á Smiðsás. Svo þaðan bein stefna í Pálsvörðu, sem er á klöpp fyrir austan
Hallfreðarstaðalæk.

Að austan er bein lína frá Pálsvörðu inn í miðjan nyrðri Ærhamarsenda.

Ennfremur skal tekið fram, að Hallfreðarstaðir eru taldir eiga eftirtalin hlunnindi í
Fremraselslandi:

1. Geldfjárupprekstur að sumarlagi fyrir Hallfreðarst. og hjáleigu.
2. Geldneytagöngu að sumarlagi.
3. Hestagöngu að haustinu frammi á heiðinni.

Fremraseli 25. nóv. 1921

Þorvarður Pétursson eigandi Fremrasels

Gunnlaugur E.P. Oddsen eigandi Heiðarsels

Vegna Gils á Jökuldal Árni Árnason – eftir umboði –

Árni Árnason eigandi Blöndugerðis.

Vegna Brekku og Brekkusels Björn Hallsson – eftir umboði –

Benedikt Kröyer eigandi Stórabakka.

Vegna Hallfreðarst. Gunnar Jónsson Fossvöllum – eftir umboði –.

Þinglesið á Kirkjubæjarmantalsþingi 22. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjalyising

jarðarinnar Hrafnsgerði í Fellahreppi.

Að framan ræður Hrafnsgerðisá frá ósi við Lagarfljót, upp á hálsinn fyrir norðan Skjöldólfsstaðamýri, þaðan þversýnis norður í heiði, þar til vötnum hallar. – sbr. landamerkjadóm 23. maí 1887. –

Að utan ræður Teigará frá ósi við Lagarfljót í vörðu á Fosskletti; þaðan í Nónvörðu á Hústóftarhjalla, þaðan bein lína í slakkann á Selásnum, þar sem Fitalækurinn fellur fram af honum; þaðan í miðja fremri þúfu í vörðu á Grjótupsarenda fremri; þaðan bein stefna í ytri Sandhól og síðan í vörðu á hálsinum austan við Hrafnsgerðiskíl; þaðan þversýnis norður í heiði þar til vötnum hallar.

pt. Skeggjastöðum 19. des. 1921

Þuríður Hannesdóttir eigandi Hrafnsgerðis

Ólafur Jónsson

Jón Hallgrímsson

Sæbjörn Hallgrímsson

Hólmfríður Jónsdóttir

Jarþrúður Einarsdóttir

Tómas Vensberg

eigendur Skeggjastaða.

Þinglesið á Meðalnessmannatalsþingi 24. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjalýsing

fyrir jörðinni Klúku í Fljótsdal í Norður-Múlasýslu

Að norðan ræður Keldá.

Að framan á milli Víðivalla fremri og Klúku eru merkin úr Keldá upp Hagagarð þvert yfir fjall í Gilsá á Gilsárdal um stóran stein, sem er á Lönguhlíðarbrún.

Að utan á milli Víðivalla ytri og Klúku eru merkin úr Klúkukíl upp ytri grasdæld þá, sem er út og niðri af Klúkutúni í stein, sem er fyrir ofan grundirnar, þaðan út fyrir ofan þær í Grænaklettslæk og úr honum þvert yfir fjall í Gilsá á Gilsárdal.

Auk þess á Klúka skógarhögg út á Rana í Hrafnkellsstaðalandi, sem takmarkast af þessum merkjum:

Að utan ræður lækur sá, sem fellur niður á Gilsáreyri, úr enda hans að neðan þvert austur í Gilsá um Kiðukofatópt. Að innan Stórhöfðalækur, þar sem hann fellur niður á Gilsáreyri þvert yfir ranann í hátt standberg í Gilsárgili, skamt fyrir innan stórabás. Bergið ber hærra en gilbrúnin í kring.

Klúku 17. des. 1921

Mekkin Ingibjörg Ólafsdóttir eigandi Klúku

Tryggvi Ólafsson eigandi Víðivalla-fremri

Hallgrímur Jónsson eigandi Víðivalla-ytri.

Erlingur Þ. Sveinsson eigandi Víðivalla

Jón Jónasson eigandi Víðivalla.

Þinglesið á Valþjófsstaðarmantalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjaskrá

fyrir Klúku í Hjaltastaðahreppi.

Landamörk að vestan og norðan milli Klúku og Hóls og Hólshjáleigu. Úr Engilæk beina línu í svokallaðan Beinhól, þaðan réttlínis í Merkiker, úr Merkikeri í grafning austan við Svæðamelsenda, úr Grafning í svokallaðan Fuglakíl eða Fuglakílsdökk norðan við Stóramel, þaðan beint til sjávar til yzta rekamarks (því rekafjara fylgir ekki).

Landamörk að innan. Engilækur ræður í Selfljót eftir það ræður fljótið milli Klúku og jarðanna Jórvík, Kóreksstaða og Sandbrekku alt að Merkigróf, úr Merkigróf í vörðu í blánni, úr vörðu í svokallað Hnaffþýfu, úr Hnaffþýfi beina línu í Merkikeldu, þaðan beint í nyrsta Brúnengjavatnshólma og úr honum beint í Jórvíkur rimaenda ytri, þaðan beint til sjávar eða eins og áður er á vikið.

Klúku 17. desember 1921

Stefán Bjarnason Hólshjáleigu

Gísli Þorláksson

Halldór Gíslason Hólshjáleigu

Þórarinn Jónsson Jórvík

H. Stefánsson Sandbrekku.

Vilhjálmur Magnússon Jórvíkurhjáleigu.

Guðni Þorkelsson Gagnstöð.

Þinglesið á Kóreksstaðamanntalsþingi 19. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Víðivalla fremri í Fljótsdal, eru

Að neðan Keldá, sem skilur Langhúsaland frá Víðivallalandi. Að framanverðu Skriðulækur úr Keldá suðaustur til fjalls beina stefnu í Gilsá.

Fyrir utan land Víðivalla ræður svonefndur Hagagarður og greinir hann það frá landi Klúku. Síðan eru landamerki þaðan bein stefna suðaustur yfir fjallgarð, alt í Gilsá á Gilsárdal, sem ræður landamerkjum að austanverðu.

Undir Víðivelli fremri liggur Villingadalur frá Strútsá, sem skilur hann frá Sturluflatarlandi austur og suður til öræfa; að norðan og vestan við hann rennur Fellsá og Sultarranaá og greina þær nefndan dal frá Kiðjafellsafrétti (Suðurfelli).

Víðivöllum fr. 1. desember 1921

Tryggvi Ólafsson

Undirritaðir samþykkir ofanrituðu:

Mekkin Ingibjörg Ólafsdóttir, eigandi Klúku.

Sigurður Þorsteinsson Víðivallagerði, eigandi og ábúandi.

Ofanskriðuð(um) landamörk(um) milli Víðivalla fremri og kirkjujarðarinnar Langhúsa er ég samþykkur

Sölvi Vigfússon, umboðsmaður Langhúsa.

Þinglesið á Valþjófsstaðarmantalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Sturluflatar í Fljótsdal eru:

Að neðan Keldá, að framan Fellsá og Strútsá austur á Hraun, að utan Sturlá upp fyrir brúnir og síðan bein stefna austur á Hraun.

Sturluflöt á ítök í engjum Víðivalla fremri, út við Hagagarð, ofan að Kíl og fram að Gróf, sem er utan við svonefndan Engjatanga. Að ofanverðu greina ítak þetta marksteinar frá engjum Víðivalla og er stefna þeirra út í Hagagarð neðanverðan.

Sturluflöt 16. desember 1921

Kári Guðmundsson

Við undirritaðir vottum að ofanrituð landamerkjalyking sé rétt:

Sigurður Þorsteinsson Víðivallagerði

Fyrir hönd Valþófsstaðak. (Kiðufell)

Valþófsstað 10/12 '21

Þór. Þórarinsson

Hvað viðvíkur Þorgerðarstöðum er lýsingin rétt.

Einar Sv. Magnússon Þorgerðarstöðum

Þinglesið á Valþófsstaðarmanntalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Skriðuklaustur í Fljótsdalshreppi með eyðijörðinni Brattagerði í Jökuldalshreppi.

Að framan á Skriðuklaustur land að merkigarði þeim, sem að fornu og nýju haldinn hefur verið landamerki og sem liggur frá Jökulsá fram og upp eftir nesinu upp undir fjall, þaðan sjónhending upp á fjall, þaðan í stóran stein sem stendur utantil á ytra Eyvindarfjalli, þaðan réttlínis norður í Jökulsá á Jökuldal. Að austan ræður Jökulsá í Fljótsdal.

Að utan ræður úr nefndri á Melakvísl og Bessastaðaá alt upp á Fjallsbrún í Eyvindarkeldu og þaðan bein stefna á miðheiði í merkjavörðu (ytri) (merkt L.M. á jarðfastan stein og hlaðin varða ofan á), þaðan inn miðheiðarháls í merkjavörðu fremri (merkt L.M. eins og hin varðan). Þaðan þvert vestur heiði í merkjavörðu í svokölluðum Klappalækjarflóa og þaðan í Eyvindará. Þaðan Eyvindará í Jökulsá á Jökuldal.

Að norðan ræður Jökulsá á Jökuldal.

Skriðuklaustri 27. ágúst 1922

Sigmar G. Þormar (eigandi 13/16 úr Skriðuklaustri)

Guðmundur Snorrason eigandi Fossgarðis.

Þinglesið á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 23. júlí 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Skýrsla

um landamerki jarðarinnar Bessastaða í Fljótsdalshreppi gjörð af ábúanda hennar og eiganda og undirskrifuð af eigendum næstu jarða, Hamborgar að framan og Bessastaðagerðis að utan.

1. Landamerki milli Hamborgar og Bessastaða eru sem hér segir:

Tún jarðanna liggja saman. Liggur beutiland frá þeim til fjalls á þá hlið jarðanna en engjar niður frá þeim neðan Bessastaða-ár. Eru litlir eyrarhólmar milli farvega árinna sem ekki eru engi. Til fjalls liggur grafningur þvert upp brekkuna frá takmörkum túnanna, sem eru mörkuð með girðingu. Skamt upp á brekkunni er svarðartekja – mjög lítil og léleg – báðum megin við grafning þenna. Fylgir hvorri jörð svarðartekja hvoru megin grafningsins sem er, svo lengi sem svörður sá endist. Frá efri enda grafnings þessa ræður bein lína í sömu stefnu yfir stutt melhaft í svokallaðan Innri-Bessastaðalæk. Fellur hann þangað niður beint undan brekkunni alla leið ofan af heiðarbrún (Fljótsdalsheiðar) og fylgja landamerki jarðanna honum þangað upp. Af heiðarbrún ræður bein lína er hallar til Hamborgarlands í stóran stein á Grjótups á heiðinni. Þaðan bein lína í sömu stefnu á Miðheiðarháls Fljótsdalsheiðar, sem takmarkar Bessastaðaland á þá hlið, sem að Jökuldalslöndum veit. Niður frá bæjunum, niður yfir árhólmana og bakkana ræður bein lína úr svokölluðum Þingvallargarði sem er milli túnanna – og í grjótpúfu, sem sett hefur verið á takmörkum engjanna – þó að óskertum rétti hvorrar jarðar til að leiða vatn úr Melakvísl á engið eftir þörfum. Úr grjótpúfu ræður enn bein stefna í efri enda Landamerkjagarðs, sem liggur óslitinn út og niður á Jökulsárbakka milli Seigakers í Bessastaðaengjum og Útgrundar í Hamborgarengjum.

Bessastöðum 15. desember 1921

Jón Jónasson eigandi og ábúandi Bessastaða.

Ofanskrifaðri landamerkjalýsingu samþykkir:

Eiríkur J. Kjerúlf, Metúsalem J. Kjerúlf eigendur og ábúendur Hamborgar.

2. Landamerki milli Bessastaða og Bessastaðagerðis eru sem hér segir:

Engjum jarðanna skiftir landamerkjagarður (Breiðumýrargarður ytri) sem liggur neðan af Jökulsárbakka og upp að Bessastaðaá, sem fellur þvert út landareign beggja jarðanna. Utan við nefndan garð og upp við Bessastaðaá er engjastykki í Bessastaðagerðis engjum, svo nefnt Breiðumýrartagl, er það gamalt ítak Bessastaða í Bessastaðagerðisengjum og eiga Bessastaðir það ennþá. Landamerki milli Breiðumýrartagls og Bessastaðagerðisengja eru um dæld þá, sem liggur frá



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

landamerkjagarði út og upp að Bessastaðaá beint niður undan Bessastaðagerðisbæ.
Úr landamerkjagarði ræður bein lína til fjalls, landamerkjum í mitt Breiðagil, miðjan
Marteinsbotn framan til á ytri Ingiríði, sem er klettur uppi á fjallsbrún (nú nefnd
Fálkapúfa) þaðan sama lína í sömu stefnu í Sauðavörðu og á Miðheiðarháls
Fljótsdalsheiðar.

Bessastöðum 15 desember 1921

Jón Jónasson eigandi og ábúandi Bessastaða

Ofanskrifaðri landamerkjalyðingu er ég samþykkur

Björgvin Hallsson eigandi Bessastaðagerðis.

Þinglesið á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Skýrsla

um landamerki jarðarinnar Bessastaðagerði í Fljótsdalshreppi, gjörð af ábúanda hennar og undirrituð af ábúendum næstu jarða, að framan Bessastaða og Mela að utan.

1. Landamerki milli Bessastaðagerðis og Bessastaða eru sem hér segir:
Engjum jarðanna skiftir landamerkjagarður (Breiðumýrargarður ytri), sem liggur neðan af Jökulsárþakka rétt utan við Mórauðapytt og upp að Bessastaðaá, sem fellur þvert út landareign beggja jarðanna. Utan við nefndan landamerkjagarð og upp við Bessastaðaá er engjastykki í Bessastaðagerðisengjum, svo nefnt Breiðumýrartagl; er það gamalt ítak Bessastaða í Bessastaðagerðisengjum og eiga Bessastaðir það ennþá. Landamerki milli Breiðumýrartagls og Bessastaðagerðisengja eru um dæld þá, sem liggur frá landamerkjagarði og út og upp að Bessastaðaá, beint niður undan Bessastaðagerðisbæ. Úr landamerkjagarði ræður bein lína til fjalls landamerkjum í mitt Breiðagil, miðjan Marteinsbotn framan á ytri Ingiríði, sem er klettur uppi á fjallsbrún (nú nefnd Fálkapúfa), þaðan í Sauðavörðu og beina línu í sömu stefnu á Miðheiðarháls Fljótsdalsheiðar.

Bessastaðagerði 30. desember 1921

Þorst. Hallsson

Ofanrituðum landamerkjum er eg samþykkur

Jón Jónasson

2. Landamerki milli Bessastaðagerðis og Mela eru sem hér segir:
Úr Gerðiskílskrók, þar sem kíllinn fellur beint niður í Jökulsá og er þar reistur upp steinn með höggnum stöfum L.M.S. sem merkir landamerkjasteinn. Úr steini þessum er stefnan í stóran stein á brekkunni framan við Einbúa, þaðan á utanvert Árnahraun á fjallsbrún, þaðan í Sandhóla, þaðan beint til Miðheiðar.

Bessastaðagerði 30. desember 1921

Þorst. Hallsson

Páll Sigfússon, bóndi á Melum.

Þinglesið á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpilgj. kr. 1.00
Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Mela í Fljótsdalshreppi

Að norðan Miðheiðarháls.

Að utan úr Miðheiðarhálsi ofan í Hengfossá þar sem í hana fellur lækur, sem Brekkuselslækur er nefndur. Eftir það ræður Hengfossárgil það sem það nær, síðan bein sjónhending úr gilinu niður Hengfossáreyri ofan í Jökulsá.

Að neðan Jökulsá þar til Gerðiskill fellur í hana.

Að framan úr Gerðiskílskrók þar sem kíllinn fellur beint niður í Jökulsá og er þar reistur upp steinn með íhöggnum stöfum L.M.S. sem merkir landamerkjasteinn, úr steini þessum er stefnan í stóran stein í brekkunni framan við Einbúa, þaðan á utanvert Árnahraun á fjallsbrún, þaðan í Sandhóla og þaðan beint til Miðheiðar.

Melum 14. desember 1921

Páll Sigfússon

Björgvin Hallsson – eigandi Bessastaðagerðis

Ól. Ó. Lárusson ábúandi á Brekku.

Að líkindum rétt en hefi engin landamerki í byggingarbréfi jarðarinnar.

Ól. Ó. Lárusson

Þinglesið á Valþjófsstaðarmanntalsþingi 25. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjaskrá

Landamerki Þórsness í Hjaltastaðahreppi eru þessi:

Að sunnan ræður Sellækur þaðan sem hann fellur í Bjarglandsá og upp á Háubrun. Síðan beina stefnu úr Sellæk, þar sem hann fellur af Háubrun og austur í Álfasteina ytri og úr þeim í Jökulsá.

Að austan ræður Jökulsá alt þar til hennar gamli farvegur, er Bolur nefnist, liggur úr henni norður í Bjarglandsá. Í honum eru mörkin.

Að norðan og vestan ræður Bjarglandsá.

Þórsnesi 10. nóv. 1921

Eiríkur Þorkelsson

Landamerki þessi teljum við undirritaðir rétt vera.

H. Stefánsson

Jón Eiríksson

Þinglesið á Kóreksstaðamanntalsþingi 19. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Hrollaugstaða

Að utan ræður Engilækur í Engilækjardrög, þaðan í Beinhól og bein stefna í Markhól við Jökullæk, þaðan ræður Jökullækur í Álftalækjauga og Álftalækur í Ásgrímsstaðavatn, svo ræður vatnið að Kelduós sem fellur úr Merkidal. Svo eftir miðjum Merkidal í vörðu utan á Hálsinum (eða þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði þegar innan kemur Bóndastaðaveg) svo réttlínis norður í Vatnalækjarós hinn ytri, þaðan réttlínis í austanverðan Heygarð innan við Vatnablá. Að framan ræður bein lína úr Heygarði í ytra Markhamarshorn; þaðan bein lína í Mjóa-affall við Selfljót. Að austan ræður Selfljót.

Hrollaugstöðum 15. desember 1921

Kristinn Magnússon

Magnús Magnússon, Sigfús Magnússon Bóndastöðum.

Daníel Runólfsson Viðarstöðum

Halldór Gíslason Hólshjáleigu

Stefán Bjarnason Klúku

Jónas Jónasson Ásgrímsstöðum.

Geirmundur Eiríksson Hóli

Gísli Þorláksson Hólshjáleigu.

Þinglesið á Kóreksstaðamanntalsþingi 19. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Njarðvíkur

1. Milli Njarðvíkur og Snotruness: Úr Bölmóðshlein beint upp á fjall og inn eftir vörpum.
2. Milli Njarðvíkur og Geitavíkur: Eftir vörpum þaðan sem Nesland þrýtur.
3. Milli Njarðvíkur og Bakka: Þaðan sem Geitavíkurland þrýtur inn eftir vörpum og eggjum, inn undir Dyrfjöll og inn á Mjóadalsvarp.
4. Milli Njarðvíkur og Hrafnabjarga: Af Mjóadalsvarpi út eggjar norðan megin víkurinnar þangað til Óssland tekur við.
5. Milli Óss og Njarðvíkur: Þaðan sem Hrafnabjargalandi sleppir út vörp og eggjar út á Gönguskarðsvarp, þaðan út Smátindafjall á Grasdalsvarp, þaðan út eggjar norðanmegin dalsins og fram á tanga þann sem skilur Ólafssand að sunnan og Gripdeild að norðan.
Eftir kaupbréfi frá 1539 á Njarðvíkurkirkja allan reka á Gripdeild, að undanteknum fjórðung hvalreka, sem Vallaneskirkja á eftir máldögum Vilchins og Gísla biskups.
Einnig á Njarðvíkurkirkja varphólma liggjandi fyrir Hafnar landi.

Njarðvík 8. janúar 1922

Eigendur Njarðvíkur Helgi Björnsson – Magnús Þorsteinsson.

Fyrir hönd meðeiganda Bakka

H/F Hinar sameinuðu íslenzku verðlanir Bakkagerði Jón Stefánsson

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps Vigfús I. Sigurðsson oddviti

Umráðamaður Ós, Hallur Bjarnason hreppstjóri Hjaltastaðahrepps.

Andrés Jónsson, Jón Björnsson eigendur Geitavíkur

Andrés B. Björnsson, Halldór I. Ármannsson umráðamaður og eigandi Snotrunes.

Eiríkur Einarsson eigandi Hrafnabjarga.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

fyrir jörðina Snotrunes í Borgarfjarðarhreppi.

Landamerki milli Snotrunes og Geitavíkur eru þessi: Úr vörðu, sem er á sjávarbakkanum milli Þúfulágar og Grafarvíls, frá henni í Grafarvílsups upp miðjan Stórskriðnal upp á vörp.

Milli Snotruness og Njarðvíkur: Úr Bölmóðshlein undir Njarðvíkurskriðum beint upp í fjallstindinn, þaðan inn eftir efstu fjallaröðum þangað til Snotrunesland þrýtur.

Desjarmýri á beit fyrir 30 sauði í Háukinn í Snotruneslandi. Hvannstóð á hálfan trjáreka í Hvannstóðsbás fyrir Neslandi móti fjárupprekstri í afréttarland Hvannstóðs.

Halldór I. Ármannsson, Björn Jónsson, eigendur Snotrunes.

Samþykkja:

Fyrir hönd Njarðvíkur Helgi Björnsson – Magnús Þorsteinsson.

Jón Björnsson meðeigandi Geitavíkur

Sigurður Einarsson meðeigandi Geitavíkur

pr. Kaupfélag Borgarfjarðar, meðeigandi Geitavíkur – H. Ásgrímsson

Andrés Jónsson.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

Geitavíkur.

Landamörk milli Geitavíkur og Bakka eru þessi: Merkilækurinn frá fjöru upp í Tjarnarbotna og þaðan bein stefna úr honum upp í varp framan undir Geitavíkurpúfu. Að ofan ráða fjallavörp landamerkjum.

Milli Geitavíkur og Snotrunes eru landamerki frá sjó í vörðu, sem er á bökkunum milli Púfulágar og Grafgils, frá henni stefnan í Grafargilsups, svo upp miðjan Stórskriðnadal upp í vörp.

Geitavík 20. febrúar 1922

Sigurður Einarsson, Jón Björnsson, Andrés Jónsson
pr. Kaupfélag Borgarfjarðar – H. Ásgrímsson

Samþykkja fyrir hönd Snotrunes.

Halldór I. Ármannsson, Björn Jónsson

Fyrir hönd meðeigenda Bakka

pr. H/F Hinar sameinuðu íslenzku verzlaniir Jón Stefánsson
Vegna Borgarfjarðarhrepps – Sigfús Gíslason

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Bakki í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu

Landamerki milli Bakka og Jökulsár eru þessi: Úr merkipúfu, sem stendur rétt neðan við sýsluvegin skamt fyrir utan Grjótána, beina stefnu upp í yzta Grjótárbug. Ræður svo Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, síðan er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandslaginni, síðan beint upp úr honum í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merkilína upp í fjallavörpin. Að ofan eru fjallavörp landamerki frá ytra Dyrfjalli út undir Geitavíkurbúfu. Milli Bakka og Bakkagerðis eru þessi landamerki: Úr merkipúfunni sem stendur rétt neðan við sýsluvegin, skamt utan við Grjótána, beina stefnu í merkipúfu neðan við sýsluvegin rétt innan við Leirgrófina. Úr henni beina sjónhendingu í stóran jarðfastan stein, er stendur á út og austurhorninu á Bakkamel, úr honum beina línu í markið sem er við vesturhornið á Bólarana við sýsluvegin, þaðan beina línu út í Bakkaá, svo ræður hún til sjávar. Milli Bakka og Geitavíkur eru landamerki: Merkilækurinn frá sjó upp í Tjarnarbotna og úr honum þar beint upp í vörp framánvið Geitavíkurbúfu.

Jörðin á rétt til fjöru- og vetrarþegar í Bakkagerðislandi og rétt til lóðargjalds eftir verzlunarhús og þurrabúðir að réttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum, Bakki og Bakkagerði. Á hinn bóginn hafa ábúendur Bakkagerðis rétt til sumarþegar í Bakkalandi, en þó ekki í engjum.

Bakkagerði 20. desember 1921

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps Vigfús I. Sigurðsson oddviti
pr. H/F Hinar sameinuðu íslensku verzlarnir
Jón Stefánsson (meðeig. Bakka og Bakkagerðis)

Vjer undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Bakki“ liggja, erum samþykkir ofanrituðum landamerkjum og staðfestum með undirskrift vorri.

Borgarfirði 30. des. 1921

Jón Björnsson (meðeig. Geitavíkur)

Andrés Jónsson (meðeig. Geitavíkur)

Sigurður Einarsson (meðeig. Geitavíkur)

pr. Kaupfélag Borgarfjarðar – H. Ásgrímsson (meðeig. Geitavíkur)

Helgi Björnsson meðeigandi Njarðv.

Sigfús Gíslason (eigandi Jökulsár)

Í umboði L. Ímslands Eiríkur Sigfússon.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Bakkagerði í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Landamerki milli Bakkagerðis og Hofstrandar eru: Fjarðaráin frá ós hennar inneftir í merkivörðu við Grænutópt á Fjarðarárbökkum. Milli Bakkagerðis og Jökulsár eru þessi landamerki: Úr nefndri merkivörðu beina línu upp í merkípúfu uppi á móunum, þaðan sömu línu upp í merkípúfu neðan við sýsluveginn, rétt utan við Grjótána.

Milli Bakkagerðis og Bakka eru landamerki: Úr síðarnefndri merkípúfu beina línu í merkípúfu neðan við sýsluveginn rétt innan við Leirgrófina, úr henni beina sjónhendingu í stóran jarðfastan stein, er stendur á út og austurhorninu á Bakkamel, úr honum beina línu í markið, sem er við vesturhornið á Bólarana við sýsluveginn, þaðan beina línu út í Bakkaá, svo ræður hún til sjávar.

Jörðin Bakki á rétt til fjörubeitar og vetrarbeitar í Bakkagerðislandi og rétt til lóðargjalds eftir verzlunarhús og þurrabúðir utan túns, að rétttri tiltölu við hundraðatal í báðum jörðunum Bakki og Bakkagerði. Á hinn bóginn hafa ábúendur Bakkagerðis rétt til sumarbeitar í Bakkalandi, en þó ekki í engjum.

Bakkagerði 25. ágúst 1922

L.J. Imsland með eig. Bakkagerðis.

pr. H/F Hinar sameinuðu íslensku verzlunar

Jón Stefánsson (með eig. Bakkagerðis)

Vjer undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Bakkagerði“ liggja, erum samþykkir framanrituðum landamerkjum og staðfestum þau með undirskrift vorri.

Bakkagerði 25. ágúst 1922

Fyrir hönd Borgarfjarðarhrepps

Vigfús I. Sigurðsson oddviti

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar og Jökulsár)

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Jökulsá í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu

Landamerki milli Jökulsár og Bakkagerðis eru: Úr merkivörðu við Grænutópt á Fjarðarárbökkum beina línu upp í merkípúfu uppi á mounum, þaðan sömu línu upp í merkípúfu neðan við sýsluvegin, rétt utan við Grjótána.

Milli Jökulsár og Bakka eru þessi landamerki: Úr síðastnefndri merkípúfu beina stefnu í yzta Grjótárbug. Ræður svo Grjótáin upp í Brandsbalalækjarósinn, síðan er Brandsbalalækurinn landamerki upp úr Brandsláginni, síðan beint úr honum upp í Grjótárgilið, svo er Grjótáin merkilína upp í fjallavörpin.

Milli Desjarmýrar og Jökulsár ræður Fjarðaráin, eins og hún hefur runnið síðastliðin ár frá landamerkjum Jökulsár og Hvals að landamerkjum Jökulsár og Bakkagerðis.

Milli Hvals og Jökulsár eru landamerki: Úr Fjarðará fram undan djúpuláginni, sem er á börðunum fyrir framan melshornið, framan við Jökulsána, úr henni (djúpuláginni) bein stefna í fossinn í Jökulsánni utan undir Strípuhrauni. Þar fyrir ofan er Jökulsáin landamerki upp Jökuldalinn í miðja Þverhryggi og upp í Jökulbotn, sem er í sveifinni framan og neðan undir ytra Dirfjallinu.

Hofströnd 25. ágúst 1922

Sigfús Gíslason (eigandi Jökulsár).

Framanskráðum landamerkjum milli Jökulsár, Bakka og Bakkagerðis er ég fyrir hönd h/f Hinar samein. ísl. verzl. Borgarfirði samþykkur.

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Jökulsár og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður

Vigfús I. Sigurðsson (sóknarprestur)

Framanskráðum landamerkjum milli Hvals og Jökulsár er eg undirritaður samþykkur.

H. Ásgrímsson – eigandi Hvals –

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Gilsárvallar með Gilsárvallarhjáleigu (nú Grund)

Milli Gilsárvalla og Hvals ræður lækur frá Fjarðará en frá upptökum hans bein stefna upp í Mæliskarð, þaðan upp Mælishrygg upp austan í Dyrfjall. Milli Gilsárvalla og Hólalands eru landamerki úr vörðu, sem er á aurunum upp í krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr Hlíðinni, eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal, og þaðan beint upp austan á Tindafellsöxl.

Milli Gilsárvalla og Desjarmýrar ræður Þverá og svo Skúmhattudalsá inn í varp. En á milli Gilsárvalla og Hvannstóðs ræður merkigarður, sem er á Tungunum. –

Afréttarland á Gilsárvöllur milli Lambadalsár og Skúmhattudalsár inn á vörp.

Rekafjöru á Gilsárvöllur í Hofstrandarkrók, frá Hvíthellu og norður þangað sem Hafnarhólmi kemur fram undan lághamrinum niður við sjávarmál.

Gilsárvöllum 20. des. 1921

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson
eigendur jarðarinnar.

Rekaítakið í Hofstrandarkrók samþykkur:

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallar er eg undirritaður samþykkur.

Vigfús I. Sigurðsson – prestur að Desjarmýri.

Framanskráðum landamerkjum milli Hvannstóð og Gilsárvallar er eg, fyrir hönd eiganda Hvannstóðs – Benedikts Jónssonar Seyðisfirði – samþykkur

Jón Stefánsson verzlunarstjóri Borgarfirði.

Framanrituðum landamerkjum milli Hólalands og Gilsárvallar og Grundar er eg, fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur, Geitavík – samþykkur.

Andrés Jónsson

Framanskráðum landamerkjum milli Hvals og Gilsárvallar er eg fyrir hönd eigandans – Þorsteins M. Jónssonar Akureyri – samþykkur.

H. Ásgrímsson kaupfélagsstjóri.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stimpilgj. kr. 1.00
Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjum

milli Hólalands annarsvegar og Grundar og Gilsárvala hinsvegar ræður bein lína úr merkivörðu niður við Fjarðará í Krókinn á Merkilæknum, þar sem hann fellur úr Hlíðinni. Eftir það ræður lækurinn upp í Mjóadal og þaðan beint upp austan á Tindæfellsöxl. Þá ráða hæstu fjallaraðir inn í Mýnesskörð. Þaðan ræður merkjum á milli Hólalands og Hvannstóðs Fjarðaráin, sem fellur úr Mýnesskörðum sunnanvert við aðal Klifið og alla leið út á móts við áður greinda vörðu á Aurunum.

Geitavík 27. desember 1921

Margrét Jóhannesdóttir eigandi Hólalands

Árni Ísaksson eigandi Hólalandshjáleigu.

Framskráðum landamerkjum milli Grundar og Hólalands er eg samþykkur

H. Ásgrímsson eigandi Grundar

Framanskráðum landamerkjum milli Hvannstóðs og Hólalands er eg fyrir hönd eiganda Hvannstóðs – Benedikts Jónassonar Seyðisfirði – samþykkur

Jón Stefánsson

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson eigendur Gilsárvallar.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur –



Landamerki

jarðarinnar Hvannstóð í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Að norðan ræður forn landamerkjagarður er nær á milli Fjarðará og Þverá; að austan ræður Þverá og síðan Lambadalsá uppá fjallseggjar; að vestan ræður Fjarðará frá áður umgetnum merkjararði og uppí svonefnd Mýrnesskörð, síðan ráða að sunnan fjallseggjar milli Fjarðará og Lambadalsár.

Jörðin á reka í svonefndum Hvannstóðsbas í Snotruneslandi í sama hreppi.

Seyðisfirði 24. nóvember 1921

Benedikt Jónasson (eigandi jarðarinnar)

Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn jarða þeirra, er að landi jarðarinnar „Hvannstóð“ liggja, erum samþykkir framanskráðum landamerkjum, og staðfestum það með undirskrift vorri.

Borgarfirði 23. desember 1921

Fyrir hönd eiganda Hólalands – Margrétar Jóhannesdóttur – Andrés Jónsson.

Vigfús I. Sigurðsson (umráðamaður Desjarmýrarkirkju)

Vegna Gilsárvalla erum vér, undirritaðir eigendur jarðarinnar, landamerkjum þessum samþykkir.

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson, H. Ásgrímsson

Árni Ísaksson, eigandi Hólalandshjáleigu.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17/7 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00

– fjórar krónur – Greitt A.A.



Landamerki

jarðarinnar Desjarmýri með hjáleigunum Þrándarstöðum – og – Setbergi

Að sunnanverðu á Desjarmýri land til móts við Húsavík af Skúmhattardalsvarpi yfir Skúmhöttinn og eftir hæstu fjallaröðum út í fjall það, er Náttmálafjall heitir og úr Náttmálafjalli eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk.

Landamerki milli Desjarmýrar og Litluvíkur eru bein lína ofan úr Hvítserkshnúk í mitt fremra eða stærra Gæsavatn.

Landamerki milli Desjarmýrar og Breiðuvíkur eru bein lína úr miðju Gæsavatni upp á svonefnda Hvítuhnúka í Gatfjalli og þaðan út hæstu fjallaraðir út á Gagnheiði, sem er á milli Stóru og Litlu Breiðuvíkur og Borgarfjarðar.

Landamerki milli Desjarmýrar og Brúnavíkur eru bein lína af Gagnheiði í efri enda á svonefndum Þrándarhrygg og eftir honum meðan hann nær og síðan beint úr honum í Miðstrýp á svonefndum Grenishæðum.

Landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar eru úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í miðja Faldsgjót að ofan og úr henni miðri að neðan beina línu í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Að norðanverðu ræður Fjarðaráin – milli Desjarmýrar að sunnan og Jökulsár, Hvols og Gilsárvalla að norðan, frá merkivörðu, sem er á norðurbakka Fjarðarár utan Grjótár – alt þangað til þverá fellur í hana; en úr því ræður þverá milli Desjarmýrar að austan og sunnan og Gilsárvalla, Grundar og Hvannstöðs að norðan og vestan, þangað til Skúmhattardalsá fellur í hana, en þaðan ræður Skúmhattardalsá milli Desjarmýrar að sunnan og Gilsárvalla að norðan – alla leið inn og suður í Skúmhattardalsbotn og beina línu þaðan upp á Skúmhattardalsvarp.

Kirkjan að Desjarmýri (nú prestssetrið Desjarmýri) á samkvæmt máldaga sínum frá 1354, endurrituðum 24. maí 1724, svo og máldögum Vilchins biskups frá 1397, Gísla biskups Jónssonar frá 1575 og vísitazíu Brynjólfs biskups Sveinssonar 1645 þessi ítök:

Þriðjung í viðreka undir Uxafalli í Hafnarlandi.

Allan viðreka í Hellisvík (Hellisfjöru) í Hafnarlandi frá drang þeim er stendur gegnt Runuskála og inn til þess drangs er næstur er út frá Laxá.

Hvalreka hálfan í Hellisvík og svo hvar sem kemur inn til drangsins.

Viðreka allan og allan hvalreka í Maríubás í Hofstrandarlandi.

Saltfjöru í Geitavík milli lækja.

Fiskivist að Ölduhamri og sauðfjárbeit út á Hofstrandarsand. 30 sauða beit í Hafnarlandi og hellisskjól.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Hálfan hvalreka og viðreka út á Hofstrandarsandi norðan frá Jökulsárreka, þar sem Lómstjarnarkill bugar beint að innan út að sandinum og austur að Gilsárvallareka, þar sem Hafnarhólmi hverfur undir Lághamarinn við sjávarmál.

Hún á tveggja manna ágöngu á hval í Kjólsvík.

Hún á fjórðu hverja vætt í hvalreka á Maríufjöru frá Laxá í Hafnarlandi.

Hún á allan viðreka og hálfan hvalreka á Eyri út frá Drang og til Kambs.

Kirkjan á ennfremur 30 sauða beit í Háukinn í Snotrunesslandi og tveggja hrossa göngu í Bakkapýfi og taka eigi undan folöld.

Hún á einnig 14 feta mógröf í Jökulsárlandi árlega og hún á 8. hverja vætt í hval á Uxafallsfjöru.

Desjarmýri 10. desember 1921
sem umráðamaður Desjarmýrar
Vigfús I. Sigurðsson.

Ofanrituð ítök í jörðinni Snotrunesi samþykkjum við undirritaðir.
Snotrunesi 22. desember 1921
Halldór I. Ármannsson, Andrés B. Björnsson.

Framanrituð landamerki til móts við Húsavík samþykkjum við undirritaðir.
Húsavík 26. desember 1921
Árni J. Sigurðsson – eigandi Húsavíkur.
Björn Sveinsson – eigandi Dallandsparts.
Sveinn Pálsson – eigandi Dallands.
Elís Guðjónsson (ábúandi Hólshúsa)

Framaritað ítak í jörðinni Kjólsvík samþykki ég undirritaður.
Kjólsvík 28. desember 1921
Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur

Framanrituð landamerki milli Breiðuvíkur og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður
Njarðvík 28. desember 1921
Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur – Jóns Sveinssonar – Páll Sveinsson

Framanskráð landamerki milli Grundar og Desjarmýrar er eg undirskrifaður samþykkur.
H. Ásgrímsson.

Framanrituð landamerki milli Hvannstóðs og Desjarmýrar samþykki eg fyrir hönd
Benedikts Jónassonar eiganda Hvannstóðs.
Bakkagerði 30. desember 1921



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Litlu-Breiðuvíkur og Desjarmýrar samþykki eg fyrir hönd
Jóns F.C. Arnesens, eiganda Litlu Breiðuvíkur

Bakkagerði 30. desember 1921

Jón Stefánsson

Framanrituðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Gilsárvallda, erum við undirritaðir
samþykkir.

Jón Stefánsson, Magnús Þorsteinsson eigendur Gilsárvallda.

Að Desjarmýrarkirkja muni eiga rekaítak í Hellisfjöru viðurkenni eg undirritaður.

Magnús Þorsteinsson (eigandi að Höfn).

Framanrituð landamerki milli Brúnavíkur og Desjarmýrar samþykki eg undirritaður, sem
eigandi Brúnavíkur.

S. Filippusson

Framanritað ítak í Geitavíkurlandi samþykkjum við undirritaðir.

Jón Björnsson meðeigandi Geitavíkur

Sigurður Einarsson meðeigandi Geitavíkur

pr. Kaupfjelag Borgarfjarðar H. Ásgrímsson

Framanskráðum landamerkjum milli Desjarmýrar og Hvols er undirritaður samþykkur.

f.h. Þorsteins M. Jónssonar

H. Ásgrímsson.

Framanrituð landamerki ásamt rekaítökum í Maríubás og á Hofstrandarsandi er eg
undirritaður samþykkur.

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar).

Framanritað ítak samþykkjum við undirritaðir umráðamenn Bakka.

pr. h/f Hinar samein. ísl. verzlani Jón Stefánsson

Vigfús Í. Sigurðsson oddviti Borgarfjarðarhrepps.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Samtals kr. 4.00 –
– fjórar krónur –



Landamerki

jarðarinnar Hofströnd í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu eru þessi:

Milli Desjarmýrar og Hofstrandar: Úr Miðstrýp á Grenishæðum beint ofan í Fólaldsgjót að ofan, þá ræður hún, og úr henni miðri að neðan beint niður í Fjarðará móts við landamerki Jökulsár og Bakkagerðis.

Milli Hofstrandar og Brúnavíkur eru landamerki: Frá áðurnefndum Miðstrýp á Grenishæðum út fjallaraðir í vörðu framan við veginn á Brúnavíkurskarði.

Milli Hafnar og Hofstrandar eru landamerki: Laxá frá sjó að upptökum hennar og í áðurnefnda vörðu á Brúnavíkurskarði.

Að norðan: Frá Grænutópt Fjarðaráin í sjó fram.

Að Hofströnd eiga reka ítök hvals og viðar, þessar jarðir: Gilsárvöllur og Grund – hér í hreppi – frá svokallaðri Hvíthellu í Hofstrandarkrök og þaðan vestur eftir sandinum þar til er sér á Hafnarhólma fram undan Lághamri. Desjarmýrarkirkja þaðan frá og það norður mótsvið Lómstjarnakíl, þar sem hann bugar beint að innan og út að sandinum. (Á áðurnefndu svæði á Desjarmýrarkirkja hálfan viðar og hvalreka). Þá á nefnd kirkja allan viðar og hvalreka í Maríubás fyrir inn Laxá.

Þá á Jökulsá rekaítak frá áðurnefndum kíl norður í Fjarðarárás.

Hofströnd 25. ágúst 1922

Sigfús Gíslason (eigandi Hofstrandar)

Jón Stefánsson (handsalað) eigandi að Gilsárvellu

Framarituð landamerki milli Desjarmýrar og Hofstrandar er eg undirritaður samþykkur.
Vigfús I. Sigurðsson sóknarprestur

Framanskráðum landamerkjum milli Hofstrandar og Hafnar og sömuleiðis hvað rekaítak Gilsárvalla snertir, er eg samþykkur.

Magnús Þorsteinsson (eigandi að Höfn og Gilsárvellu)

S. Filippusson eigandi að Brúnavík

Framanrituð landamerki milli Bakkagerðis og Hofstrandar er fyrir hönd h/f Hinar samein.
ísl. verzl. Borgarfirði samþykkur

Jón Stefánsson

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 16. júlí 1923.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt A.A.



Landamerki

jarðarinnar Höfn í Borgarfirði eru þessi:

Milli Hafnar og Hofstrandar: Laxá frá fjöru og í fjall upp og frá upptökum hennar að vörðu, sem er framan við veginn á Brúnavíkurskarði. En milli Hafnar og Brúnavíkur: Úr miðju Brúnavíkurskarði út miðjar fjallaraðir út á Stekkhvammsfell. Þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Aðrar jarðir en áður nefndar liggja ekki að Hafnarlandi.

Desjarmýrarkirkja mun eiga reka-ítak í „Hellisfjöru“.

Varphólmi fyrir Hafnarlandi er eign Njarðvíkurkirkju.

Höfn 28. des. 1921

Magnús Þorsteinsson, eigandi jarðarinnar.

Ofanskriðuðum landamerkjum erum við að öllu leyti samþykkir.

J.S. Filippusson eigandi Brúnavíkur.

Sigfús Gíslason eigandi Hofstrandar.

Undirskrift vantar frá forsvarsmanni Desjarmýrar.

Þjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 –

– fjórar krónur – Greitt A.A.



Landamerkjabref.

Landamerki Brúnavíkur og Hvalvíkur sem er sameign, eru þessi:

Að sunnan úr næsta vog sunnan við Gusugilsfjöru, í Glettingsbrún, utan við Glettingsgjót. Þaðan eftir röðum á Glettingskoll. Svo eftir hæstu fjallaröðum á Súlutind. Og svo eftir fjallsröð á Gagnheiði, þaðan norður Þrándarhrygg í mið(~~tind~~) strýp á Grenishæðum. Þaðan út fjallsraðir eftir því sem vötn falla til víkurinnar á Stekk^{hvammss}fell; þaðan austur Almenningsröð og í mitt Almenningsflesjarsund.

Brúnavík 25. janúar 1922

S. Filippusson eigandi

Eigandi Hofstrandar: Sigfús Gíslason

Magnús Þorsteinsson eigandi að Höfn

Vigfús I. Sigurðsson prestur á Desjarmýri.

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur

Fyrir hönd eiganda Breiðuvíkur, Bjarni Sveinsson

Undirskrift vantar frá forsvarsmanni Glettingsness.

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 – fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerkjabréf

jarðarinnar Kjólsvík í Borgarfjarðarhreppi.

Á milli Kjólsvíkur og Stóru-Breiðuvíkur eru landamerki þannig: Af Súlutindi á Háahrygg út eftir vörpum yfir Grenmóskoll, þaðan út á Stóratind ofan röð á Flugahorn, þaðan beint í sjó.

Á milli Kjólsvíkur og Brúnavíkur (Hvalvíkur) úr Súlutindi út hæstu fjallaraðir á Glettingskoll þar sem hann er hæstur. Á milli Kjólsvíkur og Glettingsness skilur bein lína af Glettingskoli á klett syðst á svokallaðri Löngumöl.

Kjólsvík 20. desember 1921

Eigandi jarðarinnar: Guðmundur Magnússon

Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur: Páll Sveinsson

Undirskrift vantar frá eiganda Brúnavíkur, og forsvarsmanni Glettingsness.

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 – fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Stóru Breiðuvíkur í Borgarfjarðarhreppi.

Landamerki Stóru-Breiðuvíkur og Litlu-Breiðuvíkur: Úr sjávarmáli frá þeim stað, þar sem Brunkutindur ber yfir Bringuhorn, þaðan beint í Bringuhorn, sem er melur sunnan við Víkurána. Þaðan eftir ánni í innra Gæsavatn.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Desjarmýrar: Úr miðju innra Gæsavatni upp í Hvítahnúk, þaðan út eftir eggjum á Gagnheiði.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Brúnavíkur: Af Gagnheiði, út eggjar í Súlutind.

Landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur: Af Súlutindi á Háahrygg út eftir vörpum yfir Grenmóskoll. Þaðan út á Stóratind ofan röð á Flugahorn, þaðan beint í sjó.

Héðan og að landmerkjum hennar að sunnanverðu til móts við Litlu-Breiðuvík, á hún allan reka að undantekinni Karlasteinsfjöru, eða þeim tveim básum, sem kallaðir eru nyrðri og syðri Hvalfjara, svo og Svínavík milli Skipavogs og Litla ness, þar sem reki er dæmdur Húsavíkurkirkju.

Njarðvík 15. desember 1921

Fyrir hönd jarðarinnar: Páll Sveinsson

Framanrituð landamerki samþykkjum vér undirskrifaðir:

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Desjarmýrar, samþykki ég undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús Í. Sigurðsson (prestur að Desjarmýri)

Framanrituð landamerki milli Stóru-Breiðuvíkur og Kjólsvíkur samþykki eg undirritaður.

p.t. Borgarfirði 4/1 1922

Guðmundur Magnússon eigandi Kjólsvíkur.

Undirskrift vantar frá eiganda Brúnavíkur.

Bjargi 31. janúar 1922.

Hannes Sigurðsson

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00 – fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Litla-Breiðuvík í Borgarfjarðarhreppi í Norður-Múlasýslu.

Úr Gríðarnestá, þeirri er skagar lengst í sjó, beina stefnu í Sólfjallstind. Ræður svo Sólfjallið, síðan Leirufjallið landamerkjum, miðað við fjallseggjar, inn á Hvítserkshnúk. Úr honum beina stefnu í fremra eða stærra Gæsavatn, og úr Gæsavatni beint í á þá, er rennur millum Breiðuvíkna og út eftir henni, alt að svokölluðu Melshorni eða Bringu sunnan við ána, og því næst beint til sjávar eftir línu eða beinni stefnu úr Bálki eða Brunku, sem er tindur á fjallinu milli Breiðuvíkur og Borgarfjarðar yfir Melshornið eða Bringu.

Jörðin á part í Húsavíkirkirkju, hlutfallslega við jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspart og Álftavík eftir hundraðatali.

Kirkjan í Húsavík á samkvæmt máldögum Vilkins, Gísla, vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780 þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðapínghá, og áttung suður frá Greipsgjá, til Almenningsfjörú (þetta er hvorttveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjörú og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík)

p.t. Húsavík 15. desember 1921

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens, Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki samþykkjum vér undirritaðir.

Húsavík 15. desember 1921

Árni J. Sigurðsson (eigandi Húsavíkur)

Elís Guðjónsson ábúandi Hólshúsa

Sveinn Pálsson eigandi Dallands

Björn Sveinsson eigandi á Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Stóru-Breiðuvíkur: Páll Sveinsson

Vigfús I. Sigurðsson (prestur á Desjarmýri.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00

– fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

kirkjujarðarinnar Húsavík í Borgarfirði

– en það eru jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland og Dallandspartur – eru þessi:

Að sunnanverðu af Örvasandi syðst, beina línu upp í Álftavíkurtind og þaðan eftir hæstu fjallaröðum inn Álftavíkureggjar í Miðmundapúfu. Úr Miðmundapúfu í Miðdegisfjall og þaðan eftir Fossadalsvarpi, yfir Nónfjall, eftir Neshálsi og upp á fjallið Skæling; þar næst fram og norður eftir fjallgördum á fjall er heitir Skúmhöttur, að því búnu eftir hæstu fjallaröðum út á svokallað Náttmálafjall og þaðan eftir Húsavíkurheiðarvarpi upp á Hvítserkshnúk. Því næst út fjallsraðir á Leirufjall og þaðan í Sólfjall og úr Sólfjallstindi beina stefnu í Gríðarnestá, er skagar lengst í sjó fram.

Kirkjan í Húsavík (en kirkjuna eiga jarðirnar Húsavík, Hólshús, Dalland, Dallandspartur, Álftavík og Litlavík, hlutfallslega eftir hundraðatali) á samkvæmt máldögum Vilchins, Gísla, vísitazíubók Brynjólfs biskups Sveinssonar 1655, Jóns biskups Árnasonar 1727, Ólafs biskups Gíslasonar 1748, Hannesar biskups Finnssonar 1780, þessi ítök: 16 hluta úr Ósreka í Hjaltastaðapinghá og áttung suður frá Greipsgjá til Almenningsfjöru (þetta er hvort tveggja undir Hafnarbjargi í Borgarfirði) undir Vogsfjöllum, alla Kallasteins eða Kaldasteinsfjöru og allan reka í Svínavík (þetta hvort tveggja í Stóru-Breiðuvík.)

Húsavík 26. desember 1921

Arni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur

Björn Sveinsson eigandi Dallandsparti

Fyrir hönd eiganda Litlu-Breiðuvíkur, Jóns Arnesens

Jón Stefánsson

Framanrituð landamerki milli Desjarmýrar og Húsavíkur samþykki eg undirritaður.

Desjarmýri 28. desember 1921

Vígfús I. Sigurðsson (prestur Desjarmýri)

Seljamýri 15. janúar 1922

Jón Jónson (eigandi Seljamýrar.)

15. janúar 1922

Halld. Pálsson (eigandi Ness.)

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.

Ítök reka, haga og fjörubeitar

Jörðin Húsavík í Borgarfjarðarhreppi á 5/8 – fimm áttundu – úr öllum reka Húsavíkureignarinnar, en það eru jarðirnar Húsavík, Dallandspartur, Hólshús og Dalland, en úr haga og fjörubeit téðrar eignar eftir hundraðatali (sem er fyrir 1000 – eitt þúsund – fjár og 30 – þrjátíu – stórgripi) samkvæmt gerðri áreið.

Árni J. Sigurðsson eigandi Húsavíkur.

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.



Landamerkjabréf

fyrir Álftavík

Landamerki milli Álftavíkur og Innri Álftavíkur er Mávabrík, upp raðir í Miðmundar-fjallstopp. Milli Álftavíkur og Húsavíkur eru landamerki út Miðmundarfjallsraðir í norðari Álftavíkurtind og þaðan beint í sjó norðan við Örvasand.

Hólshúsum 30. desember 1921

Elís Guðjónsson (eigandi Álftavíkur)

Halldór Pálsson (eigandi Innri Álftavíkur)

Sveinn Pálsson (eigandi Dallands.)

Elís Guðjónsson – samkvæmt umboði

Umboð.

Hjer með gef jeg Elísi Guðjónssyni bónda á Hólshúsum í Borgarfjarðarhreppi umboð til að undirskrifa landamerkjabréf Álftavíkur í Borgarfj.hr., fyrir mína hönd.

Sómastaðagerði 20/1 '22

Stefán Þorsteinsson

Vottar:

Sigurbjörg Árnadóttir

Sigríður Bech

Þinglesið á Borgarfjarðarmanntalsþingi 17. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals kr. 4.00

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

jarðarinnar Vestdalur í Seyðisfjarðarkaupstað.

Samkvæmt merkjadómi 26. sept. 1883, ræður Grýtá landmerkjum að austan, gagnvart Dvergasteinslandi, upp eftir hinum gamla farvegi sínum, utan við býlið Eiríksstaði, þaðan skáhalt í neðri enda svonefnds Grafgils, síðan upp eftir nefndu gili og beina stefnu úr efri enda þess upp á fjallseggjar.

Að suðvestan og vestan ræður Vestdalsá, fyrst gagnvart Vestdalseyri þangað sem Vestdalsá steypist fram af svo nefndum Arnarklettum (efri Vestdalseyrafoss) og síðan þaðan, gagnvart Fjarðarlandi, að upptökum árinna og þaðan beinalínu eftir síðast nefndri stefnu árinna og upp á hæstu fjallseggjar.

Að norðan ráða svo hæstu fjallseggjar milli framanskráðra merkja að vestan og austan.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Í umboði eiganda jarðarinnar, Bened. Jónasson

Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn nærliggjandi landa, viðurkennum framanskráð landamerki rétt að vera og ritum því til staðfestu eiginhandar nöfn vor hér undir.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Umráðamaður Dvergasteins Björn Þorláksson prestur á Dvergasteini

Eigendur Fjarðar Jón Jónsson

Í umboði eiganda Vestdalseyrar Bened. Jónasson

f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar Ari Arnalds

Þinglesið á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 7. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals. kr. 4.00 – fjórar krónur – Greitt. A.A.



Landamerki

Vestdalseyrar í Seyðisfjarðarkaupstað.

Gagnvart Vestdalslandi ræður Vestdalsá upp að svonefndum Arnarklettum (efri Vestdalseyrafoss) og þaðan ráða, gagnvart Fjarðarlandi, áður nefndir Arnarklettur inn í svonefndan Stríp, er stendur í gili, er sker sig niður í gegn um Arnarkletta, þaðan úr miðjum Strípunum bein lína í merkistein við sjóinn, er merktur er með bókstafnum M. hérumbil 90 föðmum utar en hinn svonefndi Festarsteinn.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Í umboði eiganda Vestdalseyrar, Bened. Jónasson

Vér undirritaðir eigendur og umráðamenn nærliggjandi landa, viðurkennum framanskráð landamerki rétt að vera og ritum því til staðfestu eiginhandar nöfn vor hér undir.

Seyðisfirði 5. desember 1921

Eigendur Fjarðar Jón Jónsson

Í umboði Vestdals Bened. Jónasson

f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar Ari Arnalds

Þinglesið á Seyðisfjarðarmanntalsþingi 7. júlí 1922.

Gjöld:

Þingl.gj. kr. 3.00

Stimpilgj. kr. 1.00

Samtals. kr. 4.00

– fjórar krónur –

Greitt. A.A.



Landamerki

milli Jórvíkur og Jórvíkurhjáleigu.

Lýsing á landamerkjum milli Jórvíkur og Jórvíkurhjáleigu

1. Að Jórvíkurlandi að austan, frá Klúkuvatni við Selfljót, bein lína í norðurhorn túngirðingar við Hjáleigutún, þaðan ræður túngirðing í „Einbúa“ sunnan við Jórvíkurtún, þaðan bein lína í norðausturhorn Sauðahrauns og þaðan suður í Staðararfoss.
2. Í landi Jórvíkurhjáleigu, liggja Jórvíkurengjar, sem takmarkast að norðaustan, af kíll, sem rennur fyrir neðan Jórvíkur-tún í tjörn þar fyrir neðan og í bogalínu úr kílsós í skurð sem fellur í Staðará við Leiruvað, þaðan ræður áin að austan að girðingu, sem ræður merkjum að vestan, að túngirðingu Jórvíkur.
3. Austan Staðarár, liggur engjablettur, sem nefnist „Þrætubakkar“, tilheyrandi Jórvík. Engi þetta takmarkast af ánni að norðan og „Lænu“ (gömlum vatnsfarveg) að austan. Að utan úr ytri krók „Lænu“, bein lína norður í fremri krók árinna.

Jórvík, 9. október 1938.

Hallur Bjarnason – hreppstjóri –

Jón Þórarinsson ábúandi í Jórvík

Vilhjálmur Magnússon eigandi og ábúandi Jórvíkurhjáleigu

Vitundarvottar:

Loftur Þorkelsson

Margrjet Hallsdóttir



Landamerki

Þau er notuð hafa verið milli Brekku og Brekkusels (í Tunguhreppi) hafa í okkar tíð verið sem hér segir:

Úr merkjalínunni austan við lækjargilið í Miðmorgunshraun. Þaðan bein stefna í Hafsásklauf í gamalt garðbrot sem liggur þar austur. Þaðan bein stefna í stóran stein með grastó, sem stendur utarlega á Þverklettum. Þaðan bein stefna austur í landamerkin austan við Mjóadalinn í vörðu, sem þar verður hlaðin.

Brekkuseli 24. mars 1943

Sigurjón Þórarinsson

Halldór Árnason



Landamerki

Skerjavíkurtanga:

Afrit af úttektafbók Vopnafjarðarhrepps.

Við síðustu túnskifti í Leiðarhöfn í Vopnafjarðarhreppi, varð samkomulag um á milli eigenda Leiðarhafnar, Sigurðar Bjarnasonar og Ólafs Albertssonar, að ákveða landamerki á svonefndum Skerjavíkurtanga þannig:

Að vestan úr Stóruhlein í miðri Skerjavík ca. 48 m. frá flóðmáli upp á bakkann.

Að austan úr hleininni, sem gengur fram í miðjan Krossvog upp að götu.

Að norðan ræður girðing, sem liggur neðan við götu milli hornstaura.

Leiðarhöfn 23. október 1943.

Sigurður Bjarnason

Ólafur Albertsson

Vitundarvottar:

Sigmar Jörgensson

Friðrik Sigurjónsson

Rjett afrit staðfestir:

Ytri-Hlíð, 8/11 1943

Friðrik Sigurjónsson hreppstjóri Vopnafjarðarhrepps

Innfært í landamerkjaskrá Norður-Múlasýslu bls. 128 og verður þinglesið á manntalsþingi Vopnafjarðar 1944

H.V.

Gjöld:

Þinglesturs.gj. kr. 4.20

Stimpilgj. kr. 1.40

Samtals. kr. 5.60

fimm krónur og sextíu aurar

Innf. H.V.



Landamerki

Bótar í Tunguhreppi 1/3 Stefáns Peturssonar

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Bót í Tunguhreppi, höfum eftir ósk Stefáns Peturssonar ákveðið að skifta hans hluta sem er 1/3 hluti úr jörðinni.

Skiftin ákveðast þannig:

Í hlut Stefáns komi svonefndir Tangar, sem er landsvæði inn og vestur frá bænum í Bót.

Landamerki ákveðast þannig:

Rangáin ræður landamerkjum að sunnan, austan og vestan. Að norðaustan og norðan ræður Botarlækur frá Rangá að ~~neðan norðan ræður~~ neðan og upp í túngirðinguna í Bót, síðan bein lína úr tungirðingunni að vestan, með Selvörðum um Selsund og upp í Rangá fyrir vestan Selós. – Þessu landi fylgir einnig landræma, sem Bót á innan við Rangána, en utan og neðan við Egilsselsland út að Kolhöfða.

Ennfremur skulu fylgja ítök í afrétt í Bótarheiði.

Þessu landi fylgir 1/3 hluti úr túni og húsum í Bót.

Bót í Tunguhreppi, 26-9-1948.

Stefán Petursson

Ingibjörg Petursdóttir

Eiríkur Petursson

Innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu bls. 129 og verður þinglesið á manntalsþingi Tunguhrepps 1949.

Gjöld:

Þinglesturgjald kr. 6.00

Stimpilgj. kr. 2.00

Samtals. kr. 8.00 – átta krónur –

Innfært H.V.



Landamerkja- og landskiftasamningur

á milli eigenda og ábúenda jarðanna Holts (áður Skeggjastaða II) og Skeggjastaða I og Skeggjastaða III, allra í Fellahreppi í Norður-Múlasýslu.

- - -

Við undirritaðir, eigandi Holts annarsvegar og eigendur Skeggjastaða hinsvegar, gjörum hér með eftirfarandi samning um landskifti og landamerki ofangreindra jarða.

- I. Holti skal hér eftir fylgja land, sem takmarkast af þeim landamerkjum, sem hér greinir frá:
 - A. Að framan ráða áður sett landamerki milli Skeggjastaða og Hrafnsgerðis í sömu sveit.
 - B. Að utan skulu landamerki milli Holts og Skeggjastaða vera sem hér segir:

Úr Hrossahraunsklöpp við Lagarfljót ræður hagagirðing um Hrossahraun að þjóðveginum. Þaðan ræður þjóðvegurinn að túngirðingarhorni ofan vegarins út af Hádegismel.

Túni skiftir landamerkjagirðing.

Úr túni að ofan liggur landamerkjagirðing beina línu upp utan rafstöðvarhúss, framan á Hillukletti, beina línu í Hlíðarklett. Þaðan ræður girðing um Hlíð að Kúahlíðarvaði á Teigará og þaðan um Selásbotn í Jökulbotn í Brúnum.
- II. Land innan núverandi ofangreindra landamerkja fá núverandi og síðari eigendur Holts til fullrar eignar og afnota.
- III. Þar á móti skulu eigendur Skeggjastaða fá til eignar og afnota allt land milli áðurgreindra landamerkja Holts og Skeggjastaða, að landamerkjum Skeggjastaða og Hofs í sömu sveit.
- IV. Hér með skulu úr gildi falla áður gjörðir samningar um tún og engjaskifti í landi Skeggjastaða.
- V. Vatnsréttindi til raflýsingar skulu vera sameiginleg fyrir allar jarðirnar.

Skeggjastöðum, 19. júní 1952.

Hallgrímur Ólafsson (eigandi Holts)

Páll Jónsson (eigandi Skeggjast. III)

Pórey Brynjólfsdóttir (eigandi Skeggjastaða I)

Vitundarvottar:

Haraldur Þórarinsson

Vigfús G. Þormar



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Þinglesið á manntalsþingi Fellahepps 1952

Gjöld:

Þinglesturgjald kr. 7.20

Stimpilgjald kr. 2.40

Samtals. kr. 9.60

– níu krónur 60/100 –

Innfært H.V.



Landskiftagjörð

Við landsskifti á jörðinni Vakursstöðum í Vopnafjarðarhreppi voru mættir ásamt hreppstjóra Vopnafjarðarhrepps, eigendur Vakursstaða I og Vakursstaða II. Einnig eigandi beitarítaks frá Ytri-Hlíð, Friðrik Sigurjónsson.

~~Samkvæmt~~ Samkomulag varð um að skifta landi jarðarinnar þannig:

Nýbýlinu Vakursstöðum II skal tilheyra land innan tilgreindra landamerkja:

Vestan Vesturdalsár en landamerki að vestan úr tungirðingu við bæjarlæk utan við Flugu í stein á Tungubrún – þaðan bein lína í torfvörðu á Hólaöldu.

Að austan raða áður skráð merki á milli Ljotsstaða og Vakursstaða í Vesturdalsá. Síðan ræður Vesturdalsá suður að Bæjarneskíl og Bæjarlæk.

Sunnan Vesturdalsár raða þessi merki: Að austan ur Vesturdalsá við vesturhorn Kúeyrar í vesturhorn tungirðingar á Gröf (beitarhús) – þaðan beina línu í vörðu á Fellsás. – Þaðan í landamerkjavorðu á Selfjalli.

Að vestan frá vörðu í Selfjalli raða áður skráð landamerki á milli Vakursstaða og Búastaða.

Vakursstöðum 13. marz 1954.

Eigandi Vakursstaða I. Elisabet S. Sigurðardóttir

Eigandi að Vakurstoðum II. Halldór Petursson, Ólafur Petursson

Eigandi beitarítaks Ytri-Hlíðar: Friðrik Sigurjónsson

Friðrik Sigurjónsson – hreppstj. Vopnafjarðarhr.

Þinglesið á manntalsþingi Vopnafjarðarhrepps 1954 Ltra G II-112

Þinglestursgjald kr. 7.20

Stimpilgjald kr. 2.40

Samtals. kr. 9.60

– níu krónur og 60 aurar –

Innfært EB.



Brekkugerði.

Samkv. umsögn hreppstjóra Fljótsdalshrepps, Vigfúsar G. Þormar, í bréfi, dags. 1. sept. 1954, eru landamerki jarðarinnar, sem hér segir:

Milli Brekkugerðis og Brekku: Illakelda frá Lagarfljóti á Vísihraun og þaðan í Selgilskjaft um Selgil í Fremri-Hestufsarenda og þaðan sjónhending í Hengifossá.

Milli Brekkugerðis og Brekkugerðishúsa: Brúarlækur frá Lagarfljóti niður á Öldur og þaðan sjónhending í Hengifossá.

Eigandi Brekkugerðis (og Brekku), sýslusjóður, hefir með byggingarbréfi fyrir jörðinni, staðfestu af Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1. okt. 1954, samþykkt fyrir sitt leyti framanskráð landamerki.



Landamerki

Brekkugerðishúsa

Brekkugerðishús og Brekkugerði: Brúarlækur frá Lagarfljóti í Rauðsvatn, úr Rauðsvatni norður yfir öldur í hólma, sem er í Hengifossá. Geitagerði Brekkugerðishús: Marklækur frá Lagarfljóti að Ásmundarbrekku í Kaplabotna – þaðan sjónhending í vörðu á brunum sunnan við Hauk og áfram beina línu norður yfir Öldur í Graskílsós.

Geitagerði 30. nóv. 1955.

Jón J. Kerúlf Húsum

Jóhanna Jörgensdóttir Kerúlf Brekkugerði

Vigfús G. Þormar Geitagerði

(Jur.1742.1955. – Lr.n.hrstj.)



Landamerki

fyrir hluta úr Geitavík I Borgarfirði

Lysing á úrskiptum hluta Sigurðar Pálssonar úr jörðinni Geitavík I í Borgarfjarðarhreppi Norður-Múlasýslu.

Landamörk – Að vestan: Þvergirðing meðfram fjalli.

Að sunnan: Þar eru öll landamörk sameiginleg norðurmörkum nýbýlisins Geitlands, og eru sem her segir: Neðan þjóðvegur: skurðgröfuskurður. Ofan vegar. Skurður meðfram túni á Geitlandi en er honum sleppir girðing í beinni stefnu úr skurðinum og í þvergirðingu með fjalli, sem áður er nefnd.

Að austan: Sameiginleg landamerki með Merki. – Bein lína úr landamerkjaskurði Geitlands og Merkis um efstu svarðargrafir í skurð á suðurmörkum Geitavíkur II.

Að norðan: Þar eru landamerki sameiginleg með Bláar og Ennahluta Geitavíkur II og eru sem her segir: Skurðgröfuskurður upp undir neðstu Enni, úr honum bein lína í markstein við þjóðveg norðan Stekkjalækjar, þaðan úr vegaræsi þar sem Stekkalækur fer undir þjóðveg og beina línu í markahnaus í Háennum, og úr honum eins stefnandi lína í markahnaus við áðurnefnda þvergirðingu meðfram fjalli: Stærð þessa lands er sem hér segir: Ofan vegar 120.000 m² eða 12ha. Neðan vegar 131.660 m² eða 13.166 ha.

Þá fylgir hluta Sigurðar Pálssonar og eftirgreint land. I. Feta innan marka Geitavíkur I. Spilda milli annars og þriðja þverskurðar, talið frá þjóðvegi, liggur að skurði sunnan túns í Geitavík I að norðan, og í mörk Bláarhluta Geitavíkur II að sunnan, og spilda er takmarkast af þjóðvegi að neðan vestan að norðan af skurði er tengir 1. og annan þverskurð talið frá vegi, að austan af 2. skurði frá vegi og að sunnan af mörkum í Bláarhluta Geitavíkur II. Stærð þessa lands er sem her segir: Fyrr talin spilda 16.100 m² = 1.61 ha. – Síðar talin spilda 5950 m² = 0,6 ha (tæpir): Allt landið er því:

120.000 m²

131.660 m²

16.100 m²

5950 m²

273.710 m²

eða 27.371 ha.

Jarðarhluta þessum fylgir hlutfallslegt beitiland til jafns við aðra hluta Geitavíkur, hlutfallslegur reki, fjörubeit og aðstaða til útræðis og uppsáturs – Einnig fylgir þessum hluta óskipt land í Geitavík I. að stærð 2.3 ha.

Geitavík 1. júlí 1956.

Sigurður Pálsson



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Að rétt sé hermt framanskráð

vottar:

Daníel Pálsson



Landamerki

á milli Krossavík I og Krossavík II: (sjá Ltra A nr 123)

Úr Grímshlí í Tjaldstein, úr Tjaldsteini beina línu í miðjan fjóshlöðuvegg í Krossavík I. Þaðan í bæjarlæk á milli íbúðarhúsa Krossavíkur I og Krossavíkur II. Þaðan sjónhending í norðurenda klappar ofan Neðri Rauðár. Þaðan í Rauðárós.

Það skal tekið fram, að ábúendum Krossavíkur I og ábúendum nýbýla, sem þar kunna að rísa upp, er heimilt að fá engjar til slæгна í landi Krossavíkur II næstu 5 ár, ef þeir óska þess.

Reka og öðrum hlunnindum jarðanna er óskift.

Var skiftum þar með lokið og undirrita hlutaðeigendur gjörð þessa henni til staðfestingar.

Krossavík 26. ágúst 1959.

Sigmar Jörgensson

Frímann Jakobsson

Friðrik Sigurjónsson

Sigurður Pétursson

Páll Metúsalemsson

Þinglesið á manntalsþingi Vopnafjarðarhrepps 1960. Ltra NII-72

Þinglestrargjald kr. 110,-

Stimpilgjald kr. 288,-

Samtals kr. 398,- – þrjúhundurð níutíu og átta krónur 00/100

Innf. E.B.



Landamerki

á milli Njarðvík I – II – III – IV og V. (sjá bls 101)

Landamerki um land Bóasar Sigurðsson eru: Girðing meðfram sjó, girðing inn með Njarðvíkurá, heimreið að nýbýli á landi Borgarfj.hr. að vestan og þaðan frá steini, sem settur var í tún, og n-austur í staur, sem settur var í girðingu við sjó.

Gert var ráð fyrir vélgröfnum skurði á landamerkjum að norðan. Land Bóasar, 2 hndr. með stekkjartúni, nam 15.5 hekt. Enn fremur féll í hlut Bóasar svokallað stekkjartún.

Land Borgarfjarðarhrepps takmarkast af landi Bóasar að sunnan, þaðan áfram vestur í staur, sem rekinn var niður, þaðan til norður efst í Þoragarð, þaðan út með fjalli að Stekkárgili og með því að landi Bóasar við sjó. Land Borgarfjarðarhrepps, 3½ hndr., nam 27 hekt.

Ekki var óskað skifta milli Hafnar- og Sandbrekkusystkina, en í þeirra hlut féll ræktanlegt land frá Króksfjöru inn að innri Hvannagilsá, norðan við Njarðvíkurá, ræktanlegt land frá Göngudalsá inn að Hryggjum og utan við Göngudalsá að landamerkjum um lönd Bóasar Sigurðssonar og Borgarfjarðarhrepps, og að sunnan, að eyrum við Njarðvíkurá alls 109.5 hekt. Mismunur á túnastærð, sem fram hefur komið við skiftin, skal jafnaður samkvæmt gildandi lögum, þegar ábúendaskifti verða.

Hlunnindi og aðra nytjar jarðarinnar eru óskift.

Skiftum lokið.

Njarðvík 10.-8.-1959

Sigbjörn Guðmundsson

Þorsteinn Magnússon

Eyjólfur Hannesson

Hilmar Jónsson

Bóas S. Eydal

F.h. erfingja Jóhönnu Þorsteinsdóttur, Þorsteinn Sigfússon e.u.

F.h. Borgarfjarðarhrepps, Ingvar Ingvarsson

Þinglesið á manntalsþingi Borgarfjarðarhrepps 1960.

Lagt í veðmálabók Ltra NII nr 73

Þinglestursgjald kr. 25,-



Landamerki

á milli Hrafnabjarga I og IV

2. Úrskift land Hrafnabjarga IV takmarkast þannig. Að sunnan landamerkjálína Fossvalla og Hrafnabjarga frá Laxárós að Hrafnabjörgum. Að vestan Hrafnabjörg að fremri klauf í Hrafnabjörgum. Að norðan lína hugsuð dregin beint um fremri klauf á Kelduklett í Stóra stein í Háholti í Bakkahvammi fremri við Jökulsá á Brú.

Öll ónefnd hlunnindi eru óskift, og njóta jarðirnar þeirra hlunninda í samræmi við eignarhlutföll sín.

Ragnar Jónasson

Guðmundur Björnsson

Jónas G. Þórarinsson

Vitundarvottar

Þórólfur Stefánsson

Oddrún Sigurðardóttir



Landamerki

jarðarinnar Melavellir í Skeggjastaðahreppi Landskiptagjörð (Ltr. G.II. 230)

Í dag höfum við undirritaðir mælt og úthlutað 15 ha. landi úr jörðinni Miðfirði, til nýbýlinu Melavalla, sem er byggt úr téðri jörð. Landið er mælt úr eignarhluta Tómasar Pálssonar, sem er hálf jörðin. Landamerki landsins eru sem hér segir:

Að norðan takmarkast landið af melabrunum ofan við tún í Miðfirði. Að sunnan milli tveggja varða undir Miðfjarðarhálsi. Að suðvestan úr fremri vörðu undir hálsi í vörðu á melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi í vörðu á melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi og í túngirðingu í Miðfirði.

Miðfirði, 3. ágúst 1953

Jón G. Valdimarsson, hreppstjóri (sign.)

Haraldur Guðmundsson (sign.)

Pjetur M. Gunnarsson (sign.)

Helgi Gíslason, trúnaðarmaður (sign.)



Landamerki

jarðarinnar Deildarlækur í Vopnafjarðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. I.II. 25):

Jeg undirritaður eigandi og ábúandi jarðarinnar Fell í Vopnafjarðarhreppi, N.-Múl., sel hjer með og afsala til sonar míns Friðjóns Gunnlaugssonar land til stofnunar nýbýlis, sem takmarkast af eftirgreindum landamerkjum:

Að austan ræður þjóðvegur frá merki niður af norðaustur túnhorni Fells, að landamerkjum Hofs. Að sunnan ráða landamerki Hofs upp að brekkum neðst í hlíðinni. Þaðan ræður vesturmörkum bein lína neðst í brekkunum að túngirðingu Fells. Að neðan ræður túngirðingin mörkum og bein lína í framhaldi af henni að þjóðvegi.

#

Land þetta sameinast ef erfðaábúðarlandi því, sem Friðjón fær frá prestsetrinu Hofi og er óaðskiljanlegur hluti þess sem lögbýlisjörð.

#

Felli, 13. ágúst 1955.

Gunnlaugur Jónsson

Vitundarvottar:

Sigurjón Þorbergsson

Halldór Ásgrímsson



Landamerki

jarðarinnar Engihlíð í Vopnafjarðarhreppi.

Útdráttur úr afsali (I.II. 68):

Ég undirrituð eigandi Svínabakka í Vopnafirði afsala hér með til sonar míns Halldórs Björnssonar landi til stofnunar nýbýlis úr eignarjörð minni Svínabakkar. Land þetta takmarkast þannig:

Austan þjóðvegur svonefnd Tunga, þ.e. land allt milli Selár að sunnan og Haugsár að norðan og ráða þinglesin landamerki jarðarinnar að austan takmörkum landsins. Fylgir með í afsali þessu tún það sem í tungunni er og fjárhús fyrir 130 fjár og hlaða yfir 250 hesta. Ennfremur fylgir með í afsali þessu ræktanlegt land ca. 30 hektarar, sem afmarkast þannig: Suðaustan af skurði og girðingu norðaustan af gamla túninu (gamall skurður og girðing). Suðvestan af Haugsá og Selá og norðvestan frá svokölluðum fremri vörðum sjónhending í þjóðveginn, enn fremur fylgja býlinu 3 hektarar nýrækt, sem liggur utan Haugsár.

#

Svínabakka í Vopnafirði 10/9 1955

Ólafía Sigríður Einarsdóttir

Vitundarvottar:

Sigurjón Þorbergsson

Kristján Höskuldsson



Landamerki

jarðanna Hámundarstaðir I, II, III og IV í Vopnafjarðarhreppi.

Landskiptagjörð (Ltr. KII. 228)

#

Landamerki milli Hámundarstaða I og III annars vegar og Hámundarstaða II hins vegar, skulu vera eftirfarandi: Kvíagilslækur og Kvíagil ræður frá sjó og upp á móts við Gráastein, frá Gráasteini í vörðu 100 metra utan við Grjóthól og úr þeirri vörðu beina stefnu yfir Bæjaröxl í ytri enda Steinsaxlartjarnar. Tilheyrir útlandið Hámundarstöðum I og III, en framlandið Hámundarstöðum II.

Heiðarland ofan axlar er óskipt. Þó skal hver ábúandi nytja slægjur í heiðinni upp af sínu landi. Túnstykki utan Kvíagilslækjar, sem áður tilheyrði Hámundarstöðum II, fellur nú undir Hámundarstaði I, en í stað þess fá Hámundarstaðir II svokallað Frambæjartún, og greiði eigandi Hámundarstaða II verðmismun túnanna, kr. 6.000,- sex þúsund krónur – til eiganda Frambæjartúns, Sigríðar Sveinbjörnsdóttur, Hvammstanga.

Hlunnindi, svo sem veiðiréttur í ám og vötnum, æðarvarp, reki og uppsátur, sé sameign, að helmingi milli Hámundarstaða I og III annars vegar og Hámundarstaða II hins vegar.

Ábúandi Hámundarstaða II er heimiluð vetrararbeit fyrir þrjá hesta í landi Hámundarstaða I og III.

Var skiptum þar með lokið, og undirrita hlutaðeigendur gerð þessa henni til staðfestu.

Hámundarstöðum 15. júlí 1957

Sigríður Jósefsdóttir, Sigríður Sveinbjarnadóttir, Einar Sveinbjörnsson

Friðrik Sigurjónsson, Sigmar Jörgensson, Páll Methúsalemsson

Að loknum skiptum milli Hámundarstaða I og III og Hámundarstaða II, sbr. skiptagjörð hér að framan, var tekið fyrir að skipta væntanlegu nýbýli Guðna Stefánssonar úr landi Hámundarstaða II, og fóru þau skipti fram sem hér segir:

Ræktunarland nýbýlisins verður sem hér segir: Að utan ráða landamerki við Hámundarstaði I og III ofan mela upp að Taðbakka, og ræður Taðbakki að ofan inn á móts við Skemmugil. Að framan ræður Skemmugil og melbrún að neðan út að Kvíagili. Inn í þessu er tún það, sem Guðni er þegar byrjaður að rækta. Önnur tún fylgja áfram Hámundarstöðum II. Að öðru leyti er land og hlunnindi óskipt sameign og helmingaeign.

Hámundarstöðum, 15. júlí 1957.

Sigríður Jósefsdóttir, Guðni T. Stefánsson

Friðrik Sigurjónsson, Sigmar Jörgensson, Páll Methúsalemsson



Landamerki

jarðanna Háteigur í Vopnafjarðarhreppi
Afsal (Ltr. L II. 14)

Hér með afsala ég til fullrar eignar 30 ha. af óræktuðu landi úr eignarjörð minni Hrappsstöðum í Vopnafirði til Sigurðar Björnssonar, Hrappsstöðum vegna nýbýlis, er hann ætlar að byggja á téðu landi. Landinu fylgja beitarréttindi í landi jarðarinnar að $\frac{1}{4}$ hluta óskipt, svo og önnur réttindi í sama hlutfalli. Landið liggur norðaustan túns á Hrappsstöðum og takmarkast af landi nýbýlis Hallgríms Helgasonar að suðvestan, úr langamelsenda undir Hrappsstaðahálsi í Stóramóslág, um Stóramó í Stekkjarhvammi við Brunná. Afsal þetta tekur gildi, þegar veðbönd, sem hvíla á landinu eru leyst.

Hrappsstöðum, Vopnf. 4/11 1957
Helgi Gíslason

Vitundarvottar
Björgvin Stefánsson
Kristján Höskuldsson



Landamerki

jarðarinnar Hrappsstaðir II í Vopnafj.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr. L II. 13):

Hér með gef ég afsal fyrir 30 ha af óræktuðu landi úr eignarjörð minni Hrappsstöðum

#

Landið liggur norðaustan túns á Hrappsstöðum, úr Réttarmel í Langamelsenda, um þýfi í Svarðalækjarós við Brunná. Landinu fylgja beitarréttindi í landi jarðarinnar að ¼ hluta, svo og önnur réttindi í sama hlutfalli.

#

Hrappsstöðum, 28. nóv. 1957

Helgi Gíslason

Vitundarvottar

Stefán Ásbjarnarson

Sigurður Björnsson

Afsal (Ltr. K II. 280)

Hér með afsala ég til fullrar eignar 2 ha af óræktuðu landi úr eignarjörð minni Hrappsstöðum í Vopnafirði, til Hallgríms sonar míns, gegn jafn stóru landi úr áður afsöluðu nýbýlislandi hans, og eru þetta því landskipti vegna gripahúsbyggingar, með tilliti til hentugri aðstöðu á jörðinni. Landið liggur suðvestan túns á Hrappsstöðum og takmarkast af túngirðingu að norðaustan, en bæjarlæk að norðvestan og suðvestan. Að suðaustan nær landið upp að neðstu brekku í Hrappsstaðahálsi.

Hrappsstöðum 1/11 1957

Helgi Gíslason (sign.)

Vitundarvottar:

Sigurður Björnsson (sign.)

Gunnsteinn Karlsson (sign.)



Hróaldsstaðir I og II í Vopnafjarðarhreppi (sjá og Ltr. A-II)

Landskiptagjörð (Ltr. K II. 281)

#

Landamerki eru þessi:

Land Steingríms Sigmundssonar er útpartur jarðarinnar og takmarkast að norðvestan, norðaustan og suðaustan af þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða. Frá Selá, þar sem Litlaá kemur í hana, ræður Litlaá mörkum suðvestan að landinu að upptökum hennar og þaðan sjónhending til heiðar eftir höfuðstefnu árinna, þar til sú lína sker þinglesin landamerki jarðarinnar. Steingríms jarðarluta fylgi einnig úthluti túns, 4 hektarar, og er því skipt með beinni línu og hornmörk uppsett.

Veiðirétt á hvor jarðarlut að hálfu og er hann sameign.

Hreppurinn fær inn-hluta jarðarinnar innan áðurlýstra marka og þann hluta túns, sem er innan við áðurgreinda túnmarkalínu.

#

Hróaldsstöðum, okt. 1957

F.h. hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps

Sigurður Gunnarsson – oddviti –

Steingrímur Sigmundsson

Vitundarvottar:

Jóhanna S. Sigurjónsdóttir

Ívar Björnsson



Ljótsstaðir I í Vopnafjarðarhreppi

Landskiptagerð (Ltr. F II. 230)

#

Landamerki túns og hins ræktanlega lands voru ákveðin sem hér segir:

Milli túns býlisins og heimatúns á Ljótsstöðum, eru merkin þannig:

Úr Vesturdalsá í skurðgröfuskurð, sem liggur upp í Ljótsstaðtún, og úr efri beygju hans í vörðu á mel fyrir ofan tún. Að suðaustan ræður Vesturdalsá, að mörkum Torfastaða og Ljótsstaða, og þaðan merkjalækur á mörkum sömu jarða að rótum Vesturdalsháls. (sjá landlýsingu). Beit og engjar, sem tilheyra býlinu eru óskipt.

Ljótsstöðum, 20. nóv. 1953

I Nýbýlanefnd N.-Múl.

Helgi Gíslason

Friðrik Sigurjónsson, hreppstj.



Refsstaður II í Vopnafj.hr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. C II. 210)

#

Landshluti þessi takmarkast þannig:

Allt land milli Selár og línu, sem hugsast dregin sjónhending úr Tungugili á milli Selár og Haugsár í Byttugil norðan Hofsár, ofan að svonefndu Miðnesi, og norður nesið síðan, þar til það fellur í Selá.

Innan þessara landamerkja er þó um tveggja hektara tún, sem tilheyrir heimajörðinni, og skal nýbýlið skila jafn stóru ræktuðu landi.

Sömuleiðis er innan þessara merkja svarðarland ca. einn hektari í svökölluðum Svarðartöngum, skal það tilheyra heimajörðinni að hálfu.

Land nýbýlisins er 32 hektarar, sem er allt gott land til ræktunar, og er í þessu stykki 50-70 hesta engi árlega.

Beitiland er að öðru leyti óskipt, en nýbýlið skal hafa aðgang að 40 hesta engi árlega úr heimajörðinni, ef ábúandi þess hefur sjálfur þörf fyrir það.

#

p.t. Vopnafirði, 29/11 1951

Páll Methúsalemsson bóndi Refstað, Vopnafirði

Vitundarvottar:

Ásgrímur Halldórsson

Kristján Höskuldsson



Refsstaður III í Vopnafj.hr.
Útdráttur úr afsali (K II. 242)

#

... eftirgreindan hluta úr jörðinni Refstaðir I:

Landspilda, er takmarkast að utan af affallsskurði, að ofan af þjóðveginum, að framan af línu, sem er sjónhending úr Selárgljúfri um íbúðarhúsið Refsstað I í framenda íbúðarhússins á Ásbrandsstöðum, að neðan takmarkast spildan af svonefndu Miðnesi. Landspilda þessi er sem næst 30 hektarar og fylgja með henni í kaupum þessum $\frac{1}{4}$ – einn fjórði hluti – af óræktuðu og óskiptu landi jarðarinnar Refsstaður I. Þá fylgja með í kaupum þessum girðingar, sem nú eru um hluta áðurgreindrar landspildu, en að öðru leyti fylgja henni ekki nein mannvirki.

#

Vopnafirði, 26. júlí 1957

Páll Methúsalemsson, seljandi

Erlingur Pálsson, samþykkur sem kaupandi

Vitundarvottar:

Árni Halldórsson

Sigurjón Þorbergsson



Skógar II í Vopnafj.hreppi
Útdráttur úr afsali (K II. 283)

#

Þessum jarðarhelming fylgir líka af hálfu öll hlunnindi Skóga ásamt öllum öðrum gögnum og gæðum, sem jörðinni tilheyra.

Landamerki þessa jarðarluta, sem nefnist Skógar II eru eftirfarandi:

Að vestan ræður Bæjarlækur frá Lónum upp að upptökum hans. Þaðan sjónhending í vörðu á Núpshala. Úr þeirri vörðu sömu stefnu í vörðu við Hagagirðingu frá Skógum. Frá þeirri vörðu ráða að austan og norðan landamerki milli Skóga og Fremra-Nýps og Breiðumýri og Skóga. Einnig fylgir þessum jarðarluta lóð sú, sem fjárhús og hlaða Jóns Þorgeirssonar standa á sem nær 15 metra út frá húsunum á alla vegu nema að neðan, þar bein lína niður í heimreið.

#

p.t. Vopnafirði, 18. nóv. 1957

Jósep H. Jónsson

Vitundarvottar:

Sigurjón Þorbergsson

Kristján Höskuldsson



Vakursstaðir III í Vopnafj.hr.
Landskiptagjörð (Ltr. O II. 80)

#

Vakursstaðir III fái þann hluta af Grafarlandi, sem tilheyrir Vakursstöðum I samkv. áður bókuðum landamerkjum jarðarinnar.

Einnig fylgi nýbýlinu ræktunarland sem hér segir:

Að neðan ræður skurður, sem ligga að vegi á milli túna Vakursstaða II og III og ræður sá vegur að ytra fjóshorni. Síðan bein lína úr syðra fjóshorni 65 metr vestur á túnið. Þaðan vestast í skurð, sem liggur að heimreið, og ræður sá skurður að Vesturdalsá.

Heimilt er nýbýlinu að nota beitiland á flóum ofan brúna að jöfnu við Vakursstaði I, þegar það notast.

Hlunnindi jarðanna Vakursstaðir I og Vakursstaðir III skiptast til helminga.

#

Vakursstöðum, 19. júlí 1960

Jón Pétursson

Sigurður Pétursson

Vitundarvottar:

Friðrik Sigurjónsson

Hallgrímur Helgason



Ytri Hlíð II í Vopnafj.hr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. H II. 202)

#

Friðrik Sigurjónsson selur Sigurjóni Friðrikssyni ½ jörðina Ytri-Hlíð í Vopnafjarðarhreppi. Fasteignamat jarðarinnar er kr. 14.800,-

Þessum jarðarhluta fylgi ½ engjaland og ½ beutiland jarðarinnar. Er landinu óskipt að öðru leyti en því, að þessum hluta jarðarinnar fylgir landið sunnan við túnið á milli Túngrófar og Litlár og upp að Arndísarmel. Einnig fylgir (nýbýlinu) – þessum hluta – tún suðvestan við Túngróf og neðan við Lindarskurð og allt túnið neðan við brautina, sem liggur austur túnið að Kotlæk, og markast af afleggjara af þjóðvegi að suðvestan. Sömuleiðis fylgir ½ íbúðarhúsið og ½ viðbygging, (fjós, hlaða og haughús.) Einnig ½ verkfærageymsla og ½ kartöflugeymsla og þrjú fjárhúsin heima, ásamt minni votheysgrifjunni við fjárhúsin. Ennfremur fylgir þessum hluta að hálfu öll gögn og gæði jarðarinnar, önnur en fram er tekið hér að framan.

#

Vopnafirði, 14. marz 1955

Friðrik Sigurjónsson

Sigurjón Friðriksson

Vitundarvottar:

Kristján Höskuldsson

Sigurjón Þorbergsson



Árteigur í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. B II. 72)

#

Landið, sem ég gef áðurnefndum hjónum, er að stærð 55 ha. og er meirihluti þess lands ágætlega fallinn til ræktunar.

Landamerki milli heimajarðarinnar [Hnitbjarga] og væntanlegs nýbýlis verða þessi:

Að norðan, úr vörðu við svokallað bæjardrag beina línu í efri Sandborg, þaðan beint í ytra Háabrot við Jökulsá.

Að vestan, verða landamerki úr áðurnefndri vörðu í við bæjardrag í skurð við gamla bæ og frá honum beina stefnu í vörðu við Jökulsá.

#

Hnitbjörgum, 14/8 1949

Kristján Gíslason

Vitundarvottar:

Björn Guðmundsson

Vilhelm Kjartansson



Breiðamörk II í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. V II. 217)

Ég undirritaður, Sigurður Stefánsson, bóndi, Breiðumörk, Hlíðarhreppi, N.-Múl., sel hér með og afsala til sonar míns, Stefáns Sigurðssonar, Breiðumörk, ½ – helmingi – lands jarðarinnar Breiðumerkur til stofnunar nýbýlis.

Stefán fær úrskipt ræktanlegt land og eru takmörk þess þessi:

Að norðvestan og suðvestan úr Miðdegishrauni í Klettshorn rétt ofan við vað á Miðdalslæk, þaðan beina línu í vörðu á Fremstu-Klöpp við Jökulsá.

Að norðaustan úr Miðdegishrauni í Tjarnarklöpp og þaðan í ytri enda á Krókavatni. Þaðan bein lína í miðja Þvottatjörn. Úr miðri Þvottatjörn bein lína með stefnu á Dyrfjallaskarð.

Að suðaustan ræður Jökulsá mörkum.

Innan landamerkja þessara standa fjárhús og hlaða, sem Stefán hefur byggt og eru hans eign.

#

Hlunnindi jarðarinnar skiptast að jöfnu.

#

Breiðumörk, 10. júlí 1965

Sigurður Stefánsson

Vitundarvottar:

Bragi Björnsson

Jón Friðriksson



Grænamýri í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. T II. 378)

#

... 35 hektara úr landi Grófarsels til ræktunar og 1/3 úr óskiptu beitilandi jarðarinnar.
Landamerki að hinu ræktanlega landi eru sem hér segir:

Svarðarlækur að vestan niður til þjóðvegarins – þá með honum í Bæjarlæk og með Bæjarlæk í Háubakkalæk og með honum í Kaldá. Að norðan í skurð undir Flötumelum. Að austan: Skurður frá Flötumelum utan við Fremri Einbúa og beinlínis í Háubakkalækjarós við Kaldá.

p.t. Seyðisfirði, 30. apríl 1964

Björn Kristjánsson

Vitundarvottar:

Ingim. Hjálmarsson

Jón Erlendsson



Háafell í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr landamerkjaskrá (Ltr. M II. 148)

#

Landamerki milli heimajarðarinnar (Torfastaða) og nýbýlisins verða sem hér segir:

Að utan ráða landamerki Skriðufells, sem eru af fjallsbrún í efstu beygju Grjótár utan við Efri Hámel. Þaðan ræður Grjótá í fremsta og neðsta mel utanvert við Grjóta, þaðan í vörðu austanvert í Þverkíl.

Frá þeirri vörðu ræður eystri bakki Þverkíls í landamerkjavörðu, er skiptir landi Hólmatungu og Torfastaða. Þaðan bein lína í vörðu við árkrók. Síðan frá þessari vörðu í skurðenda við Kíl. Þaðan ræður skurðurinn í neðsta Blöndufoss. Síðan skilur Blanda upp á fjallsbrún.

Við teljum, að landstærð nýbýlisins muni vera ca 7 km² þar af ræktanlegt land nálægt helmingur af umræddu landi.

St. á Torfastöðum 17. nóv. 1958

Björn Guðmundsson, hreppstj. –

Björgvin Vigfússon – matsmaður –

Við undirrituð erum samþykkt ofanrituðu í öllum atriðum.

Þorvaldur Jónsson, Torfastöðum

Sigurjón Jónsson, Torfastöðum

Margrét Guðjónsdóttir

Vitundarvottar:

Svavar Björnsson

Hörður Magnússon



Hólmatunga í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr byggingabréfi (B II. 230)

#

Landamerki milli Eyjaselslands og þessa nýbýlis verða sem hér greinir:

Að utan frá fremra horni á Miðhólma við Jökulsá beina stefnu í ytra horn á Hádegisbarði og þaðan í ytra girðingarhorn norðanvert við Hádegisbarð og þaðan ræður girðingin að bæjarkílnum, sem ræður svo mörkum inn að leigulöndum, sem nú eru í eigu Magnúsar Arngrímssonar.

#

Eyjaseli, 22. marz 1948

Sigurður Stefánsson

Björgvin Vigfússon

Björn Guðmundsson

Magnús Arngrímsson

Samþykkur framanskráðu byggingarbréfi í öllum atriðum.

Einar Hólm Elísson

Vitundarvottar:

Sigurður Pálsson

Geir Stefánsson

Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. A II. 233)

#

Ég Jón Þorvaldsson sel Magnúsi Arngrímssyni landspildu úr Torfastaðalandi – svokölluð leigulönd – með þeim landamerkjum er hér greinir:

Að utan ráða landamerki Eyjasels og Torfastaða.

Að norðan þverkill inn að vörðu austanvert við kílinn, og þaðan beina stefnu í Jökulsá miðað við vörðu á Magnúsarker.

#

Sleðbrjótsseli, 6. júní 1948

Jón Þorvaldsson

Magnús Arngrímsson

Samþykkir fyrir hönd Hlíðarhrepps

Sigurður Stefánsson – oddviti –



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Björn Guðmundsson
Björgvin Vigfússon

Vitundarvottar:
Guðríður Guðmundsd.
Vilhelm Kjartansson



Ketilsstaðir I og II í Hlíðarhreppi
Landskiptagerð (Ltr. S II. 48)

13/2 1963 var oddviti Hlíðarhrepps staddur að Ketilsstöðum í Hlíðarhreppi til að skipta ræktuðu landi og engjalandi jarðarinnar milli ábýlismanna jarðarinnar Stefáns Geirssonar og Björgvins Björgvinssonar, sem fengu jörðina til ábúðar á síðastliðnu vori, hálfu jörðina hvor.

Tún skal vera þannig skipt:

Jarðarhelmingi Björgvins Björgvinssonar skal fylgja allt tún utan við sýsluveg þann, sem liggur heim að íbúðarhúsi jarðarinnar, ásamt beitarhúsatúni á landsenda.

Jarðarhelmingi Stefáns Geirssonar skal fylgja allt tún framan við sýsluveg þann, sem liggur heim að íbúðarhúsi jarðarinnar og einnig allt tún ofan við bæjarlæk.

Engjar skiptast þannig:

Jarðarhelmingi Björgvins Björgvinssonar skal fylgja eftirtalin engjalönd: Blautamýri skiptist með beinni línu úr staur á Leirugarði í vörðu við Blautumýrarstakk.

Sá hluti Blautumýrar, sem liggur neðanvert við ~~ef~~ áðurgreinda línu, skal fylgja jarðarhelmingi Björgvins Björgvinssonar og einnig Blá og Lónengi, sem liggur ofan við Fögruhlíðará utan við Ketilsstaði.

Engjaland það, sem fylgir jarðarhelmingi Stefáns Geirssonar, skal vera sá hluti Blautumýrar, sem er austan við framangreinda sjónhendingu milli staur og vörðu, og einnig Vallarkílstangi og Vallarkílskelda við Þverkílsós.

Beitiland og afréttarland sé óskipt.

Ketilsstöðum, 13/2 1963

Ingimar Jónsson – oddviti –

Við undirritaðir samþykkjum framangreinda skiptagerð

Björgvin K. Björgvinsson

Stefán Geirsson

Vitundarvottar:

Fjóla Kristjánsdóttir

Þorvaldur Jónsson



Selland í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. Æ. 245)

#

Landamerki milli heimajarðarinnar Fossvalla og hins hluta hennar, er nefnist Selland og ekki er selt, eru sem fylgir:

Heimajörðin á land að svokölluðum Sellæk, norðaustur frá beitarhúsunum (Selinu). Þaðan er bein stefna fremst á Ásenda í Jökulsá. En frá þeirri beygju á læknum til fjalla ræður bein stefna framanvert í svokallaðri Selhlíð og þaðan í Búrfellsnes og síðan beint á fjall til Miðheiðar.

#

Fossvöllum, 8. júní 1944

Karl Gunnarsson

Ragnar Gunnarsson

Vitundarvottar:

Björn Hallsson

Anna Einarsdóttir



Skriðufell í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. C II. 28)

Hér er um að ræða útdrátt úr samningi um erfðaáábúðarland, sem skömmu á eftir fylgdi afsal fyrir sama landi

#

Land þetta, sem Ingimar tekur til erfðaáábúðar, er um 1/5 hluti úr Torfastaðalandi, ræktað land er 2 ha. Sömuleiðis fylgir landinu steinsteypt fjárhús fyrir 160 fjár og steinsteypt hlaða, er rúmar 200 hesta.

Landamerki milli heimajarðarinnar og væntanlegs nýbýlis verða sem hér greinir:

1. Að utan ráða landamerki Torfastaða og Ketilsstaðalands.
2. Að ofan ræður fjallsbrún.
3. Að framan ræður Grjótá úr Dalseyrardrögum við fjallsbrún, niður fjallið, niður í neðsta melshorn utan við Grjótá og beina stefnu þaðan þvert yfir eyjuna, í vörðu austanvert við Þverhól.
4. Að austan ræður Þverhóll landamerkjum.

#

Torfastöðum, 16. maí 1950

Jón Þorvaldsson

Ingimar Jónsson

Vitundarvottar:

Björn Guðmundsson

Vilhelm Kjartansson



Sleðbrjótur II í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr afsali (Ltr. R II. 140)

#

... 1/3 úr óræktuðu landi eignar minnar Sleðbrjót í Hlíðarhreppi ásamt 1/3 af veiðirétti og trjáreka, sem jörðinni hafa fylgt.

#

Af jarðarparti þessum eru útmældir 50 hektarar af ræktanlegu landi, þannig:
Að framan ræður skurður, sem liggja úr svokallaðri Þvottatjörn upp að þjóðvegi.
Að ofan ræður þjóðvegur úr áðurnefndum skurði ofanverðum út á móts við svokallað
Hjáleiguhraun í framanverðan Breiðumýrarkrók. Að neðan bein línu úr Breiðumýrarkrók í
vörðu, sem stendur við sýsluvegin, sem liggur frá Sleðbrjót niður að Jökulsá.

Að öðru leyti er jarðarpartur Stefáns skv. ofangreindu talinn úr jörðinni óskiptri.

Seyðisfirði, 4. sept. 1962

Geir Stefánsson

Vitundarvottar:

Ólafur Björnsson

Björgvin K. Björgvinsson



Sleðbrjótssel II í Hlíðarhreppi
Útdráttur úr landskiptagiörð (Ltr. S II. 204)

#

Landamerki milli heimajarðarinnar og nýbýlisins eru sem hér greinir:

Að vestan ræður bæjarlækur landamerkjum niður að þjóðvegi en sunnan og austan þjóðvegurinn. Að norðan Stekkjarhlíð og Ytri-Hlíðarlækur. Auk þessa lands legg ég til nýbýlisins spildu úr framlandi Sleðbrjótssels með eftirgreindum landamerkjum. Sauðá, Stekkjarlækur og neðri lína hagagirðingar. Upprekstrarland og beitiland verður óskipt milli heimajarðarinnar og nýbýlisins. Enn fremur legg ég til nýbýlisins steinsteypt 200 kinda fjárhús og 400 hesta heyhlöðu.

#

Sleðbrjótsseli, 26. apríl 1963
Björn Guðmundsson

Vitundarvottar:
Eiríkur Einarsson
Hallur Björnsson



Arnarhóll og Merki í Jökuld.hr.
Útdráttur úr byggingarbréfi Óla Stefánssonar

#

III. Landamerki og þrætulönd.

1. Landamerki jarðarinnar eru þrætulaus sem hér segir.

Skipting jarðarinnar Merki í Merki I og Merki II.

„Við undirritaðir, ég Benedikt Stefánsson, Merki og ég Óli Stefánsson, Merki, höfum komið okkur saman um að skipta Kristfjárjörðinni Merki til helminga sem hér segir:

Hluti Benedikts Stefánssonar í landinu afmarkast þannig: Að vestan ræður Marklækur í Mórauðuvatnsvísl, sem ræður til Miðheiðar í Grjóthálsenda fremri. (Vísast til þinglesinna landamerkja). Að innan ræður Bæjarlækur, sem skiptir túninu og út að Heimagröf.

Hluti Óla Stefánssonar í landinu afmarkast að innan: Tregagilsá út að Bæjarlæk og stykki í Hagagirðingu frá Heimagröf að fremri Breiðugröf.

Beitiland er óskipt.

Eftirtalin mannvirki koma í hlut Óla Stefánssonar: Öll útihús fyrir framan Bæjarlæk og girðing umhverfis gamla túnið fyrir framan læk.

Merki, 8. nóv 1960
Benedikt Stefánsson
Óli Stefánsson

Vitundarvottar:
Einar Jónsson
Freyr Jóhannesson

#



Breiðilækur í Jökuldalshr.
Útdráttur úr kaupbréfi (Ltr. Y. 71)

#

Landamerki Heimaselslands eru þessi:

að sunnan ræður Jökulsá,

að vestan ráða landamerki Grundar,

að norðan ræður Kringilsá,

að austan ræður Breiðilækur til upptaka í Halaflóa, en þaðan ræður norðanvegurinn í Kringilsá.

Öll gögn og gæði Heimaselslands fylgja með í kaupum þessum.

#

P.t. Seyðisfirði 16. okt. 1938

F.h. móður minnar, Guðnýjar Pétursdóttur sem seljanda

Hákon Pétursson

Jónas Sigurgeirsson kaupandi

Vitundarvottar:

Halldór Guðjónsdóttir

Jóhanna Guðjónsdóttir



Gilsá í Jökuldalshr.
Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. Þ. 136)

#

Hið selda er svokallað Selstykki í Skjöldólfssstaðalandi, með mannvirkjum þeim, er þar standa – húsum fyrir 240 fjár og hlöðum fyrir 200 hesta heys. Er þá undanskilið kaupunum fjárhús vestan við Hnúk og vírgirðing upp með gili – og ennfremur hey og sauðatað, sem nú er á landinu.

Landamerki stykkisins eru þessi:

Að vestan þegar þinglesin landamerki á milli Skjöldólfssstaða, Arnórsstaða og Ármótasels, norður til Skjaldklofa.

Að austan lína úr Jökulsá um girðingu neðan akvegar, upp svokallaðan Hrygg, til dalbrúnar, þaðan sjónhending í landmælingavörðu á Hnúknum, þá í Hnúksvatn, þaðan með Stóralæk til Gilsár, þaðan í há-Fellahlíð á Lindarselsvegi.

Að norðan ræður há-Fellahlíð inn í áðurgreind landamerki að vestan.

#

Arnórsstöðum, 6. júlí 1941

Sigfús Eiríksson, seljandi

Gunnar Jónsson, kaupandi

Vitundarvottar:

Björn Þorkelsson

Þórður Þórðarson



Hákonarstaðir (2 x 1/3 hlutar) í Jökuldalshr.
Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. J II. 173)

#

Tún og ræktanlegt land kemur til skipta, en beiti-land verður óskipt.

#

Björgvin fær neðri hluta gamla túna, norðaustan símalínu til Klaustursels, neðan við gamla túngarð og stefnu frá honum í efra hesthúshorn við ytri túnlæk, og síðan upp með túnlæk að túnhliði og allt það tún sem er innan hagagirðingar, sem er norðaustan gamla túns. Björgvin fær allt ræktanlegt land suðvestan við læk, sem rennur suðvestan við Langamelsgrund að mörkum Þórðar.

Ragnar fær tún frá Klausturselssímalínu og norðaustur að ytri túnlæk og niður að gamla túngarði og upp að túngirðingu. Svo á hann tún í suðurhorni gömlu túngirðingar, sem er fjóra dagsláttur. Svo fær hann allt tún og ræktanlegt land norðaustan við lækinn, sem rennur niður fyrir suðvestan Langamelsgrund.

Hákonarstöðum, 10. nóv. 1956

Þórður Sigvaldason

Björgvin Sigvaldason

Ragnar Sigvaldason



Hákonarstaðir II í Jökuldalshr.
Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. J II. 173)

#

Tún og ræktanlegt land kemur til skipta, en beitiland verður óskipt.

Þórður fær suðvesturhluta jarðarinnar. Mörkin verða upp með fremri túnlæk og norðaustur hólbrúnina neðri og að Klausturselssímalínu og með henni upp að akvegi og stefnu þaðan í efsta túnhlið. Suðvestan þessara marka á Þórður allt tún og ræktanlegt land.

#

Hákonarstöðum, 10. nóv. 1956

Þórður Sigvaldason

Björgvin Sigvaldason

Ragnar Sigvaldason



Hauksstaðir – frampartur – í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. T II. 381)

#

... hálfri ættarjörð minni, Hauksstöðum í Jökuldalshreppi, N.-Múlasýslu.

Hluti Guðnýjar skiptist þannig út úr jörðinni, að hún fær framstykki jarðarinnar, án húsa, skipt eftir miðju landi, nema túnið skiptist um læk, sem rennur utan við íbúðarhúsið, og hæfilega stór lóð fyrir íbúðarhúsið, frá vegi og niður fyrir það, tilheyrir mínum jarðarhelmingi.

#

Seyðisfirði, 29. maí 1964
Guðm. Guðmundsson

Vitundarvottar:
Ingimundur Hjálmarsson
Kristbjörg Erlendsdóttir



Hauksstaðir – útpartur – í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. Æ II. 15)

#

... hálfri ættarjörð minni, Hauksstöðum í Jökuldalshreppi, Norður-Múlasýslu.

Hluti Hauks verður útstykki jarðarinnar, ásamt Hrólfsstöðum, skipt eftir miðju landi frá fjalli til Jökulsár. Hluti túns og hús á Hauksstöðum, sem undanskilin eru í afsali Guðnýjar Guðmundsdóttur, Hauksstöðum, frá 1964, verða áfram mín eign. Tún þetta, sem undanskilið er, er utan læks, er rennur utan við Hauksstaðabæinn, innan núverandi túngirðingar, og húslóð neðan vegar, umhverfis rústir af húsi mínu, er brann árið 1966.

#

Seyðisfirði, 23. ágúst 1968

Guðmundur Guðmundsson (Handsalað Grétari Brynjólfssyni)

Vitundarvottar:

Ari Bogason

Halldóra Erlendsdóttir



Hjarðargrund í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. M II. 37)

Ég undirritaður Páll Hjarðar, sel hér með og afsala Benedikt Þ. Hjarðar ca. 1/3 hluta úr jörðinni Hjarðarhaga í Jökuldalshreppi. Er hér um að ræða úthluta jarðarinnar, og eru landamerki sem hér segir:

Úr Sandvík við Jökulsá fyrir utan og neðan Hjarðarhagabæ upp fyrir utan tún í stein utan við botn upp af bænum í Hjarðarhaga og svo í Sauðárkrók og þaðan í Sandfellsgreni. Úr Sandfellsgreni þvert á Sandfell. Að utan ráða núverandi landamerki Hjarðarhaga gagnvart Hofteigi, en þau eru þessi: Teigará ræður frá jökulsá til upptaka. Þaðan sjónhending í ysta Sandfellshorn. Að utan ræður Miðheiði.

Jarðarparti þessum fylgja beitarhúsin Dísastaðir og túnbali. Ennfremur allar girðingar á umræddu landi.

#

Seyðisfirði, 10. nóv. 1958

Páll Hjarðar

Vitundarvottar:

Kristmann Hjörleifsson

Gunnar Þór Björnsson



Hofteigur II í Jökuldalshr.
Útdráttur úr byggingarbréfi (Ltr. G II. 23)

#

Land það, sem nýbýlið fær, takmarkast þannig:

Að sunnan ráða þinglesin landamerki Hjarðarhaga og Hofteigs frá Jökulsá að fjallsbrún eins og til hennar sér af melnum ofan við Hofteigsbæ, og ræður Teigará merkjum þessum.

Að vestan ræður fjallsbrúnin, eins og af fyrrgreindum mel sér, merkjum.

Að norðan ræður merkjum Graflækur innan og austan við Hofteigsbæ frá Jökulsá að ræsi á þjóðvegi, þaðan bein lína um símastaur sunnan við Hofteig í vörðu á melhól ofan við túnið, þaðan bein lína í miðjan Selhvol og áframhald hennar upp á brún þá, er af melnum sér.

Að austan ræður Jökulsá mörkum.

Býlið hefur beitirétt að 1/3 móti prestssetrinu Hofteigi ofan við fyrrnefndar brúnir.

#

Reykjavík 12/11 1953

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið

F.h.r. Gústav A. Jónasar

Byggingarbréfi þessu er ég samþykkur og skuldbind mig til að halda það í öllum greinum Hofteigi, 7/12 1953

Karl Gunnarsson

Vitundarvottar:

Páll Hjarðar

Helga Hjarðar



Hrúthamar í Jökuldalshr.
Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. R II. 75)

#

Skulu landamerki Hrútshamrasels vera þannig:

Að vestan: Úr lækjarfarvegi við Jökulsá, sem er fremst í hvammi þeim, er áður átti Teigasel og þaðan í vörðu, sem er á mel suður á hvammsbrúninni, þaðan í skurð, sem grafinn er þar ofar á mýrunum, og ræður svo skurðurinn og stefna hans landamerkjum austanhalt á Hrúthamar og áfram eftir stefnu skurðarins alla leið til miðheiðar í vörðu þar.

Að öðru leyti gilda þinglesin landamerki milli Blöndugerðis, Fremrasels og Heiðarsels annars vegar og Gilja hins vegar.

Með þessum landskiptum hefur Hrútshamrasel fengið ca. ½ hluta af óræktuðu landi jarðarinnar Gilja

#

Giljum, 22. febrúar 1961

Vilhjálmur Þórðarson

Eiríkur Sigfússon

Vitundarvottar:

Stella Sigríður Vilhjálmisd.

Vilmundur Andrésón



Hvanná I í Jökuldalshr.
Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. M II. 24)

#

Hluti Einars Jónssonar í landinu afmarkast þannig: Að utan Deild framan við Núpa í Hæðaklauf, um Fundarhól við Laxá og í Miðheiði, þar til vötnum hallar norður.

Að innan ræður Hvanna og Árnastaðalækur, en þegar honum sleppir, ræður hún yzt um Stórafell í Áfangabrekku og þaðan í Miðheiði, unz vötnum hallar norður.

#

Eftirtalin mannvirki á jörðinni verða félagseign Einars Jónssonar og Lilju Magnúsdóttur að hálfu: Fjós og hlaða, byggt 1952, hagagirðing, ennfremur gömul bæjargirðing bæjarhús. En íbúðarhús í smíðum er eign Einars Jónssonar. Annars á hvort um sig þau mannvirki, sem á þess landi standa.

#

Hvanná, 22. sept. 1958

Einar Jónsson

Lilja Magnúsdóttir

Vitundarvottar:

Kristjana Guðmundsd.

Jóhann Stefánsson



Hvanná II í Jökuldalshr.
Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. M II. 24)

#

Hluti Lilju Magnúsdóttur í landinu afmarkast þannig: Að utan ræður Hvanná, Árnastaðalækur, þaðan lína yzt um Stórafell og Áfangabrekkur í Miðheiði, þar til vötnum hallar norður. Að framan ræður lína úr Markgróf yzt á melendanum utan við Markhól í stein yzt á Tinnuhrauni, merktan LM, í Vegups í Laxárkrók og í Miðheiði, þar til vötnum hallar norður.

#

Eftirtalin mannvirki á jörðinni verða félagseign Einars Jónssonar og Lilju Magnúsdóttur að hálfu: Fjós og hlaða, byggt 1952, hagagirðing, ennfremur gömul bæjarhús. En íbúðarhús í smíðum er eign Einars Jónssonar. Annars á hvort um sig þau mannvirki, sem á þess landi standa.

#

Hvanná, 22. sept. 1958

Einar Jónsson

Lilja Magnúsdóttir

Vitundarvottar:

Kristjana Guðmundsd.

Jóhann Stefánsson

Útdráttur úr afsali (Ltr. R II. 392)

#

Landamerki Hvannár og Hofteigs verða hér eftir: Svelgsá, þar sem hún fellur í Jökulsá og svo lengi að sést skýrt til hennar norður í heiðinni. Skal reisa vörðu á Kleifarhálsi eða klappa L.M. á jarðfastan stein þar, eftir rennslis stefnu árinna ofan heiðina, bak kambí. Úr vörðunni eða steininum er sjónhendingslína, varða eða steinn – kambur – norður í mörk.

Í landbúnaðarráðuneytinu, 16/11 1962

Ingólfur Jónsson

Samþykkur sem kaupandi

pr. Lilja Magnúsdóttir, Hvanná

Benedikt Gíslason frá Hofteigi e.u.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Vitundarvottar:

Jón Víðir Einarsson

Kristjana Guðmundsd.

Á ofanrituðu afsali eru landamerki rétt greind.

Karl Gunnarsson, Hofteigi

Einar Jónsson, Hvanná



Hvanná III í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. N II. 105)

#

... úr eign minni í jörðinni Hvanná sem hér segir:

Allt land neðan þjóðveggar frá bænum og út að Forvaðabrekku, ennfremur land frá hagagirðingu og út að Forvaðalæk. Þetta land er áfast við landið neðan þjóðveggar, svo beinar línur frá Forvaðalæk og hagagirðingu til heiðarinnar. En beitarhús og tún þar við, sem er innan þessa lands, er undanskilið.

#

Land þetta er nálægt helmingur á móti mér eða $\frac{1}{4}$ úr allri jörðinni.

Hvanná 1. sept. 1959

Einar Jónsson

Vitundarvottar:

Gunnþórunn Hvönn Einarsd.

Lilja Magnúsdóttir



Langagerði (Hl. úr Hákonarstöðum) í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. Þ. 180)

#

Landamerki eru:

Að utan áður þinglesin landamerki milli Arnórsstaða og Hákonarstaða. Að innan (ofan) frá Jökulsá upp með Grjótlæk, þegar honum sleppir, þá beina stefnu í Hvannalæk, er svo ræður til Víðidalsár.

Hákonarstöðum, 15. nóv. 1941

Sigvaldi Torfason

Vitundarvottar:

Tómas Sigurgeirsson

Snorri Gunnarsson



Mælivellir í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. D.II. 227)

#

... fjórða part jarðarinnar Hnefilsdals.

Tún, er fylgir þessum parti, er frá hlöðu, er heitir Toppa upp að hesthúsi, þaðan í beinni línu út í túngirðingu.

Til ræktunar fylgja móarnir milli vegar og girðingar, sem eru undir fjallinu.

Ytri girðing fylgir.

Mörkin að utan eru á utanverðum Víghól niður að vegi og verði þetta samfellt land tíu hektarar. Engjum, beitilandi og afréttarlandi verður ekki skipt að svo stöddu. Meðan svo er, er kaupanda jafnan heimil beit og hagar fyrir gripi sína í hinu óskipta landi. Seljandi tekur fram, að hann haldi yzta hluta landsins inn að Víghól, þegar til skipta kemur á engjum og beitilandi.

Hlaða, sem heitir Gípa, fylgir með í kaupinu og hús við hana. Ennfremur fylgir helmingur af svokölluðu frammihúsi, sem bæjarhús.

#

Hnefilsdal, 12. nóv. 1952

Valdimar Guðjónsson

Sigfús Gunnlaugsson

Vitundarvottar:

Einar Jónsson

Jón Jónsson

Útdráttur úr afsali (Ltr. K II. 168)

#

... landið næst Hneflu að vestan, þá einstigi og sjónarhjallabrún ut fyrir Hneflubró. Falla þá úr gildi hin gömlu landamerki úr einstigi við Hneflu móti Hnefilsdalsbæ upp í sjónarhjallabrún. Verða þá hin nýju landamerki úr sjónarhjallabrún í vörðu á stórum steinum í austurbrún hjallans, þaðan um tvær vörður á hálsbrúninni, móti íbúðarhúsi Mælivalla, þaðan í Hneflu um vörðu í melbrúninni norðaustur af Hneflubró.

#

Mælivöllum, 27. marz 1957

Jón Hallgrímsson

Sigfús Gunnlaugsson

Vitundarvottar:



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Jón Þórarinnsson, Sigríður Björnsdóttir



Refshöfði í Jökuldalshr.
Yfirlýsing um landamerki (Ltr. X II. 362)

Við undirritaðir Jón Björnsson, bóndi Skeggjastöðum og Helgi T. Árnason, bóndi Refshöfða, höfum orðið sammála um neðangreind landamerki jarðarinnar Refshöfða, sem er nýbýli frá Skeggjastöðum.

Að vestan ræður Stórilækur frá Jökulsá upp að fjalli og þaðan sjónhendis í Háumela við Vegakvíslarsporð og síðan meðfram kvíslinni í Miðheiði.

Að austan ræður Teigará neðan frá Jökulsá þar til Grástrákslækur fellur í hana. Þaðan ræður sá lækur suður á Fjórðungsháls. Þaðan ræður bein lína suður í Tröllagjót.

Að sunnan ræður Miðheiðarháls.

Jafnframt tilheyrir Refshöfða 4.3 ha. afgirt land yzt í túni Skeggjastaða.

Með samkomulagi þessu eru fallin úr gildi ákvæði um landamerki milli jarðanna Skeggjastaða og Refshöfða samkv. afsali, dags. 18/3 1956.

Skeggjastöðum, 30.6. 1966

Jón Björnsson

Helgi T. Árnason

Vitundarvottar:

Völundur Jóhannesson

Ásdís Jónsdóttir



Skuggahlíð í Jökuldalshr.
Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. Æ. 87)

#

... svokallaðan Norðurdal með tveim húsum af Múlhúsa-beitarhúsunum fyrir 140 kindur og 70-80 hesta hlöðu á sama stað. Beitarhúsatúnið fylgir í kaupinu svo og girðing um túnið. Landið takmarkast af einstigi við Hneflu móti Hnefilsdalsbænum, þaðan beint í hnefilkoll. Að innan ráða landamerki milli Gauksstaða og Hnefilsdals og að sunnan Hnefilbrún.

#

Valdemar Guðjónsson
Ragnar Ágústsson

Vitundarvottar:
Jón Jónsson Hvanná
Benedikt Jónsson Hvanná



Smáragrund í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. X. 61)

#

... tveimur þriðju úr Skeggjastöðum í Jökuldalshreppi í Norður-Múlasýslu, sem leggst undir nýbýlið Smáragrund, sem hann nú stofnar, og liggur vestast í landi jarðarinnar, með þessum ummerkjum:

Að vestan ræður Húsá, þar til Kaldaklofa á fellur í hana, eftir það ræður sú á til Miðheiðar.

Að austan eru landamerkin þessi: Úr grjót vörðu við Jökulsá, utanvert við Græfur beina línu Gerðislæk, þar sem hann fellur niður úr hjöllunum. Þá ræður sá lækur upp í Efriflóa, þaðan beina línu í Grjótups utanverða, þaðan beinlínis þvert á miðheiði.

#

Reykjavík, 4. nóv. 1937

Páll Zóphóníasson e.u.

Vitundarvottar:

H. Þorleifsson

Tr. Pétursson



Vaðbrekka II í Jökuldalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. K II. 114)

#

Landamerki hins selda landsvæðis eru þessi:

Frá Þrándarstaðalæk innri, þvert austur yfir dalinn í Hölkná, og vestur á miðjan Vaðbrekkuháls, og inn hálsinn að landamerkjum Aðalbóls. Auk þessa fylgja 2 ha. af ræktanlegu landi. – Beitarhús, sem standa á hinu afmarkaða landsvæði, fylgja með kaupunum.

St. á Seyðisfirði, 12. apríl 1957

Aðalsteinn Jónsson

Vitundarvottar:

V.I. Sigurðsson

Þorsteinn Sigfússon



Droplaugarstaðir í Fljóttdalshr.
Útdráttur úr byggingarbréfi (Ltr. B II. 201)

#

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus sem hér segir:

Úr klöpp við Lagarfliót framan við Parthús beint upp á veg. Þaðan með veginum að ofan í stein, sem settur verður þar og merktur L.M. um það bil þar sem Parthús eru nú neðan vegarins. Frá þeim steini beina línu í vörðu á hlíðarbrúnunum, sem ber við loft af veginum framan við Stekkhús. Úr þeirri vörðu í aðra á næstu, hlíðarbrún, og áfram sjónhending á Grasakíl.

#



Eyrrarland í Fljótshlí.
Útdráttur úr byggingarbréfi (Ltr. Y. 156)

#

10 ha af ræktanlegu, á svonefndum Bessastaðaaurum ofan Bessastaðaár, en ræktað land er nú af þessu ca. 2.2 ha.

Fyrir neðan Bessastaðaá áveituengi, framnes allt út að heytóft og sveiga kerri að sunnan. Er þetta ca. 1/3 hluti af Bessastaðanesi og gefur af sér í meðalári 150 heyhesta.

#

Beitarland óskipt milli heimajarðarinnar og nýbýlisins, og heimilast ábúanda þess eftir þörfum.

#

Gjört að Bessastöðum 24/11 1937

Anna Jóhannsdóttir

Jóhann S. Jónsson

Vitundarvottar:

Eiríkur T. Kjerulf

Bergþór Þorsteinsson



Glúmsstaðir I og II í Fljótsdalshr.
Landskiptagjörð (Ltr. M II. 21)
fyrir Glumstaði I og Glumstaði II

Þar sem lögleg skipti hafa ekki farið fram á landi ofangreinda jarða, gera núverandi eigendur skipti á ræktuðu og ræktanlegu landi með ágreiningslausum landamerkjum, sem hér greinir:

Landamerki á milli jarðanna eru við Rauðalæk, sem fellur í Jökulsá aðeins utar enn bærinn Hóll stendur vestan ár. Eiga Glúmsstaðir I allt ræktað og ræktanlegt land fyrir utan Rauðalæk að undanskildu stykkinu kringum Parthúsin, sem afmarkast af Hesthúslækjargili að utan, veginum að neðan og að framan beinni línu úr túngirðingunni, þar sem hún liggur úr hjallanum í veginn, eiga Glúmsstaðir II þessa skák.

Glúmsstaðir II eiga allt ræktað og ræktanlegt land frá Rauðalæk að Gráskjónugrafningi, sem er beint á móti Grundarlæk, sem fellur í Jökulsá vestan ár.

Glúmsstaðir I eiga land frá Gráskjónugrafningi að Fossá.

Glúmsstaðir II eiga land frá Fossá að læk við fremri enda Timburhjalla.

Glúmsstaðir I eiga land frá þeim læk að landamerkjum milli Glúmsstaða og Glúmsstaðasels, sem eru við Illagil.

Allt beitiland er óskipt og eiga Glúmsstaðir I 2/3 partana en Glúmsstaðir II 1/3.

Glúmsstöðum, 20/7 1958

Kjartan Hallgrímsson

F.h. Ásdísar Methúsalemsd. Vigfús Hallgrímsson

Vitundarvottar:

Benedikt Friðriksson

Þórhallur Björgvinsson



Hrafnkelsstaðir I í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

#

Ár 1937 taka synir mínir Jóns og Eiríkur að sér greiðslu á eftirstöðvum lánsins við Ræktunarsjóð Íslands, Reykjavík, sem þá er 6155 krónur og verða fyrir það eigendur að 1/3 parti af jörðinni hvor og að gripahúsum þeim, sem á hverjum parti standa. Bæjarhús, sem jörðinni fylgdu þegar hún var keypt skiptast í réttu hlutfalli, þ.e. þrjá jafna parta til eigendanna eftir samkomulagi.

Jörðin skiptist þannig:

#

Heimaland, eigandi MethúsaleM J. Kjerulf, nær frá mörkum Brattagerðislands að framan út að gróf framan í Vörðuholti í ytri enda á Breiðahjallakletti síðan út með túngirðingu út í Hálsgirðingu, með henni uppá Bláarás. Þaðan bein stefna í ytri enda á Tófuaxlarkletti síðan inn austur Hálsbrún inn í Smalaskála.

#

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939
Eiríkur M. Kjerulf
MethúsaleM J. Kjerulf
Jón M. Kjerulf

Hrafnkelsstaðir II í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

#

(Um aðdraganda skipta, hlutastærðir og lýsingu. Sjá að ofan)

Jörðin skiptist þannig:

Brattagerðisland, eigandi Jón M. Kjerulf, nær frá landamerkjum Víðivalla og Hrafnkelsstaða út að túngarði í fremri enda á Lambhúskletti í Skipabotnslæk, bein stefna í ytri enda á neðri Tóuhallskletti, síðan ræður Skipabotnslækur að norður-Hálsbrún, þaðan stefna framan við Smalaskála, síðan fram Smalaskálaöldu allt að landamörkum.

Innan girðinga fylgja Brattagerðislandi Hesthústún út að lind, Neðra tún upp að reiðgötu og Botn og Nes utan Bæjarlækjar, neðan reiðgötu, út í graslá fram og niður af Grænastekk.

#

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939
Eiríkur M. Kjerulf



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Methúsalem J. Kjerulf
Jón M. Kjerulf

Vallhollt í Fljótsdalshr.

Útdráttur úr landskiptagjörð (Ltr. Z. 23)

#

(Um aðdraganda skipta, hlutastærðir og lýsingu. Sjá Hrafnkelsstaði I)

Jörðin skiptist þannig:

#

Hrólfsgerðisland, eigandi Eiríkur M. Kjerúlf, nær frá mörkum heimalands, sem að framan eru skráð út að Gilsá. Landið frá Hálsgirðingu austan austur-Hálsbrúnar og Smalaskálaöldu er óskipt og hafa allir rétt til að nota það til beitar og heyskapar að 1/3 hver. – Hálfur Hamborgartangi, sem nú er eign seljanda, Methúsalems J. Kjerulf, skiptist í 3 jafna parta til heimajarðanna, þegar hann hættir búskap.

Hrafnkelsstöðum, 20. júní 1939

Eiríkur M. Kjerúlf

Methúsalem J. Kjerúlf

Jón M. Kjerúlf



Litla-Grund í Fljótsdalshr.
Útdráttur úr afsali (Ltr. A II. 140)

#

... 4 ha. af ræktanlegu landi jarðarinnar Bessastaðagerði. Land þetta liggur út frá íbúðarhúsi, sem þegar er reist.

#

Einnig heimilast kaupanda beit í landi Bessastaðagerðis fyrir 2 kýr, 2 hross og 50 fjár. Þó er áskilið, að beit þessi sé notuð til fjalls.

Bessastaðagerði, 20/11 1947

Björgvin Hallason

Vitundarvottar:

Örn Ingólfsson

Jóhann S. Jónsson

Útdráttur úr afsali (Ltr. A II. 158)

#

... 1 hektara lands úr eignarjörð minni Bessastöðum. Land þetta liggur á landamörkum Bessastaða og Bessastaðagerðis og er samliggjandi við land það, sem afsalað er frá Bessastaðagerði.

Bessastöðum, 20/12 1947

Anna Jóhannsdóttir

Vitundarvottar:

Örn Ingólfsson

Jóhann S. Jónsson



Valþjófsstaður II í Fljótsdalshr.

Útdráttur byggingarbréfs (Ltr. B II. 208)

#

Land nýbýlisins er ákveðið samkvæmt landskiptagjörð, dags 21. júní 1949 þannig:

I. Tún

I.a. Í hlut Valþjófsstaða II: Einar Sv. Magnússonar – komi úr heimatúni allt fyrir innan núverandi heimreiðarveg í vesturhorn gamla kirkjugarðsins, þá bein lína þaðan út í lindamót við austurodda Fjósatungu. Þaðan bein lína í hamrana neðan Torfhjalla, þar sem núverandi girðing liggur að þeim.

1.b. Hvammstún allt, innan núverandi girðingar, kemur og í hlut Valþjófsstaða II.

II. Aðrar nytjar:

Valþjófsstaðir II skal hafa óskoraðan rétt til hvers konar nytja í því landi, sem liggur innan götunnar, ofan melanna, að Jökulsá og neðan Selhjalla, svo langt inneftir sem hann tekur, og út ofan ytri enda Vatnsleysu.

Af Valþjófsstaðanesi fær Valþjófsstaður II allt neðan Stararkíls, frá landamerkjagarði inn í Gamlagarð, niður hann móts við Löngutjörn, þaðan bein lína, inn hana, í Rebekkulónsgarð, og eins og hann stefnir niður að Jökulsá. Að öðru leyti, en að framan greinir, er bithagi jarðarinnar óskiptur.

Landamerki Valþjófsstaðar og aðliggjandi jarða eru ágreiningslaus.

#

[Dagsetningu og undirskriftir vantar.]



Helgafell í Fellahreppi

Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. X. 28)

#

Ég Sigbjörn Björnsson sel Helga Gíslasyni 20 ha. af ræktanlegu en óræktuðu landi, upp frá Lagarfljóti, með fram og út frá svokölluðum Skipalæk vestan Hróarstunguvegar.

Ekkjufelli, 27. nóv. 1937

Sigbjörn Björnsson

Helgi Gíslason

Vitundarvottar:

Brynjólfur Sigbjörnsson

Páll Gíslason



Hrafnafell í Fellahreppi

Landamerkjabréf (Ltr. O II. 43)

Við undirritaðir eigendur jarðarinnar Hafrafell í Fellahreppi höfum orðið ásáttir um, að meðundirritaður Brynjólfur Bergsteinsson megi skipta 25 hekturum ræktanlegs lands út úr sínum $\frac{1}{4}$ hluta jarðarinnar. Landspilda þessi takmarkast sem hér segir:

Að austan: Úr Urriðavatnsenda fremri inn Merkidal með skurði, og er skurði sleppir, inn í Ytri-Þröng.

Að sunnan: Frá Ytri-Þröng þvert upp í suðurhorn túngirðingar og með henni í skurð (lækinn), og ræður hann mörkum að enda vegaskurðar út af Hryggsgenda.

Að vestan: Þaðan út með vegi ofan við hlöðu í Gægir í há-Lambhúskletti.

Að norðan: Úr Lambhúskletti niður að vegamótum Staffells og Hafrafells, þaðan niður með Fellavegi efri að vegamótum, þaðan út og niður í Urriðavatn um Vatnsklettaklauf út á mitt Urriðavatn, þaðan beint í Merkilækjarás.

Annað land óskipt nota ábúendur að jöfnu hlutfalli.

Hafrafelli, 14. júlí 1960

Brynjólfur Bergsteinsson

Anna Runólfsdóttir

Guðlaug Erla Jónsdóttir

Vitundarvottar:

Helgi Gíslason

Elís Pétursson



Lagarfell í Fellahreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. Ö. 116)

#

Takmörk hins selda lands eru sem hér segir:

Að vestan akvegurinn, Norðurlandsvegur við Lagarfljótsbrú, að sunnan Lagarfljót, að austan landamörk milli Ekkjufells og Ekkjufellssels, nánar tiltekið frá austurenda hólma þess, er liggur í Lagarfljóti utan Lagarfljótsbrúar, þaðan hugsuð lína dregin í „Kvíastein“ að Norðurlandsveginum. Landið er þannig því sem næst þríhyrna. Flatarmál yfir 20 ha.

#

Ekkjufelli, 22. júlí 1945
Brynjólfur Sigbjörnsson

Vitundarvottar:
Einar Sigbjörnsson
Halldór Sveinsson



Miðhúsasel í Fellahreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. X. 93)

#

Landamerki jarðarinnar eru að neðan melskriður vestan í melhrauni fjallsmegin við Hagalæk, þá bein stefna í vörðubrot, sem er hæst á Selhrauni, þaðan bein stefna út í Aratjörn í landamerkjalinu milli Meðalness og Birnufells, og að ofan á heiðarbrún frá landamerkjalinu Ormarsstaða að innan, til landamerkja Birnufells að utan.

Ennfremur fylgja 3/16 – þrír sextánda hlutar – úr óskiptu heiðarlandi Meðalness.

#

Hafrafelli, 20. marz 1938

Jón Ólafsson

Sveinn Einarsson

Vitundarvottar:

Einar Sigfinnsson

Sigurður Þorsteinsson



Skipalækur í Fellahreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. C II. 121)

#

... 50 hektara landspildu úr eignarjörð minni Ekkjufelli.

Takmörk lands þessa eru sem hér segir:

Að austan: Frá nyrðri enda Lagarfljótsbrúar upp með Fellavegi upp að Skipalæk, að undantekinni 30 metra breiðri spildu, 11 metra til hvorrar handar út frá þeirri hlið húss Helga Gíslasonar, er fram að Leginum snýr, er tilheyrir Helga Gíslasyni á Helgafelli. Síðan liggja mörkin með Skipalæk unz hann endar og frá enda Skipalæks í stefnu á ytri enda Gatnaáss.

Að norðan: Inn Gatnaássbrún á innri enda hans.

Að vestan: Úr innri Gatnaássenda í beina stefnu á Halahorn.

Að sunnan: Í beina stefnu úr Halahorni á stóran stein í Lagarfljóti norðan Ekkjufellshólma.

#

Ekkjufelli, 22. febrúar 1951

Brynjólfur Sigbjörnsson

Vitundarvottar:

Th. Karl Ólafsson

Helgi Gíslason



Sólbrekka í Fellahreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. T II. 113)

#

... landi undir nýbýli úr nefndri jörð um 28 ha. af ræktunarlandi.

Landamerki eru þessi:

Að ofan þjóðvegur, að utan landamerkjaskurður og girðing á mörkum Skeggjastaða I og Skeggjastaða III í Lagarfljót. Að framan landamerkjaskurður frá þjóðvegi við Hádegismel í Keldugrafning framan við Stóraenni í Lagarfljót. Landamerki eru merkt á landskiptakort, sem er mælt og teiknað af Páli Sigbjörnssyni 7.5. 1963. Auk þessa lands fylgir nýbýlinu helmingur af fjalllendi jarðarinnar.

#

Skeggjastöðum, 1/12 1963

Þórey Brynjólfsdóttir

Vitundarvottar:

Hallgrímur Ólafsson

Björn Kristjánsson



Teigaból í Fellahreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. F II. 119)

#

„Að utan ráða hin gömlu landamerki Hrafnsgerðis og Skeggjastaða samkvæmt landamerkjaskrá. Að framan ræður Fetalækur, frá Lagarfljóti, upp að Húsatóftahjalla. Eftir það skiptist fjallið til helminga.

#

28. des. 1952

Jón Sigurðsson

Jón Pálsson

Hannes Sigurðsson

Bergljót Sigurðardóttir

Vottar að undirskrift J.S.

F. Sigurðsson

Magnús Þorsteinsson

Vottar að öðrum undirskriftum

Sæbjörn Jónsson

Þorbergur Jónsson



Árbakki í Tunguhreppi

Landskiptagerð (Ltr. N II. 114)

#

Við undirritaðir, eigendur jarðanna Stóra-Bakka og Árbakka, höfum framkvæmt í dag samkomulagslandskipti, skv. 16. gr. landsskiptalaga, á öllu ræktanlegu landi vestan við hálsinn frá Jökulsá að brekkurótum.

Að norðan og sunnan takmarkast landið af þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða.

Landnám ríkisins á 2/3 af landi þessu, samanber afsal, dags. í dag.

Hafsteinn Kröyer á 1/3 af landi þessu, er fylgi jörð hans Árbakka.

Land hans takmarkast þannig: Að vestan ráða bakkar Jökulsár merkjum frá ós bæjarlækjarins að ós Rauðalækjar, að norðan ræður Rauðilækur að þjóðvegi, síðan ræður þjóðvegur merkjum 125 m í norður, þar er hornmark, þaðan ræður bein lína upp að áætluðum jarðarskurði, og liggur sú lína samhliða landamerkjum Litla-Bakka og Stóra-Bakka og afmarkar 430 m jafnbreiða spildu, sem er eign Landnáms ríkisins. Þar er hornmark.

Að vestan ráða mörkum frá því hornmarki áætlaðir jarðarskurðir, og eru vesturmörkin um 1250 m að lengd, þar er sett hornmark.

Að sunnan ræður bein lína mörkum frá því hornmarki, er hefur stefnu sunnanvert við Stóra-Bakkabæ, og sker sú lína þjóðveginn, þar sem hann beygir, og ræður línán suðurmörkunum að bæjarlæk. Eftir það ræður bæjarlækurinn mörkum að ós sínum.

Annað land norðan og sunnan hinna lýstu marka milli Jökulsár og að væntanlegum jarðarskurði við brekkurætur fellur í hlut Landnáms ríkisins.

Sandtekja við Jökulsá er einnig sameiginleg og eiga jarðirnar hana hvor til helminga.

Þessu til staðfestu nöfn okkar undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

Árbakka, 14. ágúst 1959

F.h. Landnáms ríkisinsins Pálmi Einarsson

Eigandi Árbakka Hafsteinn Kröyer

Vitundarvottar:

Gunnar Jónasson

Þorgeir Ö. Elíasson



Galtastaðir ytri I og II í Tunguhr.

Landamerkjaskrá (Ltr. C II. 198)

#

Við undirritaðir eigendur og ábúendur jarðarinnar Galtastaðir ytri í Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu, höfum skipt landi nefndrar jarðar í Galtastaði ytri I og Galtastaði ytri II. Jörðinni er skipt með beinni línu, sem hugsast dregin úr Djúpulág við Jökulsá, í nyrðra túnhlið, þaðan ræður akvegur gegnum túnið, að syðra túnhliði. Þá bein lína, 400 metra löng í beinu framhaldi af veginum og þaðan bein lína í Mylluvað á Galtastaðalæk. Þaðan bein lína um vörðu austur af beitarhúsunum að Nefbjarnarstaðalandi.

Landið vestan við ofangreinda merkjalínu tilheyrir Galtastöðum ytri I, en austan við Galtastöðum ytri II.

27. október 1951

Björn Elísson, Galtastöðum ytri I

Björn Halldórsson, Galtastöðum ytri II

Vitundarvottar:

Sig. Halldórsson

Sigfús Eiríksson



Geirastaðir ytri I og II í Tunguhreppi

Útdráttur úr landskiptagerð (Ltr. G II. 176)

#

A. Túnið.

Túninu er skipt með línu úr túngirðingu 20 metrum vestan við ytri fjárhús, í merkihæl, sem er 20 metrum sunnar en húsin. Þaðan í annan merkihæl, sem stendur við götuslóða, er liggur frá fjárhúsunum að norðurhorni á fjósvegg, þannig að 20 metra breið spilda verði fyrir dyrum húsanna. Þaðan ræður áðurnefnd gata að bæjarhúsum, með ytri geymsluvegg 15 metra niður fyrir hlaðvarp og þaðan beina línu um miðja „Lind“ í túngirðingu.

Hlutinn, vestan við ofangreinda merkjalínu, tilheyrir Geirastöðum I, að undanskilinni hálfri lóð bæjarhúsanna, sem tilheyrir Geirastöðum II.

Hinn hlutinn, austan við línuna tilheyrir Geirastöðum II, að undanskildum Hesthústeig, sem afmarkast af ytri vegi að norðan, túngirðingu að austan, Hesthúskletti að sunnan og úr klettshorni beina línu í merkihæl við ytri veg, að vestan, sem tilheyrir Geirastöðum I.

B. Engjar.

Eftirtaldar engjar tilheyra Geirastöðum I: Krókalág, Höll, Hádegisker, Dýjalágar, neðan við keldur, Blá, neðan við keldur og fremri Græfur.

Geirastöðum II skal tilheyra: Lónadalur, Dýjalágar, ofan við keldu, Blá ofan við keldu og ytri Græfur.

C. Beitiland

Beitilandi er skipt með beinni línu úr landamerkjavörðu á Tunguós, um túngirðingu vestanverða og beitarhúsavörðu á Lagarfljót. Vestari hlutinn tilheyrir Geirastöðum I, en sá austari Geirastöðum II.

#

Tunguhreppi, Geirastöðum, 10. júlí 1954

Jón Óskar Guðmundsson

Ármann Haraldur Guðmundsson

Vitundarvottar:

Sig. Halldórsson

Ólafur Björnsson



Hlíð í Tunguhreppi

Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. Þ. 13)

#

Vér eigendur jarðarinnar Bót seljum Ágústi gamalt eyðibýli svokallað Sauðahlíðarsel, sem er nyrst í Bótarlandi. Landið, sem því fylgir, skal vera frá landamerkjum Bótar að norðan og utan og inn að Hólmavötnum og þar þvert yfir.

Bót, Tunguhreppi, 1/7 1940

F.h. eigenda jarðarinnar Bót, Stefán Pétursson

Ágúst Þorsteinsson

Vitundarvottar:

Björn Hallsson

Stefán Gíslason



Lindarhóll í Tunguhreppi

Útdráttur úr kaupsamningi (Ltr. C II. 12)

#

Seljandi skuldbindur sig til að selja kaupanda hluta úr eignarjörð sinni Brekku í Tunguhreppi til nýbýlastofnunar, með þeim gripahúsum, sem á þeim jarðarhluta standa, og öðrum mannvirkjum. Þó eru undanskilin afmörkuð engjastykki við Búðarvatn ásamt girðingu. Landamerki eru:

Úr landamerkjum Kleppjárnsstaða og Brekku við við Bugalæk með gamla sýsluveginum heim að Brekkutúni. Túnið skiptist frá austara túnhliði, og beina línu með heimvegi og áfram beina línu í klett ofan vert við bæjarþorpið, og ræður kletturinn inn að vatnsleiðslunni í bæjarhúsin og þaðan bein stefna um vatnsleiðslubrunninn vestur að vestara túnhliðinu. Þaðan bein stefna í vörðu á Brekkuöxlum á landamerkjum Brekku og Hallfreðarstaða og þaðan út Brekkuaxlir og vísast að öðru leyti til núgildandi landamerkjaskrár Brekku.

#

Brekku, 10. júlí 1950

Sigurjón Þórarinsson

Ásgrímur Sigurðsson

Vitundarvottar:

Emil Jóh. Árnason

Hallur Björnsson



Skóghlíð í Tunguhreppi

Útdráttur úr afsali (Ltr. E. 136)

#

Umrætt landsvæði er fram af Heiðarseli, og skulu landamerki þannig:

Að framan:

Rangáin upp hjá Grjóthryggsgenda syðri, þaðan bein lína í miðheiði.

Að neðan:

Úr Rangá framan við Dyrakraun um Dyrakraun í Lönguhlíðarlæk við Lönguhlíðarenda, með Lönguhlíðarlæk niður í Ærlæk, með Ærlæk út að Slakka.

Að ofan – norðan –

Þau landamerki, er áður giltu í miðheiði.

Að utan

Þau landamerki, er áður giltu milli Bótar og Heiðarsels.

Landstærð fyrir neðan fjall er ca. 4 km², auk heiðarlands all miklu stærra.

#

Undanskilin eru vatnsréttindi í Rangá og upprekstur í heiðarlandið ekki leyfður öðrum en ábúendum í Bót.

#

Bót, N.-Múl., 15. ágúst 1943

Sigríður Eiríksdóttir

Eiríkur Björnsson



Ártún í Hjaltastaðahr.

Útdráttur landskiptagerðar (Ltr. L II. 332)

Sjá hér Ltr. N II. 111, J II. 81 og bls 188 í þessari bók þ.e. Hlégarði

#

Landamerki milli Ketilsstaða og Ártúns skulu vera frá Selfljóti túngirðing sú sem skiptir túnnum jarðanna upp að hornmarki neðan þjóðvegur og beint framhald þeirrar línu, þar til hún sker þinglesin ^{landamerki} Stóra Steinsvaðs og Ketilsstaða. Fylgir Ketilsstöðum allt land sunnan þeirrar línu að þinglesnum landamerkjum aðliggjandi jarða.

Landamerki Ártúns eru fyrrgreind girðingarlína frá Selfljóti að hornmarki austan þjóðvegur og beint framhald þeirrar línu, þar til hún sker þinglesin landamerki Stóra Steinsvaðs og Ketilsstaða. Að vestan ráða þinglesin landamerki Stóra Steinsvaðs og Ártúns að hornmarki, er sett verður austur af norðurenda tjarnar í Höfðum (Mið-Höfðum). Að norðan ræður mörkum frá Selfljóti skurður milli Hlégarðs og Ártúns og bein lína í framhaldi af stefnu skurðarins, þar til línán sker Stóra Steinsvaðs-landamerki.

Rétt til sands og malartöku hafa Ketilsstaðir til byggingarframkvæmda, er eigandi byggir á jörðinni, í mel norðan við Ártún.

Þar sem við sameigendur höfum selt Landnámi ríkisins annað land, sem jörðum þessum tilheyrir, kemur það ekki til skipta.

Ketilsstöðum í Hjaltastaðapinghá, 2/7 1958

Björn Guttormsson

Stefán Sigurðsson, Ártúni

Vitundarvottar:

Pálmi Einarsson

Hreinn Pálmason



Ásgrímsstaðir (Hl. Ágúst Ásgrímsson) í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr. T II. 153)

#

„Landið ofan þjóðvegjar frá Ásgrímsstaðalæk að landamerkjum Móbergs.
Vatnsturbina við Ásgrímsstaðalæk ásamt heimtaug frá stöðvarhúsi og öðru tilheyrandi.
Braggi norðvestan við Ásgrímsstaðatún sem er eign Halldórs Ágússtonar, bónda
Víðastöðum.“

#

Selfossi, 31. desember 1963

Ágúst Ásgrímsson

Guðbjörg Alexandersdóttir

Guðjón S. Ágústsson

Vitundarvottar:

Kristján Finnbogason

Sigurjón Einarsson



Dalir II í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr I II. 4)

#

Land það, er hér um ræðir, afmarkast af fjárgirðingu, er liggur í Dalalandi úr Bjarglandsá í túngirðingu í Dölum og þaðan af beinni línu utan í – norðan í – svonefndan Háa-hól í Dalatúni í skurð við þjóðveg og síðan með þeim skurði í Dalalæk.

Að öðru leyti afmarkast umrætt landsvæði af mörkum Hjarðarhvols, Kórekstaða og Bjarglandsá.

#

(Síðar í afsalinu stendur að landið sé um 24ha.)

#

p.t. Seyðisfirði, 20. ágúst 1946

Ingvar Guðjónsson

Vitundarvottar:

Sigfús Árnason

Jón Erlendsson



Félagsheimili í Hjaltastaðarlandi í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr leigusamningi til 50 ára (Ltr D II. 53)

#

Landspildan er um 21 ha. að stærð. landspildan er í norður frá Hjaltastað og nær að úthagagirðingunni, en að öðru leyti er landspildan takmörkuð með vörðum. Landspildan er um 2/3 (tveir þriðju) hlutar kjarri vaxin ás og holt og um 1/3 (einn þriðji) hluti mýrlendi.

#



Grænahlið í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr byggingabréfi (Ltr. Þ. 226)

#

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningslaus sem hér segir samkv. landamerkjalýsingu úttektarmanna Hjaltarstaðahrepps frá 1. maí 1937.

Landið takmarkast af Selfljóti að vestan. Að sunnan af landamerkjum milli Rauðholts og Hjaltastaðar. Að austan af Hjaltastaðarlæk að Kílatjörn. Að norðan úr vörðu vestan við Kílatjörn bein lína í vörðu við Selfljót.



Hjarðarhvoll í Hjaltarst.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr. L II. 65)

#

Landspilda þessi takmarkast þannig:

Annars vegar ráða núverandi landamerki Dala og Kóreksstaða, skv. landamerkjabók Norður-Múlasýslu, hins vegar ræður Dalalækur, frá því hann fellur úr Kóreksstaðalandi inn í Dalaland á línunni milli Söðulkletts og vörðu á Mannsási, þar til hann fellur aftur úr Dalalandi utan við Vörðuhraun.

#

Seyðisfirði, 19. nóvember 1957

Ingvar Guðjónsson

Vitundarvottar:

Kristmann Hjörleifsson

Arabella Eymundsd.



Hlégarður í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr byggingarbréfi (Ltr. P II. 74)

#

Landamerki býlisins eru þessi:

Að austan ræður merkjum Selfljót. Að sunnan ræður bein lína eftir skurði, yfir holtið, um mælistöð 30, í annan skurð, unz hún sker þjóðveginn. Lengd þessarar línu er 775 m. Að vestan ræður þjóðvegur 787 m leið unz komið er í miðlínu væntanlegs skurðar frá austri til vesturs yfir Græfnamó. Skurður þessi er merktur með hælum í landinu. Lengd norðurmarka er 765 m niður að Selfljóti.

Stærðin er 60.9 ha.

#



Laufás í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr byggingarbréfi (Ltr. M II. 23)

#

Landamerki býlisins eru þessi:

Að austan ræður merkjum Selfljót, suður á móts við Forvaða. Að sunnan ræður frá Forvaða bein miðlína skurðar til vesturs, unz hún sker þjóðveginn. Lengd þessarar línu er 815 m. Að vestan ræður þjóðvegurinn 335 m leið til norðurs. Þar er komið í framlengingu girðingar vestan þjóðvegarins. Sú girðing ræður merkjum 110 m leið vesturs í girðingarhorn, þaðan ræður girðingin merkjum 323 m leið og er þá komið í beint framhald af landamerkjaskurðum móti Bóndastöðum. Miðlína þessara skurða og framlenging hennar ræður merkjum að norðan alls 840 m leið.

Stærð landsins er 49.2 ha.



Móberg í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr afsali (Ltr. L II. 26)

#

... landspildu, 15 ha. ræktanlegt land, en land þetta skal sameinað erfðaábúðarlandi því, er Björn fær til stofnunar nýbýlis úr jörðinni Víðastöðum, og verður óaðskiljanlegur hluti þess býlis á hvorum jarðarhlutanum sem byggingar þess kunna að verða reistar.

Land þetta takmarkast þannig, og er lega þess sýnd á meðfylgjandi uppdrætti:

Að norðan ræður bein lína, sem er í og í beinu framhaldi miðju skurðar á mounum norðan nýbýlis þess, sem Björn Ágústsson er að reisa. Lengd þessarar línu austur að þjóðvegi er 280 m. Að austan ræður þjóðvegurinn 625 m leið og er þá komið í línu þá, er markar landið að sunnan. Lína þessi er ákveðin af girðingu norðan við tún frá Ásgrímsstöðum, sem er vestan þjóðvegur. Suðurmörkin eru girðing þessi og bein framlenging hennar alls 275 m leið. Að vestan ráða þinglýst merki Víðastaða í beinni línu 530 m leið.

#

Ásgrímsstöðum, des. 1957

Ágúst Ásgrímsson

Vitundarvottar:

Guðjón S. Ágústsson

Skúli B. Ágústsson



Ós (úr landi Unaóss) í Hjaltast.hr.

Útdráttur úr lóðarsamningi (Ltr. K. 75-6)

Magnús Blöndal Jónsson prestur að Vallanesi, kunnjörir: að jeg hef selt hlutafélaginu Framtíðin á leigu lóð undir 4 hús, sem það hefur byggt við Óshöfn í landi kirkjujarðarinnar Unaós og sem eru að stærð 12x10 ál., 12x7 ál., 8x10 ál. og 20x10 ál. ásamt nokkru af óbyggðarlóð með þessum skilmálum:

1. Takmörk lóðarinnar eru: að norðan lína úr efri enda Gjögursins í norðvesturhorn nyrðsta hússins (skúrsins), þá framhlið skúrsins, þá bein lína úr suðvesturhorni þess í suðvesturhorn skemmunnar, þá suðurstafn skemmunnar, og þá bein lína frá suðausturhorni hennar í sjó niður, sem er framlenging af úthliðarvegg hennar.

#

#

#



Stóra-Steinsvað í Hjaltast.hr.

Landamerkjalyising að hluta (Ltr. Ö II. 173)

Landamörk milli Stóra-Steinsvaðs í Hjaltastaðþinghá og landspildu Tunguhrepps austan Lagarfoss, sem undanskilin var, þegar Tunguhreppur seldi Stóra-Steinsvað, eru sem hér segir:

Úr Lagarfljóti fyrir framan Ekrustekk austur í vörðu á Kolgrafarhöfða. Þaðan í vesturhorn tjarnar í Ekrublá og síðan austur í steindrang í flæðarmáli Lagarfljóts, norðan við miðja Fossvík.

Stóra-Steinsvaði 13/9 1969

Gísli Hallgrímsson – oddviti Tunguhrepps –

Einar Bjarnason Stóra-Steinsvaði

Hallur Björnsson

Gunnar Guttormsson

Bragi Gunnlaugsson

Sigbjörn Jóhannesson

Vitundarvottar:

Jakob Þórarinsson

Stefán Jónasson



Framnes í Borgarfj.hreppi

Landamerkjalyking (Ltr. T II. 231)

„Að innan eru landamerkin á milli Geitavíkur og Snotruness eins og hér segir:
Landamerkjaskurður af sjávarbakka fyrir utan Grafgil beint uppeftir þangað, sem
landsvegurinn liggur inn eftir norðurbyggð og síðan sömu línu að fjallsrótum. Að ofan ráða
fjallsraðir út að Torflæk. Að utan ræður Torflækur milli fjalls og fjöru. Þar að auki fylgi
nýbýlinu ræktunarland á svonefndum Landsenda þrír hektrrar að stærð, og liggja velgrafnir
skurðir kringum spilduna.

Helming beutilands Snotruness I fær nýbýlið – en beutilandi þó ekki skipt.

Fjörubeit skiptist á sama hátt. Reki skiptist til helminga.

Snotrunesi, 5. febrúar 1957

Andrés Björnsson

Halldór Ármannsson

Vitundarvotta:

Halldór Ármannsson

Margrét Á. Halldórsd.



Snotrunes I og II í Borgarfj.hr.

Útdráttur úr yfirl. um ættaróðul (Ltr. Ö. 78)

sjá bls. 102 (Ekki fullkomin lýsing)

#

Ef lýsa á landareign jarðarinnar Snotrunes II í Borgarfjarðarhreppi, verður ekki komist hjá að lýsa um leið landareign Snotrunes I, því raunverulega er þetta ein jörð, skipt í sundur til helminga, en þó þannig að hvorugri landareigninni er hægt að lýsa, nema gefa um leið lýsingu af hinni.

Beitiland er allt óskipt og liggur meiri hluti þess til fjalls, en engjar eru skiptar, og eru þær í 16 pörtum og tilheyra 8 partar hvorri háflendu.

Tún eru að mestu leyti fráskilin hvort öðru, en þó æði skák af túni Snotrunes I, sem er eins og smeygt inn í tún Snotruness II.

Snotrunes er ysti bær að norðanverðu við Borgarfjörð eystri. Landamerki eru: Að sunnan eftir skurði, sem liggur neðan af sjávarbakka fyrir utan Geitavík upp eftir mýrinni og úr skurðsendanum beint upp eftir fjallinu upp á vörp, en að norðan úr Bölmóðshlein í Njarðvíkurskriðum, beint upp í fjallstindinn. Þaðan inn eftir vörpum að miðjum Stórskriðnadal. Mun láta nærri, að strandlengjan með sjó fram sé 3–3½ km. Meðfram allri ströndinni er mikill skerjaklasi og flúðir, sem koma upp um fjörur. Sauðfé sækir mjög á þessar flúðir og er því flæðihætta mikil fyrir það. Lending er mjög vond, enda liggur hún alveg fyrir opnu hafi. Undirlendi er frá 100–300 m. á breidd, þó er ekkert undirlendi nyrst, en þar er klettabelti og skriður í sjó fram, sundurskorið af giljum en grasivaxnir jaðrar á milli.

Eins og áður er getið er beitiland mest í fjallinu og svo á undirlendi því, sem nyrst er og kallast landsendi „Landsendi“ og „Jaðrar“ og er það allt til samans mikill meirihluti landareignarinnar.

Engjar liggja báðum megin út frá túninu. Þær eru mest mýrar, en þó eru vallendisblettir til og frá á milli, má segja þær séu allar þýfðar, ekkert véltækt og eins og áður getur tilheyra 8 engjastykki hvorri háflendu. Má segja þær séu í meðallagi grasgefnar, eftir því sem gerist um engjar hér í sveit. Meðalheyskapur á ári 5 síðustu árin er um 150 hestar á háflendunni. Tún er um 14 dagsláttur að stærð, af því hafa komið að meðaltali 5 síðustu árin 175 hestar (Snotrunes II). Það er að mestu leyti slétt með dálitlum halla. Þó er það ekki allt nógu slétt fyrir sláttuvél (gamlar sléttur, innsigið), þar að auki eru 5 dagsláttur í ræktun, sem væntanlega verður tún á næsta ári. Það er girt sérstaklega með gaddavír og skurðum, en er ekki áfast við eldra túnið. Gaddavírsgirðing er um tún og engjar, en er orðin gömul og af sér gengin. Hún er um 1800 m. löng, það, sem tilheyrir Snotrunesi. (Samgirðing við Geitavík). Meðaláhöfn 5 síðustu árin hefur verið 120 fjár, 3 nautgripir og 3 hestar.

#

Reykjavík, 19. marz 1945



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

f.h. Halldórs Ármannssonar, Páll Zóphóníasson e.u.

Vitundarvottar:

Ólafía Einarsdóttir

Kristinn Stefánsson



Sunnuholt í Seyðisfj.hr.

Útdráttur úr byggingabréfi (Ltr. A II. 36)

#

Landamerki jarðarinnar eru ágreiningingslaus sem hér segir, samkv. landamerkjagerð frá 13/3 1946:

Að vestan svonefndur Finnbogalækur, að norðan Norðanklettur, að austan Svarðarlækur frá Norðanklettsbrekkum niður á Hagakletta. Þá út Hagaklettana í mörk Dvergasteins og Selstaðalands. Að sunnan sjórin. – Auk þess nýtur býlið beitarréttinda í Dvergasteinslandi eftir þörfum í hlutfalli við landstærð.

Seyðisfjarðarhreppi, 13. marz 1946

Þórarinn Sigurðsson – hreppstjóri

Sig. Vilhjálmsson – úttektarmaður

Ofanritaðri landamerkjaskrá er ég samþykkur

Filippus Sigurðsson



Surtsstaðir I og II í Hlíðarhreppi

Landskiptagjörð (Ltr. P II. 76)

Við undirritaðir Sigbjörn Björnsson, eigandi og ábúandi Surtsstaða I, og Bragi Björnsson, eigandi og ábúandi Surtsstaða II í Hlíðarhreppi, Norður-Múlasýslu, höfum komið okkur saman um svofelld landsskipti milli jarða okkar á því landsvæði, sem liggur neðan Surtsstaðaháls og framan heimreiðarinnar frá þjóðveginum:

1. Í hlut Surtsstaða I kemur heimatún allt og ræktunarland það, sem takmarkast að ofan (NV) af Surtsstaðahálsi, að utan (NA) af heimreiðinni, sem liggur heim að Surtsstaðahálsi frá þjóðveginum, að neðan (SA) af línu, sem dregin er beint frá heimreiðinni um vesturhorn girðingar, sem liggur um eldri hluta nýræktar í merkjavörðu við merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða, sem er miðja vegu milli þjóðvegarins og hallabrigðanna við Surtsstaðaháls. Að framan takmarkast það af merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða.
2. Í hlut Surtsstaða II kemur tún það og ræktunarland, sem takmarkast að ofan af úrskiptu landi Surtsstaða I, að utan af heimreið, að neðan af Jökulsá og að framan af merkjagirðingu Surtsstaða og Hallgeirsstaða.
3. Öllu öðru landi jarðarinnar er óskipt, ennfremur hlunnindum, og njóta jarðirnar þess að jöfnu (1:1) þar til frekari skipti verða gerð.

Surtsstöðum, 13. marz 1961

Bragi Björnsson

Sigbjörn Björnsson

Vitundarvottar:

Björn Guðmundsson

Svavar Björnsson



Vífilsnes í Tunguhreppi

Landskiptagjörð (Ltr. A III. 261)

Vegna væntanlegrar lántöku í Búnaðarbanka Íslands, út á jörðina Vífilsnes í Hróarstungu N.Múl., hefur þess verið krafizt, að Vífilsnesi fylgdi ákveðið landsvæði af ræktanlegu landi, en land jarðanna Vífilsstaða og Vífilsnes er óskipt.

Af þessum sökum hefur orðið samkomulag milli eigenda áðurnefndra jarða, að eftirtalin landsvæði, sem í er allmikið af ræktanlegu landi, falli í hlut Vífilsness.

Í fyrsta lagi innan þessara marka:

Úr túngirðingu á Hesthúsá – þar sem tún Vífilsstaða og Vífilsnes mætast – út og upp á Vegás, út hann út á landamerki Heykollsstaða og Vífilsstaðabæja, eftir þeim upp á Fálkaás, inn með honum í útenda Hagavatns, úr útenda Hagavatns í túngirðingu á Hesthúsás.

Í öðru lagi innan eftirtalinna marka:

Úr túngirðingu á Vífilsnesi á landamerkjum Vífilsness og Dagverðargerðis, eftir landamerkjum nefndra jarða upp í Stekksvatn, út með því út fyrir ofan Stekk og ofan fyrir utan Stekk í túngirðingu á Stekkjarhrygg.

Hér á móti komi, að landið fyrir utan Vífilsstaði út á landamerki Heykollsstaða og Vífilsstaða ofan frá Vegás og Kolhöfða niður að Lagarfljóti falli í hlut Vífilsstaða.

Þessu til staðfestu nöfn eigenda Vífilsstaða og Vífilsness.

Vífilsstaðabæjum, 29. ágúst 1970

Þórarinn Ásmundsson, Vífilsstöðum.

Frímann Júlíusson, Vífilsnesi.

Vottar:

Þórólfur Magnússon

Sigurgísli Eyjólfsson



Langhús í Fljótsdalshreppi

C III. 384-5

Landamerkjalýsing milli Langhúsa og Arnaldsstaða í Fljótsdalshreppi:

Bein lína úr landamerkjavörðu á heiðarenda á Múla í Keldá með stefnu á Fjánhúslækjargil við Víðivallagerði.

Langhúsum 25.11. 1970

Þórhallur Ágústsson

Stefán Hallgrímsson, Arnaldsstöðum.

Landamerkjalýsing milli Langhúsa og Glúmsstaða I í Fljótsdalshreppi:

Lína úr landamerkjavorðu á heiðarenda á Múla út í vörðu, sem er gegnt Bjarnargjá í Hólsbjargi og þaðan þvert á Jökulsá með stefnu á áðurnefnda Bjarnargjá.

Langhúsum 25.11. 1970

Þórhallur Ágústsson

Ásdís Metúsalemsdóttir, Glúmsstöðum.



Grund (I og II) í Borgarfj.hr
C III

Grund takmarkast að utan af bókfærðum landamerkjum Gilsárvalla og Merkilækjar, að innan á móti Hólalandi og við Gilsárvallablá að neðan. Sameiginlegt upprekstrarland með Gilsárvöllum í Innfjöllum. Grund skiptist þannig innbyrðis í Grund I og Grund II:

Gamla túninu skiptir Bæjarlækur ofantil en gamli lækjarfarvegurinn neðar, og á Grund I ytri hlutann, en Grund II þann fremri. Blánni er skipt í miðju með framræzluskurði og á Grund I ytri hlutann en Grund II þann fremri.

Hagatúninu skiptir Hagalækur, á Grund I fremra túnið ásamt tveim afmörkuðum stykkjum neðan brekku, Grund II á ytra túnið ásamt tveim afmörkuðum stykkjum neðar. Milli heimatúns og Hagatúns eru tvö útmæld stykki og eru mörkin beint úr skurði neðan brekkunnar. Á Grund I ytra stykkið en Grund II það fremra.

Engjum skiptir Hagalækur, og á Grund I ytri Ennin og efri og neðri Græfur að Gilsárvallamörkum og Grund II á fremri Ennin og Fosslækjarmýrar að Merkilæk og niður að Gilsárvallablá. Ennfremur fjallið að sömu mörkum.

Tungurnar skiptast þvert yfir milli Fjarðarár og Þverár á milli Grundarbæja, úr ytra Áslækjargili í dý yzt á Víðáreyrum, og á Grund I ytri hlutann að mörkum Gilsárvalla, en Grund II fremri hlutann að mörkum Hvannstóðs.

Borgarfirði, 8.9. 1970

Aðalsteinn Sveinsson Grund I

Hannes Árnason Grund II

Friðjón Árnason Hólalandi

Sigurður Árnason Hólalandshjáleigu

Ólafur Jónsson Gilsárvöllum



Bessastaðir í Fljótsdalshreppi

Ltr. F III 237

Skýrsla

um landamerki jarðarinnar Bessastaða í Fljótsdalshreppi, gerð af eigendum hennar 12. janúar 1974 og undirrituð af eigendum næstu jarða, Hamborgar, Eyrarlands, Litlu-Grundar, Bessastaðagerðis og Hrafnkelsstaða, sem eiga land að Bessastöðum neðst á Bessastaðanesi.

Landamerki Bessastaða og Hamborgar eru sem hér segir: Á nesinu neðan Bessastaðaár liggja lönd Bessastaða og Hamborgar ekki saman. Tún jarðanna liggja saman og skiptir þeim girðing, sem verið hefur á sama stað í langan tíma. Til fjalls liggur grafningur þvert upp brekkuna frá takmörkum túnanna, og eru landamerki í þessum grafningi miðjum. Frá efri enda grafnings þessa ræður bein lína í sömu stefnu yfir stutt melhaft í svokallaðan Innri-Bessastaðalæk. Fellur hann þangað niður beint undan brekkunum alla leið ofan af heiðarbrún (Fljótsdalsheiðar) og fylgja landamerki jarðanna honum þangað upp.

Frá takmörkum túnanna eru þessi landamerki að heita má bein lína þvert á fjallið alla leið upp á heiðarbrún og hafa þau gilt í langan tíma. Af heiðarbrún ræður bein lína, er hallar til Hamborgarlands, í stóran stein á Grjótufs á Fljótsdalsheiði, þaðan bein lína í sömu stefnu á Miðheiðarháls.

Niður frá bæjunum að Bessastaðaá ræður bein lína frá svokölluðum Þingvallagarði, sem er framan við neðra túnið á Bessastöðum, í Bessastaðaá.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Hamborgar í Fljótsdalshreppi lýsi því yfir, að landamerki jarðanna Hamborgar og Bessastaða eru eins og hér að ofan greinir.

Arnheiðarstöðum, 27.1. 1974

Aðalbjörn E. Kjerúlf

Vottar:

Sigsteinn Hallason

Guttormur V. Þormar

Á milli Bessastaða og Eyrarlands gilda eftirtalin landamerki: Fremri landamerki Eyrarlands fylgja Bessastaðalæk þá þjóðvegi og niður að Bessastaðalækjarós, þaðan bein lína þvert á dalinn niður í Bessastaðaá. Á svonefndum Bessastaðaurum eiga Bessastaðir land, sem liggur að Litlu-Grund að utan, en markast að framan af girðingu, sem liggur frá Fífuhólmavaði í Bessastaðaá og þvert upp að þjóðvegi. Á nesinu liggja landamerkin frá



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

núverandi girðingarhorni á Fremri-Fífuhólmabakka, eftir dæld, sem liggur framan við Fífuhólma, Koppaker og á bungu vestan við Seigaker.

Beitiland ofan þjóðvegjar er óskipt milli jarðanna.

Vatnsleiðsla er sameiginleg á Bessastöðum og Eyrarlandi.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Eyrarlands í Fljótsdalshreppi lýsi því yfir, að landamerki jarðanna Eyrarlands og Bessastaða eru eins og hér að ofan er skráð.

Eyrarlandi, 26.1. 1974

Jóhann S. Jónsson

Vottar:

Hjördís Sveinsdóttir

Arnfríður Hallvarðs.

Á milli Bessastaða og Bessastaðagerðis eru eftirtalin landamerki:

Ofan Bessastaðaár liggja lönd saman í fjallinu. Ræður þar bein lína úr landamerkjagarði, sem er á nesinu, til fjalls í stóran stein í Breiðagili, miðjan Marteinsbotn, framan til á Ytri-Ingiríði, sem er klettur uppi á fjallsbrún – nú nefndur Fálkapúfa –, þaðan sama lína í sömu stefnu í Sauðavörðu og á Miðheiðarháls Fljótsdalsheiðar.

Á nesinu skiptir landamerkjagarður löndum, nema að Bessastaðir eiga helming Breiðumýrartagls.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Bessastaðagerðis í Fljótsdalshreppi lýsi því yfir, að landamerki jarðanna Bessastaða og Bessastaðagerðis eru eins og að ofan er skráð.

Bessastaðagerði, 27.1. 1974

Pétur Þorsteinsson

Vottar:

Sigsteinn Hallason

Guttormur V. Þormar

Á milli Litlu-Grundar og Bessastaða gilda eftirtalin landamerki:

Neðan vegar skiptir girðing löndum og liggur hún neðan af árbakka Bessastaðaár og upp að þjóðvegi framan og neðan við íbúðarhúsið á Litlu-Grund. Ofan vegar skiptir einnig girðing löndum. Er hún rétt framan við íbúðarhúsið, en frá mörkum hennar ræður bein lína í Breiðagil upp á móts við brekkubrún.



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Litlu-Grundar í Fljótsdalshreppi lýsi því yfir, að landamerki jarðanna Bessastaða og Litlu-Grundar eru eins og að ofan er skráð.

Litlu-Grund, 30.1. 1974

Einar Jónsson

Vottar:

Jón Bjarnason

Magnús Einarsson

Lönd Bessastaða og Hrafnkelsstaða liggjan saman neðst á Bessastaðanesi.

Landamerki liggja eftir landamerkjagardi, sem liggur á milli Seigakers og Út-Grundar, sem er í Hrafnkelsstaðalandi.

Ég undirritaður eigandi jarðarinnar Hrafnkelsstaða í Fljótsdalshreppi lýsi því yfir, að landamerki jarðanna Bessastaða og Hrafnkelsstaða, eru á Bessastaðanesi eins og að ofan er skráð.

Hrafnkelsstöðum, 27.1. 1974

Hjörtur E. Kjerulf

Vottar:

Óskar Þórhallsson

Sigsteinn Hallason

Við undirrituð, eigendur jarðarinnar Bessastaða í Fljótsdalshreppi, Norður-Múlasýslu, lýsum því hér með yfir, að við erum samþykkt þeim landamerkjum Bessastaða og aðliggjandi jarða, sem hér eru að framan skráð.

Gert 17. janúar 1974

Björg S. Jónsdóttir

Soffía S. Jónsdóttir

Jónas Jónsson

Sigfús Jónsson

Bergljót Jónsdóttir

Guðrún Þ. Jónsdóttir

Sigríður Þorsteinsdóttir

Margrét Eyjólfsdóttir

Jóhann S. Jónsson

Einar Jónsson

María Jónsdóttir

Vottar:

Jón Bjarnason

Magnús Einarsson



Sölu- og landaskiptasamningur.

D III. 280

Ingvar Guðjónsson, bóndi í Dölum í Hjaltastaðarþinghá, og hreppsnefnd Hjaltastaðarhrepps gera með sér svofelldan samning:

Hjaltastaðarhreppur selur Ingvari Guðjónssyni jörð sína Kóreksstaðagerði með húsum og öðrum mannvirkjum, er henni fylgja, ásamt þeim hluta úr landi Sigtúns, sem liggur austan þess skurðar, sem flytur að hluta rennsli Gerðisár um Kóreksstaðaengjar í Kóreksstaðakýl til Selfljóts. Undanskilinn í sölu þessari er sá þriðjungur óskipts upphaflega upplands Kóreksstaða og Kóreksstaðagerðis, er nú tilheyrir Sigtúni. Hið sameiginlega uppland takmarkast að neðan af línu, sem dregin er sjónhending úr landamerkjavörðu á Mannsás í Hrísrákrók, neðan við Neðra-sel.

Ábúandi á Kóreksstöðum eða Sigtúni skal hafa rétt til umferðar um hið selda land, vegna nytja síns hluta upplandsins.

Einnig er lögrétt sveitarinnar undanskilin við þessa landssölu og réttur áskilinn til endurbyggingar hennar á hinu selda landi.

Þá er og undanskildar í sölunni þær girðingar, sem ábúandi Sigtúns hefur gert á áðurgreindu landi austan Gerðisár.

Hér tilgreindar jarðeignir greiðir Ingvar Guðjónsson á eftirfarandi hátt:

1. Með þeim hluta úr eignarjörð sinni Kóreksstöðum, ásamt túnum og girðingum, sem liggur vestan Gerðisár og áðurnefnds skurðar.
2. Í peningum kr. 140.000.00 – eitt hundrað og fjórtíu þúsund ^{00/100} –, er greiðist við afsal.

Engin veðbönd eru á þeim jarðeignum, sem samningur þessi fjallar um.

Til staðfestu skulu nöfn aðila rituð í viðurvist votta.

Dölum 30. des. 1972

f.h. Hjaltastaðarhrepps, Sævar Sigbjarnarson – oddviti

Samþykkur sem kaupandi Ingvar Guðjónsson

Vottar:

Ingvar Halldórsson

Stefán Sigurðsson



Landaskiptasamningur

E III. 180

Eigendur jarðanna Melavellir, Miðfjörður I og Miðfjörður II gera með sér svofelldan samning um eignahlutföll og skipti lands og hlunninda:

1. gr. Eigendur og eignarhlutar þeirra eru eftirfarandi:

- Melavellir. ¼ hluti, 25% eignaraðild af skráðu landi og hlunnindum.
Eigendur: Sigríður Sigurðardóttir og Gunnlaugur Antonsson.
- Miðfjörður I. ¼ hluti, 25% eignaraðild af skráðu landi og hlunnindum.
Eigendur: Þorbjörg Bender og Kristján Bender.
- Miðfjörður II. 1/6 hluti, 16,7%, eignaraðild af skráðu landi og hlunnindum samsvarandi 1/3 hluta eignaraðild að Miðfirði II.
Eigandi: Oddur V. Bjarnason.
- Miðfjörður II. 1/3 hluti, 33,3%, eignaraðild af skráðu landi og hlunnindum samsvarandi 2/3 hluta eignaraðild að Miðfirði II.
Eigendur: Guðmundur Björnsson, Gunnar Björnsson, Kristján Flygering, Runólfur Halldórsson og Valdimar Jónsson.

2. gr. Land það, sem til skipta kemur í samningi þessum, er landið frá sjó, milli Miðfjarðarár að norðvestan, Hölnár að suðaustan, inn í land syðst í Hölnárdrög, þaðan beina línu innan við Djúpavatn, um leitarmannakofann yfir Þverfellslæg að Miðfjarðará. Allt land, sem innar er samkvæmt Landamerkjabréfi skráðu í Landamerkjabók Norður-Múlasýslu fyrir jörðina Miðfjörð í Skeggjastaðahreppi, þinglesið á Skeggjastaðamanntalsþingi 31. júlí 1922, er óskipt sameign í þeim eignahlutföllum, sem frá greinir í 1. grein samnings þessa.

3. gr. Óskipt land er öll fjaran á milli Miðfjarðarár og Hölnár með 50 metra breiðri spildu inn í land, miðað við stórstraumsflóð. Óskipt eru einnig netalög og fiskhelgi með fjörunni, ennfremur reki, og deilist þetta samkvæmt ofanskráðum eignahlutföllum á milli landeigenda. Þá er ennfremur óskipt efnistaka í fjöru (malar og byggingarefni), og deilist hagnaður af efnistöku eða sölu til bygginga eða annarra framkvæmda samkvæmt eignahlutföllum. Þó er hverjum einstökum landeiganda í samningi þessum heimilt að taka til eigin nota efni við byggingar á jörð sinni, eða vegna eðlilegra vegabóta að eigin húsum, mól eða byggingarefni án endurgjalds til annarra rétthafa að þessari efnistöku. Veiði og hagnaður endurgjald af veiði, þar með talinn arður, sem kemur í hlut jarðanna samkvæmt arðskrá veiðifélags, í Miðfjarðará, Hölná og Djúpavatni deilist samkvæmt ofangreindum eignahlutföllum í hverri á og hverju vatni. Eggja og dúntekja, innan varpgirðingar samkvæmt 8. grein hér að neðan, er óskipt sameign landeigenda.



4. gr. Efstu mörk þessara landskipta miðast við beina línu, sem hugsast dregin syðst úr Hölnárdrögum, innan við Djúpavatn, vestur fyrir Þverfellslæg, í leitarmannakofann og að Miðfjarðará. Í kringum Djúpavatn er 100 metra breið spilda í óskiptri sameign landeigenda. Land, sem liggur á milli ofannefndrar línu og línu, sem dregin er frá ármótum Kverkár um Sandhæð að Stórafossi í Hölná, skiptist þannig: Vestasti hluti þessarar landspildu tilheyrir eignarhluta Guðmundar Björnssonar o.fl., þar næst eignarhluti Odds V. Bjarnasonar af Miðfirði II, síðan hluti Melavalla og austast hluti Miðfjarðar I, og allt þetta samkvæmt áðurgreindum eignahlutföllum.

Land neðan línu þeirrar, sem dregin var frá ármótum Kverkár og Miðfjarðarár að Stórafossi í Hölná, niður að Þjóðvegi, skiptist þannig: Vestasti hluti þessarar landspildu tilheyrir eignarhluta Guðmundar Björnssonar o.fl., þar næst eignarhluti Melavalla, þar austan við eignarhluti Odds V. Bjarnasonar og austast að Hölnáá eignarhluti Miðfjarðar I og allt þetta samkvæmt áðurgreindum eignahlutföllum. Áður óhlutað land til Melavalla á svæði þessu, 15 ha að stærð, helst óbreytt. Að norðan takmarkast það af melbrúnnum ofan við tún í Miðfirði II. Að sunnan milli tveggja varða undir Miðfjarðarhálsi. Að suðvestan úr fremri vörðu undir hálsi í vörðu í melbrún. Að norðaustan úr ytri vörðu undir hálsi og í túngirðingu í Miðfirði II.

5. gr. Land neðan núverandi Þjóðvegur til sjávar, skiptist þannig: Vestasti hluti frá Miðfjarðará að línu, sem dregin er 60 metrum vestan við hornstaur neðst og austast í núverandi félagsræktun og að sjó í vestari tangann miðjan við Borgarvík, tilheyrir eignarhluta Miðfjarðar II. Land Melavalla er frá austasta hornstaur neðst á félagsræktun miðsvæðis að Hölná og nær 60 metra vestur og suður fyrir fyrrgreindan hornstaur á félagsræktun, en til sjávar á miðjum vestari tanga Borgarvíkur. Land Miðfjarðar I er milli girðingar félagsræktunar austur að Hölná, en nær 60 metrum skemur en neðsti og austasti hornstaur félagsræktunar, en skiptist þar miðsvæðis frá fyrrgreindum mörkum og niður að sjó. Nýrækt sú, neðan Þjóðvegur, er Búnaðarfélag Skeggjastaðahrepps fékk til leigu úr óskiptu landi Melavalla, Miðfjarðar I og Miðfjarðar II, deilist samkvæmt eignahlutföllum á milli núverandi landeigenda. Að öðru leyti gildir um þetta ræktarland sá samningur, sem gerður var milli þáverandi landeigenda og fulltrúa Búnaðarfélags Skeggjastaðahrepps þann 31. júlí 1969.

6. gr. Heimilt er landeiganda að girða í sjó fram á mörkum lands síns, en skylt er honum að hafa minnst þriggja metra breytt hlið á þessari girðingu einhvers staðar frá fjöruborði að 50 metra mörkum þeim, sem skilja skipt land og óskipt.

7. gr. Melavöllum tilheyrir gamla bæjartúnið, sem áður tilheyrði Miðfirði I. Í hluta Odds V. Bjarnasonar koma þrjú túnblettir er áður tilheyrðu Miðfirði I, taldir í þessari röð: Einn túnblettur við Miðfjarðará, annar við íbúðarhúsið að Miðfirði II og þriðji svokallaður Einarstaðablettur úti á sjávarbakka.

8. gr. Æðarvarp innan girðingar á eystri bakka Miðfjarðarár á móts við Kvíhólma, frá Svartabakka að norðaustan og inn undir Þurrkeyrarhyl, sem tilheyrir eignarhluta Guðmundar Björnssonar o.fl., er háð þeirri kvöð, að allt varp innan þessa landsvæðis skoðast sem



sameiginleg hlunnindi allra landeigenda í samningi þessum. Viðhald á varpgirðingu, svo og önnur umhirða og umsjón í varpinu skal framkvæmd á kostnað þeirra, sem varpið nytja, og í sömu hlutföllum og tekjur þær eru, sem viðkomandi hafa af umræddu varpi. Ef varp kemur upp annars staðar í landi Miðfjarðar, fylgir það land þess eiganda. Falli æðarvarp niður, er fyrrnefnd kvöð fallin niður án endurgjalds úr hendi landeigenda til annarra sameigenda að hlunnindum.

9. gr. Að öðru leyti en að framan greinir samkvæmt 3. og 8. gr. skulu önnur hlunnindi skiptast eftir mörkum og fylgja eignarlandi hvers aðila.

10. gr. Varanleg landamerki verða gerð samkvæmt samningi þessum við fyrstu hentugleika og þau merkt inn á landakort, sem undirritað verður af öllum málsaðilum, og skal það landakort látið fylgja samningi þessum.

F.h. 1/3 af Miðfirði II
Oddur Bjarnason

Fh. 2/3 Miðfjarðar II
Guðmundur Björnsson
Valdimar Jónsson
Gunnar Björnsson
Kristján Flygenring
Runólfur Halldórsson

F.h. Melavalla
Sigríður Sigurðardóttir
Gunnlaugur Antonsson

F.h. Miðfjarðar I.
Þorbjörg Þ. Bender
Kristján Bender

Ég undirritaður hreppstjóri Skeggjastaðahrepps hef kynnt mér landskiptasamning þennan og tel skipti samkvæmt honum eðlileg.

Þorvaldsstöðum, 19. ágúst 1973

Þórarinn Haraldsson hreppstjór Skeggjastaðahrepps.



Hafnarhólmi
Afsal E III. 396

Undirrituð, Þorsteinn Magnússon, Stefanía Magnúsdóttir og Jón Magnússon, Höfn í Borgarfirði eystra, eigendur að tveföldum tólf hundruðum fornum, í jörðinni Njarðvík í Borgarfjarðarhreppi og Sigurður Bóasson á Borg í Njarðvík, eigandi að tveföldum tveimur hundruðum fornum í þeirri jörð, seljum hér með og afsölum Borgarfjarðarhreppi eignarhlutdeild okkar í spildu þeirri úr Hafnarhólma í Borgarfirði eystra, sem afmörkuð er á meðfylgjandi uppdrætti, en Hafnarhólmi er óskipt sameign eigenda jarðarinnar Njarðvík.

Nánar tilgreint er hið selda sá hluti Hafnarhólma, er verður vestan og sunnan tveggja beinna lína, sem dregnar eru hornrétt hvor á aðra, á uppdrættinum, og afmarkar athafnasvæði fyrirhugaðrar hafnar.

#

Borgarfjarðarhreppi er kunnugt um, að biskup hefur gert kröfu um, að Hafnarhólmi falli til Bakkagerðiskirkju, en hálf jörðin Njarðvík og Hafnahólmi var áður eign Njarðvíkurkirkju, sem nú er aflögð. Verði þeirri kröfu haldið til laga greiðir Borgarfjarðarhreppur kostnað við að halda uppi vörnum í því máli, hlutfallslega miðað við eignaraðild hreppsins í jörðinni Njarðvík. Ef Hafnarhólmi yrði dæmdur eign Bakkagerðiskirkju, greiðir Borgarfjarðarhreppur henni þær bætur, er hún kynni að eiga, vegna þess hluta hólmans, er seldur er, með afsali þessu, til hafnargerðar, og á hreppurinn ekki endurkröfurétt á þeim bótum úr hendi seljenda skv. afsali þessu.

#

Borgarfirði 20. sept. 1973.

f.h. mína og systur minnar, Stefaníu, skv. umboði, og Jóns, bróður míns, er eigi getur veitt umboð vegna veikinda, Þorsteinn Magnússon

Sigurður Bóasson

Samþykkur framanrituðu, f.h. Borgarfjarðarhrepps, skv. sérstöku umboði hreppsnefndar.

Ingvar Ingvarsson – oddviti

Vottar:

Þórdís Jónsdóttir

Ingunn Ingvarsdóttir



(Hluti af landi Hafnar í Borgarfj.hreppi)

Afsal E III. 399

Ég undirritaður, Magnús Þorsteinsson, til heimilis í Höfn í Borgarfirði eystra, sel hér með og afsala Borgarfjarðarhreppi spildu úr landi jarðarinnar Höfn í Borgarfjarðarhreppi, um það bil 3 ha að stærð og eru takmörk landspildu þessarar sem hér segir: Að suðvestan ræður grafningur á miðjum Kolbeinsfjörubakka frá sýsluvegi, svo langt til sjávar, sem grafningurinn nær, en þaðan sjónhending stystu leið í stórstraumsfjöruborð, að suðaustan sýsluvegur, úr áðurnefndum grafningi út á svonefnt Holt, þaðan lína dregin í 20 metra fjarlægð frá Hellisfjörubakka, út að grafningi, yst á þeim bakka, en þaðan eru suðausturmörkin gamall vegur, sem mótar fyrir í túninu og framlengd lína úr honum út á Karlfjörubakka, að norðaustan ræður lína dregin úr áðurnefndu marki á Karlfjörubakka í norður og í stórstraumsfjöruborð, að norðan ræður stórstraumsfjöruborð.

Landspilda þessi er seld Borgarfjarðarhreppi til hafnargerðar í landi Hafnar og allrar mannvirkjagerðar og fylgir með í kaupunum réttur til vatnstöku í lind ofan við veginn á Bjargi, svo og réttur til grjótnáms í hinni seldu landspildu vegna hafnargerðarinnar.

Með kaupunum fylgir ekki rekaréttur, þarabreit, né önnur slík hlunnindi. Eiganda jarðarinnar Höfn er heimil endurgjaldslaus nýting túna á hinni seldu landspildu, að því leyti sem hún fer ekki í bága við nauðsynleg afnot landsins vegna hafnarinnar á hverjum tíma.

#

Borgarfirði, 20. sept. 1973.

Magnús Þorsteinsson

Samþykktur framanrituðu, f.h. Borgarfjarðarhrepps, skv. sérstöku umboði.

Ingvar Ingvarsson – oddviti –

Vottar:

Þórdís Jónsdóttir

Ingunn Ingvarsdóttir



Samkomulag um landamerki og veiðiréttindi
(Hlíðarhús, Sleðbrjótur I og II og Breiðamörk I og II)

F III. 306

Landamerki:

Þar sem komið hefur í ljós, að landamerki milli Hlíðarhúsa og Sleðbrjóts samkvæmt landamerkjaskrá, dags. 24. júlí 1922, eru nú orðin mjög óljós. Þar eru mörkin miðuð við tvær vörður, aðra á Kaldáreyrum og hina á bakka Jökulsár. Báðar þessar vörður eru nú horfnar með öllu og veit enginn nú lifandi maður með vissu, hvar þær hafa verið.

Hafa því undirritaðir núverandi eigendur að Hlíðarhúsum annars vegar og eigendur Sleðbrjóts I, Sleðbrjóts II, Breiðumerkur I og Breiðumerkur II hins vegar komið sér saman um ný landamerki, en þau eru sem hér segir:

Á nyrðri bakka Kaldár, aðeins framar en áin beygir niður í Hálsendahyl, stendur varða á litlum mel. Miðað við þessa vörðu ræður Kaldá merkjum niður í miðjan farveg árinna um Hálsendahyl, þaðan ræður bein lína um miðjan Einbúa í Jökulsá. Einbúi er stakur klettur á Kaldáreyrum út af horni Dysjamels.

Þess skal einnig getið til frekari skýringar, að í áðurnefnda vörðu á bakka Kaldár liggja landamerki Sleðbrjótssels og Hlíðarhúsa.

Veiðiréttindi:

Á því svæði sem lönd framangreindra jarða liggja saman rennur Kaldá í breytilegum farvegum, ýmist utan eða innan við framanskrað landamerki. Þó hefur reynsla undanfarandi 50 ára sýnt, að farvegir árinna hafa oftari verið framan við landamerkin og því verið nokkrum vandkvæðum bundið að meta veiðirétt jarðanna í ánni.

Nú er í undirbúningi bygging brúar yfir Kaldá á þessu svæði og verður þá farvegi hennar eitthvað breytt í því sambandi. En nú hafa undirritaðir eigendur fyrgreindra jarða komið sér saman um skiptingu veiðiréttinda í Kaldá á því svæði sem lönd þeirra liggja saman og hér áður er frá greint.

Samkomlagið er þannig:

Hlíðarhús hafi 1/3 hluta veiðiréttar, en Sleðbrjótur I, Sleðbrjótur II, Breiðamörk I og Breiðamörk II hafi til samans 2/3 hluta veiðiréttar. Þetta samkomulag um veiðiréttindi gildir eins þó að áin breyti eitthvað farvegi sínum sitt á hvað yfir landamerkin.

Til staðfestu þessu samkomulagi eru nöfn aðila undirrituð í viðurvist tveggja vitundarvotta.

St. Breiðumörk, 30. júlí 1974

Björgvin V. Geirsson, Sleðbrjót II

Geir Stefánsson, Sleðbrjót I

Sigurður Stefánsson, Breiðumörk I



ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Stefán Sigurðsson, Breiðumörk II
Eiríkur Einarsson, Hlíðarhúsum.

Vottar:

Hörður Magnússon
Bergljót Stefánsdóttir



Landskipti milli Ljósstaða 1 og 2

Landskiptagjörð

Þann 7. apríl 1971 fóru fram skipti milli jarðanna Ljósstaða 1 og Ljósstaða 2. Ljósstaðir 1 er 1/3 hluti úr Ljósstöðum, en Ljósstaðir 2 2/3 hlutar, og voru skipti á útjörð miðuð við þau hlutföll.

Viðstaddir viðskiptin voru virðingarmenn Vopnafjarðarhrepps, Friðrik Sigurjónsson, Ytri-Hlíð, og Sigurður Pétursson, Vakurstöðum.

Tún, sem tilheyrir hvorri jörð, voru látin haldast óbreytt.

Landamerki milli jarðanna á landi sunnan Vesturdalsár eru sem hér segir:

Úr vörður á Hádegishraunshala sjónhending í lind við melsenda niður af Klauf og þaðan að Vesturdalsá sjónhending í Sandberg við Frambæjarlæk.

Að norðan ræður Frambæjarlækur frá Sandbergi að fremri bug ofan við Staurflöt. Þaðan sjónhending í vörðu á mel á Ás og frá henni sjónhending í stóran stein á Hólöldu, sem ber í miðjan Hágang. Land utan þessara marka tilheyrir Ljósstöðum 1.

Að öðru leyti vísast í landamerkjabréf Ljósstaða, gjört 31. júlí 1922, sem er innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og þinglesið. Samanber einnig landskiptagjörð við stofnun nýbýlisins Ljósstaðir 1 1953, sem einnig er innfærð í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og þinglesin, að svo miklu leyti, sem hún samræmist þessu.

Ljósstöðum 1 fylgir 1/3 hluti hlunninda.

Ljósstöðum 1, 7. apríl 1971

Gunnar Sigurðsson

Jóhann Sigurðsson

Sigurður Gunnarsson

Friðrik Sigurjónsson

Sigurður Pétursson

Vitundarvottar:

Erlingur Pálsson

Rósa Jónsdóttir



Landamerki

Á milli Sunnuhlíðar og Sýreksstaða í Vopnafjarðarhreppi N-Múl.

Sunnuhlíð er nýbýli, ¼ úr Sýreksstaðalandi, þó með eftirgreindum landamerkjum.

Að vestan ræður Marklækur og landamerki, sem skiptir löndum Hraunfells og Sýreksstaða.

Að norðan á Hraunfellshálsi ráða landamerki Þorbrandsstaða og Sýreksstaða á móts við Húsalæk. Þaðan ræður Húsalækur niður á móts við núverandi skurð, sem nær út að nýrækt Sýreksstaða ofan gamla skurðar. Þaðan ræður girðing, sem liggur í Gamla skurð og hann liggur í læk, sem skiptir tünnum á milli Sunnuhlíðar og Sýreksstaða.

Að sunnan ræður Sunnudalsá.

Einnig tilheyrir Sunnuhlíð ¼ hluti hlunninda vegna veiðiréttar í Sunnudalsá.

Vopnafirði, 3. marz 1977

Eigandi Sunnuhlíðar Haukur Georgsson

Eigandi Sýreksstaða Hjálmar Jósefsson

Vitundarvottar:

Rúnar Valsson

Friðrik Sigurjónsson



Landamerki

fyrir Prætubakka á milli Jórvíkur, Hjaltast.hr. og Kóreksstaða

Landbúnaðarráðherra gerir kunnugt:

Að hann með bréfi þessu afsalar til Hjaltastaðarhrepps í Norður-Múlasýslu svo nefndum Prætubakka, sem hingað til hafa tilheyrt jörðinni Jórvík í Hjaltastaðarhreppi. # # #

Námur, jarðefni (möl og sandur) og jarðhiti á hinu selda landi eru undanþegin við sölu landsins.

Rísi ágreiningur um landamerki við hið selda land undanskilur seljandi sig allri ábyrgð.

#

Seljandi

Í landbúnaðarráðuneytinu

Halldór E. Sigurðsson

Kaupandi

f.h. Hjaltastaðarhrepps

S. Sigbjarnarson oddviti Hjaltastaðarhrepps

Vitundarvottar:

Bergur Sigurbjörnsson

Gunnar A. Guttormsson

Jarðanefnd Norður-Múlasýslu

Þorsteinn Kristjánsson



Landamerki

milli jarðanna Víðvalla ytri I og Víðivalla ytri II gerð af eigendum nefndra jarða að viðstöddum úttektarmönnum hreppsins þeim Guttormi V. Þormar, hreppstjóra, Geitagerði og Benedikt Friðrikssyni, bónda, Hóli.

Lýsing:

Að neðan við ármót Jökulsár og Keldár, merkt með landamerkjasteini á eyrinni við Keldá, úr honum bein lína í vörðu á Millukletti, þaðan í Hlíðarhúsalækjargil sunnan við Hlíðarhúsahjalla, með Hlíðarhúsalæk upp í Neðri-Stangarbrún. Þaðan út í Flatahraun. Úr Flatahrauni um Sandgil yfir Víðivallaháls í Gilsárfoss.

Innan landamerkja Víðivalla II er girðing frá Víðivöllum I, sem takmarkast að ofan úr Hlíðarhúsalækjargili inn í Háaklett og að neðan úr landamerkjalínu í Brattamel og að framan úr Brattamel í Háaklett.

Innan landamerkja Víðivalla I er Veturhúsaeyri, sem tilheyrir Víðivöllum II, er takmarkast af Mórauðalæk að framan, Illahöfða, að utan, Þjóðvegi að ofan og Jökulsá að neðan.

Skógræktargirðing innan landamerkja Víðivalla I, skiftist að jöfnu milli jarðanna.

Vísast í því sambandi til skiptagerðar, sem er í vörslu Skógræktar ríkisins.

Víðivöllum ytri II 15.7. '79.

Hallgrímur Þórarinsson eigandi að Víðivöllum ytri I

Þórarinn Rögnvaldsson eigandi að Víðivöllum ytri II